

ADR Kennslubók



ADR skólinn ehf 2021

ADR Kennslubók
©ADR skólinn 2021
Texti: Jóhannes Helgason

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Kafli 1 – ADR námskeið.....	6
ADR námskeið	6
Endurmenntun	7
Skírteini	7
Kafli 2 - Yfirlit um hættuleg áhrif efna, mælieiningar og skilgreiningar	9
Kafli 3 – Lög og reglur sem fjalla um ADR	12
Aðrar flutningsaðferðir.....	13
Kafli 4 - Ábyrgð mismunandi aðila í ADR flutningum.....	14
Ábyrgð og skyldur mismunandi aðila	15
Kafli 5 - ADR hættuflokkarnir og varúðarmerkin	17
Flokkur 1 - sprengifim efni og hlutir.....	19
Hættu og aðskilnaðarflokkar sprengiefna	21
Samlestun á sprengiefnum og magn á ökutæki	23
Flokkur 2 - Lofttegundir.....	26
Flokkur 3 - Eldfimir vökvar	26
Flokkur 4.1 - Eldfim föst efni.....	27
Flokkur 4.2 - Sjálfvendrandi efni	28
Flokkur 4.3 – Efni sem mynda eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn.....	28
Flokkur 5.1 - Eldnærandi efni	29
Flokkur 5.2 - Lífræn peroxíð.....	29
Flokkur 6.1 - Eiturefni.....	30
Flokkur 6.2 - Smitefni	30
Flokkur 7 – Geislavirk efni	31
Flokkur 8 - Ætandi efni	31
Flokkur 9 – Önnur hættuleg efni	32
Varúðarmerki og merking þeirra.....	33
Kafli 6 - UN-númer og pökkunarflokkar	36
UN – númer, hvað er það?	36
Pökkunarflokkar	38
Kafli 7 - Umbúðir og merkingar umbúða	39
Sérreglur vegna ADR stykkjavöru flutninga.....	39
Umbúðagerðir.....	40
Lofttegundir og umbúðir	42
Viðurkenningarmerkingar umbúðaframleiðanda	43
Sérreglur fyrir sprengiefna umbúðir.....	45

Kafli 8 Tankar	47
Mismunandi tankar, búnaður og áfyllingarmagn	47
Smíði og kröfur til tanka	50
Mismunandi gerðir ökutækja	52
Kafli 9 - Flutningsskjöl og fylgibúnaður	56
ADR - Farmbréf	56
Tungumála reglur fyrir farmbréf	62
Viðurkenningarvottorð ökutækja	62
Flutningsslysablað og fylgibúnaður	63
Öryggisbúnaður í ökutækjum.....	64
Reglur um slökkvitæki	65
Kafli 10 - Samlestun	66
Samlestunartafla	67
Kafli 11 Merking ökutækja.....	69
Hættunúmer	69
Merking ökutækja -Kassabílar	71
Merking ökutækja – gámaflutningar	71
Merking ökutækja í tankaflutningum.....	71
Merkingar ökutækja í sprengiefnaflutningum.....	75
Eftirlit með ADR flutningum	76
Kafli 12 - Akstur gegnum jarðgöng, sérstök flutningsákvæði og vöktunarákvæði	77
Jarðgangnaflokkar	78
Kafli 13 Almenn flutningsákvæði.....	83
Sérákvæði fyrir flutning á hættulegum farmi, vöktun o.fl. (sbr. 19. dálk í töflu A). .	84
Kafli 14 - Undanþágur í ADR.....	90
Kafli 15 Uppdælutankar og flutningur á upphituðum efnumi	93
Viðauki 1 ADR flutningsslysablað	95
Viðauki 2. Hættumerki og áletrun þeirra.	99
Viðauki 3.....	102
Sérákvæði fyrir tiltekinn hættulegan farm (efni/hlutur) sbr. 6. dálk í töflu).	102
Sérákvæði fyrir flutning á stykkjavöru (sbr. 16. dálk í töflu A).	119
Sérákvæði (VV ákvæði) fyrir flutning á ósekkjuðum farmi sbr. 17. dálk í töflu A.	
.....	121
Sérákvæði (CV ákvæði) fyrir flutning á hættulegum farmi, lestun, losun o.fl.(sbr. 18. dálk í töflu A).	123
Viðauki 4 -Tafla B	125
Viðauki 5 – Tafla A	166


Inngangur

Þessi bók er ætluð sem kennslubók fyrir ADR réttindanámskeið ADR skólans og Netökuskólans. Þó að einnig megi nota bókina sem uppflettirit fyrir þá sem starfa við flutning á hættulegum farmi.

Bókin er byggð upp á sama hátt og námskeiðin og því ættu nemendur að eiga auðvelt með að nota hana sér til stuðnings á námskeiðinu og vonandi hjálpar hún þeim að rata um öngstræti ADR reglanna.

Í viðauka við bókina eru töflur A og B úr ADR reglunum þar sem upp eru talin heiti og UN númer efna. Auk þess er flutningslysablað í viðaukanum.

Athygli er vakin á því að þetta er kennslubók sem nota á sem hjálpargagn á námskeið en ekki ítarleg umfjöllun um allt sem fellur undir ADR reglurnar. Því er vel líklegt að þeir sem ætla sér að finna svör við sérhæfðari spurningum þurfi að leita í ADR frumgögn sem finna má meðal annars á netinu.



Kafli 1 – ADR námskeið

ADR námskeið

ADR námskeið eru fjögur talsins og veita réttindi til að flytja margar gerðir af hættulegum farmi bæði sem stykkjavöru og í tönkum. Námskeiðin skiptast í almenn (grunn) réttindi og sérstök réttindi.

Námskeiðin eru:

HEITI NÁMSKEIÐS	RÉTTINDI TIL AÐ FLYTJA	LENGD NÁMSKEIÐS	NETNÁMSKEIÐ
GRUNNNÁMSKEIÐ	Hættuleg efni í stykkjavöru	18 kennslustundir	Nei
TANKAFLUTNINGAR	Hættuleg efni í tönkum	12 kennslustundir	Já
SPRENGIFIM EFNI	Sprengifim efni	8 kennslustundir	Já
GEISLAVIRK EFNI	Geislavirk efni	8 kennslustundir	Nei

Alltaf þarf að byrja á því að taka grunnnámskeiðið (almenn réttindi), það er forsenda þess að hægt sé að bæta við sig hinum námskeiðunum (sérstök réttindi).

Námsefni.

ADR námskeiðum lýkur alltaf með prófi og skal próftaki kunna skil á eftirfarandi námsefni.

Grunnnámskeið:

- almennum fyrirmælum um flutning á hættulegum farmi;
- helstu áhættuþáttum;
- upplýsingum um umhverfisvernd sem lið í eftirliti með flutningi á spilliefnum og úrgangi;
- forvörnum og öryggisráðstöfunum sem eiga við mismunandi áhættu;
- hvað gera skal þegar slys eða óhapp ber að höndum (hjálp í viðlögum, umferðaröryggi, grundvallarþekking á notkun varnarbúnaðar o.s.frv.);
- hættu- og varúðarmerkjum sem notuð eru til viðvörunar vegna flutnings á hættulegum farmi;
- hvað stjórnanda ökutækis ber að gera þegar hættulegur farmur er fluttur;
- tilgangi og stjórn tæknibúnaðar ökutækis sem notað er til að flytja hættulegan farm;
- banni við að blanda tilteknum farmi (efni) í sama ökutæki eða gámi;
- varúðarráðstöfunum sem huga ber að við fermingu og affermingu á hættulegum farmi;
- almennum upplýsingum um hver ber ábyrgð við flutning á hættulegum farmi;
- almennum upplýsingum um flutninga sem falla undir fleiri en eina tegund flutninga (t.d. land-, sjó- eða loftflutninga);
- meðhöndlun og fermingu á pökkum sem innihalda hættuleg efni.

Tankaflutningar

- a. eiginleikum ökutækis á vegum, þ.m.t. um áhrif hreyfingar ökutækis á farm;
- b. sérstökum kröfum varðandi ökutæki;
- c. undirstöðuatriðum varðandi mismunandi búnað við lestun og losun;
- d. viðbótarákvæðum varðandi notkun slíkra ökutækja (viðurkenningarvottorð) og viður-kenningarmerkingar, hættumerkingar og merkingar með viðvörðunarkerkjum o.s.frv.

Flutningar á sprengifimum efnum í flokki 1

- e. sérstökum hættum tengdum sprengifimum efnum og flugeldum og tengdum varningi;
- f. sérstökum kröfum varðandi samlestun efna og hluta í flokki 1.

Geislavirk efni í flokki 7

- n. sérstökum hættum varðandi jónandi geislun;
- o. sérstökum kröfum varðandi umbúðir, meðhöndlun, samlestun og lestun á geislavirkum efnum;
- p. sérstökum aðgerðum sem grípa skal til við óhapp við flutning á geislavirkum efnum.

Endurmenntun

Samkvæmt reglugerð um ADR réttindi, þurfa handhafar ADR réttinda að sækja endurmenntunarnámskeið á 5 ára fresti. Ljúka þarf endurmenntunarnámi á síðustu 12 mánuðum áður en fimm ár eru liðin frá síðustu ADR námskeiðum. Á ADR endurmenntunarnámskeiðum á að fara yfir breytingar á ADR reglunum og rifja upp námsefni fyrri námskeiða.

Endurmenntunar námskeiðin:

NÁMSKEIÐ	RÉTTINDI TIL AÐ FLYTJA	LENGD NÁMSKEIÐS	NETNÁMSKEIÐ
GRUNNNÁMSKEIÐ	Hættuleg efni í stykkjavöru	11 kennslustundir	Já
TANKAFLUTNINGAR	Hættuleg efni í tönkum	8 kennslustundir	Já
SPRENGIFIM EFNI	Sprengifim efni	8 kennslustundir	Já
GEISLAVIRK EFNI	Geislavirk efni	8 kennslustundir	Nei

Skírteini

ADR skírteini


ADR skírteini eru gefin út af Vinnueftirliti ríkisins og er gldistími þeirra 5 ár greitt er fyrir það sérstaklega samkvæmt gjaldskrá Vinnueftirlitsins. Ef skírteinishafi nær ekki að endurnýja réttindin áður en þau renna út þá þarf hann að fara aftur í grunnnámskeiðin, sem er bæði dýrara og tímafrekara.

Skírteinið er endurnýjað með því að ljúka endurmenntunarnámskeiði/námskeiðum. Lengd endurmenntunarnámskeið er mismunandi eftir því hvaða námskeið er verið að endurnýja og samkvæmt ADR reglunum er það er ófrávíkjanleg regla að próftaki að standist próf í lok hvers námskeiðs

ADR skírteini

Vinnueftirlit ríkisins gefur út ADR-skírteini til fimm ára í senn eftir því sem við á fyrir almenn (grunn) réttindi eða einn eða fleiri flokka sérstakra réttinda. Form þess skal vera í samræmi við XVII viðauka ADR reglugerðarinnar.

ADR réttindi gilda um nánast alla Evrópu og þessvegna eru ADR skírteini í grunninn öll eins uppbyggð þó að þau séu kannski eilítið frábrugðin að lit.-Hér að neðan má sjá dæmi um dönsk og ensk skírtein. Á bakhliðinni má svo sjá hvaða réttindi skírteinishafi hefur. Íslensku skírteinin eru einlit hvít á litin.



Kafli 2 - Yfirlit um hættuleg áhrif efna, mælieiningar og skilgreiningar

Hvaða efni eru hættuleg?

Til eru margir hópar efna með mismunandi eiginleikum. Það þýðir líka að efnahættur geta verið margskonar. Sum efni eru hættulaus eða hafa mjög litla hættu í för með sér á meðan önnur eru mjög hættuleg.

Einhvernvegin þarf að finna út hvaða efni eru hættuleg og til að skilgreina það er notast við við reglugerð 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sem byggir á evróputilskipun nr. 1272/2008. Sú reglugerð er oft kölluð CLP (classification, labelling, packaging) reglugerðin. Í reglugerðinni má finna lista yfir efni sem teljast vera hættuleg. Reglugerðin segir líka að hættuleg efni eigi að merkja á ákveðin hátt og er merkingarkerfið sem notast er við kallað GHS (Global harmonized System) kerfið. Bæði Umhverfisstofnun og Vinnueftirlitið eru með ítarefni um hættumerkingar efna á heimasíðum sínum.

Á hættulegum efnum á að vera:

- Viðvörðunarkerki
- Hættusetningar og varúðarsetningar sem lýsa og vara við hættunni
- Upplýsingar um meðhöndlu og geymslu

Hættumerki í GHS kerfinu

GHS kerfið er með tígullaga varúðarmerki sem eiga vera utan á umbúðum utan um efni. GHS varúðarmerkin eru ólík ADR varúðarmerkjunum þó að ýmislegt sé líkt með þeim.

Eftirfarandi merki eru í notkun:

Heilsuskaði



Alvarlegur heilsuskaði



Ætandi



Eldnærandi



Eldfimt



Bráð eituráhrif



Sprengifimt



Gas undir þrýstingi



Hættulegt umhverfinu



Leiðir efna inn í líkamann

Hvernig efni menga og hver áhrifin verða fer eftir eiginleikum efnanna sem um ræðir. Alltaf er samt mikilvægt að forðast að verða fyrir mengun frá efnum, þó að þau séu ekki flokkuð sem bráðhættuleg.

Til að efni hafi áhrif þurfa þau að komast inn í eða á líkamann. Efni hafa þrjár leiðir inn í líkamann sem að vísu eru misjafnlega aðgengilegar, þessar leiðir eru:

- Gegnum öndunarfæri
- Gegnum húð
- Gegnum meltingarveg

Mikilvægt er að vernda þessar leiðir inn í líkamann. Ef ekki er hægt að fjarlægja efnin úr umhverfinu þá verður að notast við persónuhlífar eins og t.d. með hanska og grímur.

Áhrif efna flokkas síðan frekar niður eftir því hvort að áhrifin eru:

- a. **Bráð.** - Bráð áhrif þýðir að tjónið verður strax, t.d. sýra á húð
- b. **Síðbúin.** - Síðbúin áhrif þýðir að efni berast inn í líkamann og tjónið sem þau valda kemur í ljós löngu síðar, jafnvel mörgum árum. T.d. asbestmengun

Algengar efnahættur

Efnahættur er margvíslegar og misjafnlega miklar líkur eru á að maður verði fyrir þeim. Til dæmis eru afar litlar líkur á því að verða fyrir hættulegri geislavirkni frá geislavirkum efnum en mun meiri líkur eru á að ætandi þvottaefni slettist á mann.

Dæmi um nokkrar algengar efnahættur:

- Bruni vegna hita eða elds frá efnum sem hvarfast á kröftugan hátt
- Ætisár á húð/slímhúð vegna ætandi efna (sýru/lúta)
- Sprengihætta vegna t.d. lofttegunda undir þrýstingi eða gasblöndunar við andrúmsloft
- Eitranir vegna hættulegra lofttegunda eins og brennisteinsvetni eða kolmónoxíðs

Algengar mælieiningar

Hér á eftir förum við yfir nokkrar algengar mælieiningar og hugtök sem gott er að hafa í huga.

- Lengd efnis/hluta er mæld í: Metrum = m
- Þyngd efnis/hluta er mæld í: Kílógrömmum = Kg
- Rúmmál efnis/hluta er mæld í: Rúmmetrum = m³ eða lítrum = l
- Hitastig efna er mælt með: Gráðum á Celsius = °C
- Þrýstingur efna er mældur með: Pascal = Pa eða Börum = bar

Bræðslu- og suðumark

Bræðslumark efnis er það hitastig þegar efni fer úr föstu ástandi í fljótandi ástand.

Suðumark efnis er það hitastig þegar efni fer úr fljótandi ástandi yfir í það að vera lofttegund.

Fast efni ⇔ Vökvi ⇔ Lofttegund

Bræðslu og suðumark er mjög mismunandi milli efna

- Bræðslumark vatns er t.d. 0 °C og suðumark 100 °C, en
- Bræðslumark tréspíra er -98°C og suðumark 64,7°C

Eðlismassi er hlutfall massa og rúmmáls t.d. kg/m³ (g/cm³).

Dæmi: Eðlismassi vatns er 1000 kg/m³ (1 g/cm³) við 20 °C.

- Efni með eðlismassa lægri en 1 g/cm³ sem ekki leysast í vatni – fljóta á vatni,
- Efni með eðlismassa meiri en 1 g/cm³ sem ekki leysast í vatni – sökva í vatni.

Seigjustig segir til um hversu treg- eða léttfljótandi vökvi er. Mælieiningin fyrir seigjustig heitir Stokes/St eða cSt. 1 St = 100 cSt

- Hátt seigjustig = tregfljótandi vökvi
- Lágt seigjustig = léttfljótandi (þörf á skjótum viðbrögðum við óhapp)
- Seigjustig er háð hitastigi, því hærra hitastig því lægra seigjustig.

Gufuþrýstingur er þrýstingur efnis í gufuformi í lokuðu íláti við ákveðið hitastig

- Efni með háan gufuþrýsting við venjulegt hitastig er kallað rokgjarnt.

Hlutfallslegur gufuþéttleiki er þyngd lofttegundar miðað við andrúmsloft (andrúmsloft = 1)

- Efni með hlutfallslegan gufuþéttleika >1 eru þyngri en andrúmsloft (leita upp)
- Efni með hlutfallslegan gufuþéttleika <1 eru léttari en andrúmsloft („leggjast“ á jörðina)

Blossamark efnis er lægsta hitastig efnisins þar sem hægt er kveikja í brennanlegu gastegundunum sem losna frá því

- Flest í kringum okkur er brennanlegt en það þarf mismikinn hita til að kvikni í hlutum. Sem dæmi er blossamark bensíns í kringum -40°C en blossamark jurtaolíu er 327°C

Íkveikjumark efnis er hitastigið sem efni er við þegar kviknar af sjálfsdáðum í brennanlegum lofttegundum efnisins. Við íkveikjumark efnis þarf sem sagt ekki utanaðkomandi hitagjafa (eins og eld eða neista) til að kveikja í þessum brennanlegu lofttegundum. Íkveikjumark efnis er töluvert hærra en blossamark þess.

- Sjálfsíkveikjuhitastig bensíns liggur á bilinu 280°C og 470°C á meðan sjálfsíkveikjumark jurtaolíu er 424°C

Sprengimörk

Til að sprengifim blanda andrúmslofts og efnagufa geti myndast, þarf að vera til staðar hæfilegt magn af gufum og hæfilegt magn af andrúmslofti (súrefni í andrúmslofti).

Ef of mikið eða of lítið er af öðrum hvorum þættinum er blandan ekki sprengifim.

Sprengimörk eru því skilgreind sem það hlutfall af sprengifimri lofttegund í andrúmslofti sem skapar sprengihættu.

0% gas ⇒ neðri mörk ⇒ sprengihætta ⇐ efri mörk ⇐ 100% gas

Sprengimörk fyrir nokkur algeng efni:

Bensín: 0,6 – 8%

Própan: 1,9 – 9,5%

Metan: 4,4 – 16,4%


Kafli 3 – Lög og reglur sem fjalla um ADR

Fyrsti ADR, Evrópusamningurinn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum var undirritaður í Genf þann 30. september 1957, og hefur í árana rás tekið miklum breytingum. Í dag gildir Evróputilskipun 2008/68/EB en í l. viðauka hennar er kveðið á um að viðaukar A og B við ADR-samninginn eins og þeir eru hverju sinni skuli gilda um millilandaflutninga og flutninga innanlands á hættulegum farmi í aðildarríkjum Evrópusambandsins og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ísland hefur svo sína eigin reglugerð sem fjallar um ADR. Hún heitir “*Reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi*”.

Í stuttu máli þá má taka eftirfarandi punkta saman um ADR

- a. ADR reglurnar eru alþjóðleg réttindi sem gilda um flutning á hættulegum farmi á vegum. Reglurnar gilda í Evrópu en einnig í nokkrum löndum utan Evrópu
- b. ADR er skammstöfun á “*Accord Dangereux Routier*” sem er Evrópusamningur um alþjóðlegan flutning á hættulegum farmi á vegum
- c. ADR reglurnar eru uppfærðar á tveggja ára fresti. Nýjasta útgafan er frá 1. janúar 2021 og verður uppfærð næst 1. janúar 2023
- d. ADR reglurnar gilda við flutning á hættulegum farmi á vegum og utan vega en þær gilda ekki um flutning á hættulegum farmi innan lokaðs athafnasvæðis.
 - Dæmi um slík svæði væri til dæmis lokað athafnasvæði í kringum verksmiðju, höfn eða flugvöll.



Lönd sem fara eftir ADR
mynd úr ADR sáttmálanum

Aðrar flutningsaðferðir

ADR reglurnar gilda bara um flutning á hættulegum farmi á vegum en það eru líka til aðrar flutningsaðferðir fyrir hættulegan farm. Þær flutningsaðferðir byggja á sömu grunnstoðum og ADR reglurnar þannig að merkingar og flokkun á hættulegum farmi breytist ekki þó að verið sé að færa farminn á milli flutningsaðferða, t.d. úr skipi og yfir á bíl.

Aðrar flutningsaðferðir á hættulegum varningi sem nota sama reglugrunn og ADR eru eftirfarandi:

FLUTNINGSLEIÐ	HEITI REGLNA	Í GILDI Á ÍSLANDI
Á SJÓ	IMDG kóðinn	Já
Í LOFTI	DGR reglur	Já
JÁRNBRAUT	RID reglur	Nei
VATNALEIÐIR	ADN reglur	Nei

Skammstafanir

- IMDG = *international dangerous goods code*
- DGR = *dangerous goods by air*
- RID = *réglement concernant le transport international ferroviare des marchandises dangereuses*
- ADN = *international carriage of dangerous goods by inland waterways*

Kafli 4 - Ábyrgð mismunandi aðila í ADR flutningum

Allir sem koma að flutningi hættulegs farms eiga að sýna varúð þannig að sem minnst hætta sé á líkams- og heilsutjóni, svo og eignatjóni eða umhverfisspjöllum.

Áður en hættulegur farmur er fluttur, skal gengið úr skugga um að umbúðir og merking farmsins séu fullnægjandi. Ökutæki og búnaður, sem notuð eru við flutninginn, skulu vera í þannig ástandi að ekki stafi hætta af.

Ekki má afhenda hættulegan farm til flutnings þeim sem ljóst er að ekki hefur kunnáttu eða búnað til þess flytja farminn svo fyllsta öryggis sé gætt.

Þetta þýðir að allir aðilar í flutningskeðjunni verða að þekkja hlutverk sitt.



Ýmislegt getur gerst. Íslenskt slys frá 2017

Flutningskeðja samanstendur af öllum þeim aðilum sem koma að flutningi efna, allt frá framleiðslustað efnis til notkunarstaðar.

Í einfaldri flutningskeðju eru eftirfarandi hlekkir:

Pökkun – vörunni er pakkað í umbúðir

Sendandi – varan er send kaupanda

Lestun – varan er lestuð á bíl

Flutningsaðili – flytur vöruna á áfangastað

Móttakandi – tekur á móti vörunni

Allir aðilar flutningskeðjunnar bera ákveðna ábyrgð og þurfa að vita hvað þeim ber að gera

Ábyrgð og skyldur mismunandi aðila

Sá sem setur hættulegan farm í umbúðir og merkir þær.

- a. Sá sem setur hættuleg farm í umbúðir og merkir þær skal:
- b. sjá um að farið sé eftir ákvæðum í ADR-reglum um umbúðir og hvaða varning setja megi saman í umbúðir;
- c. fylgja ákvæðum í ADR-reglum um merkingu umbúða.

Sendandi hættulegs farms

Sendandi hættulegs farms skal:

- a. sjá um að farmurinn sé rétt flokkaður í samræmi við ADR áður en hann er afhentur til flutnings og ganga úr skugga um að leyfilegt sé skv. töflu A að flytja farminn;
- b. sjá um að umbúðir séu í samræmi við ákvæði ADR-reglna og að þær séu rétt merktar;
- c. láta þeim sem flytur farminn í té farmbréf þegar hann er afhentur til flutnings;
- d. afhenda þeim sem flytur farminn aðrar nauðsynlegar upplýsingar um flutninginn en koma fram í farmbréfi;
- e. gæta þess að nota einungis viðurkenndar umbúðir og að þær séu rétt merktar;
- f. gæta þess að nota einungis viðurkenndan tank;
- g. fylgja reglum varðandi þá flutningsaðferð sem notuð er;
- h. sjá um að tómur, óhreinsaður tankur og aðrar umbúðir séu merktar á fullnægjandi hátt, lokaðar og eins þéttar og þegar hættulegur farmur er í þeim;
- i. ábyrgjast að farmurinn, sem afhentur er til flutnings, uppfylli skilyrði ADR-reglna.

Sá sem lestar hættulegan farm.

Sá sem lestar hættulegan farm skal:

- a. gæta þess að leyfilegt sé skv. töflu A að flytja farminn;
- b. ganga úr skugga um að umbúðir farmsins séu óskemmdar;
- c. fylgja í hvívetna reglum um lestun og meðferð farmsins;
- d. gæta þess að gámur sé rétt merktur;
- e. gæta þess að ekki séu fluttar tegundir farms sem ekki má flytja saman;
- f. gæta þess að virtar séu reglur um nálægð hættulegs farms þegar í farmi eru matvörur, aðrar neytendavörur eða fóðurvörur.

Sá sem dælir eða fyllir á tank.

Sá sem dælir hættulegum farmi eða fyllir á tank skal:

- g. sjá um að tankur og búnaður tengdur honum sé í lagi og óskemmdur áður en farmurinn er settur í hann;
- h. ganga úr skugga um að í gildi sé vottorð fyrir ökutæki, tank, gámatank og tankasamstæður;
- i. sjá um að eingöngu sé settur sá farmur í tank sem leyfilegt er að flytja í honum;
- j. sjá um að mismunandi hættulegur farmur, sem ekki má flytja saman, sé ekki settur í samliggjandi hólfi;

- k. sjá um að farið sé eftir lið 4.3.2.2 í 4. kafla ADR-reglna um hámark þess magns sem setja má í tank;
- l. ganga úr skugga um eftir að farmur er settur í tank að tankurinn leki ekki;
- m. ganga úr skugga um að ekki séu leifar eða óhreinindi af hættulegum efnum utan á tanki eftir að farmurinn hefur verið settur í hann;
- n. ganga úr skugga um að ökutæki, tankur og gámatankur séu rétt merktir.

Sá sem flytur hættulegan farm

Sá sem flytur hættulegan farm skal ganga úr skugga um:

- a. að flytja megi farminn;
- b. að skjöl, sem fylgja skulu farminum, séu í ökutækinu;
- c. að ökutæki, sem notað er til að flytja farminn, sé í lögmæltu ástandi, t.d. hvort leki, eða sprungur séu til staðar og að allur búnaður sé í lagi; sama gildir um farminn eftir því sem við á;
- d. að vottorð fyrir tank sé í gildi;
- e. að heildarþyngd ökutækis sé ekki meiri en heimilað er;
- f. að hættumerki og varúðarmerki séu í lagi og ökutækið rétt merkt;
- g. að fylgibúnaður, sem tilgreindur er á flutningslysablaði, sé til staðar í ökutækinu.
- h.** Sá sem flytur hættulegan farm skal taka mið af upplýsingum frá **sendanda**.
- i. Sá sem flytur hættulegan farm, skal sjá um að ökumaður og eftir atvikum aðstoðarmaður hans fái flutningslysablað á tungumáli sem þeir skilja.
- j. Ganga skal úr skugga um að áhöfnin kunnir skil á flutningslysablaðinu og hvernig framfylgja skuli ákvæðum þess.

Sá sem hættulegur farmur er fluttur til (móttakandi).

Móttakandi hættulegs farms skal sjá um að:

- a. nauðsynleg sótthreinsun ökutækis og gáms fari fram, svo og önnur hreinsun sem hann ber ábyrgð á;
- b. taka merkingar af gámi þegar hann hefur verið losaður og hreinsaður.

Kafli 5 - ADR hættuflokkarnir og varúðarmerkin

Hvað er hættulegur varningur?

Til að hægt sé að búa til og nota reglur sem fjalla um flutning á hættulegum varningi þá er það grundvallaratriði að vita hvaða efni eru hættuleg og af hvaða toga sú hættu er. Það þarf því að:

1. Vera hægt sé að skera úr um það hvað er hættulegur varningur og
2. Vera til einhverskonar flokkunarkerfi sem flokkar efni niður eftir hættulegum eiginleikum þeirra.

Þetta er leyst með því að efnum er raðað í hættuflokka samkvæmt tillögum frá sérfræðinganefnd á vegum sameinuðu þjóðanna. Við niðurröðun í hættuflokka fer sérfræðinganefndin eftir hættulegum eiginleikum efnanna, t.d. hvort þau hafa einn eða fleiri af eftirtöldum eiginleikum:

- eru sprengifim
- eru eldfim
- eru sjálfþendrandi
- eru eitruð
- eru geislavirk
- eru ætandi

Hættuflokkar sameinuðu þjóðanna og ADR

Hættuflokkun efna í ADR byggir því á hættuflokkunarkerfi frá sameinuðu þjóðunum.

Númer hættuflokksins segir til um þá hættu sem stafar af efninu, t.d. merkir hættuflokkurinn „1“ sprengifimur vökvar og hættuflokkurinn „3“ eldfimur vökvar.














Þetta hættuflokkunarkerfi nær frá einum og upp í níu en samtals eru flokkarnir samt **þrettán** því að sumir flokkar eru skilgreindir í undirflokkum með aukastaf. Til dæmis flokkar 4.1, 4.2 og 4.3. Auk þess er sumum flokkum skipt meira niður, t.d. sprengiefnum (sjá kafla um sprengiefni).

Allir hættuflokkarnir hafa sitt eigið varúðarmerki sem auðkennir þá á einfaldan hátt frá öðrum hættuflokkum. Varúðarmerkin eru tígullaga, í mismunandi litum og með mynd sem lýsir hættunni



Hættuflokkar sameinuðu þjóðanna

Hættulegur farmur skiptist í eftirgreinda flokka í samræmi við 2. hluta viðauka A í ADR-reglum, sbr. töflu A:

<u>Flokkur</u>		<u>Hætta</u>
1		Sprengifim efni/hlutir
2		Loftegundir
3		Eldfimir vökvar
4.1		Eldfim föst efni, sjálfhvarfandi föst efni, efni á föstu formi sem gerð hafa verið hlutlaus
4.2		Efni með hættu á sjálfþendrun
4.3		Efni sem mynda eldfimar lofttegundir með vatni
5.1		Eldnærandi efni
5.2		Lífræn peroxíð
6.1		Eiturefni
6.2		Smitefni
7		Geislavirk efni
8		Ætandi efni
9		Önnur hættuleg efni

Á næstu blaðsíðum má sjá yfirit yfir hættuflokkana, helstu hættur og varúðarmerki.

Flokkur 1 - sprengifim efni og hlutir

Í þessum flokki eru ýmskonar sprengifim efni og hlutir. Ýmsar sérreglur gilda um flutning á sprengiefnum. Flutningur á sprengiefnum fellur því ekki undir grunnnámskeiðið (almennt námskeið) sem veitir réttindi til flutnings á hættulegum farmi í stykkjavöru heldur er kenndur á sérnámskeiði. Þar er farið nánar yfir þær reglur sem fylgja flutningnum.

Margskonar sprengiefni eru í flutningi en þó eru sumar gerðir sprengiefna mun algengari en aðrar. Dæmi um algeng efni þessum flokki eru t.d.:

- Sprengiefni og hvellhettur
- Skotfæri
- Skoteldar og neyðarblys
- Varúðarmerki

Notkun varúðarmerkja fyrir flokk 1 getur verið eilítið ruglingsleg þar sem undirflokkarnir eru sex en merkin eru bara fjögur.

Sama merkið er notað fyrir flokk 1.1, 1.2 og 1.3 en flokkar 1.4, 1.5 og 1.6 hafa sitt eigið merki

Eftirfarandi viðvörðunarkerki eru notuð fyrir hættuflokk 1:



Sprengiefni

Sprenging verður þegar fast efni fer yfir í loftkennt ástand á mjög stuttum tíma. Við það að efni fer úr föstu ástandi yfir í loftkennt ástand eykst rúmmál þess mjög mikið (jafnvel þúsundfalt) á mjög skömmum tíma (millisekúndum) og við það myndast hiti og þrýstibylgja. Það er svo þessi þrýstibylgja sem t.d. mylur berg í námavinnslu.

Sprengiefni (eða sprengifimt efni) er efni sem inniheldur mikið magn af orku sem getur framkallað sprengingu ef hún losnar skyndilega, venjulega fylgir þessari orkulosun ljós, hiti, hljóð og þrýstingur.

Sprengihleðsla er mælt magn af sprengiefni, sem getur annað hvort verið samsett eingöngu úr einu innihaldsefni eða verið blanda sem inniheldur að minnsta kosti tvö efni

Hröð og hæg sprengiefni - flokkun

Sprengiefni má flokka eftir því hversu hratt þau þenjast út. Efni sem springa með svo miklum krafti að þrýstibylgjan fer hraðar en hljóðhraði eru sögð vera „hröð sprengiefni“ og efni sem brenna hægar eru sögð vera „hæg sprengiefni“.

Sprengiefni má einnig flokka eftir næmi þeirra. Viðkvæm efni sem hægt er að koma af stað með tiltölulega litlum hita eða þrýstingi eru kölluð frumsprengiefni og efni sem eru tiltölulega ónæm eru annars eða þriðja stigs sprengiefni.

Gott er að hafa í huga að margskonar efni geta sprungið og fæst þeirra eru framleidd sérstaklega í þeim tilgangi að nota sem sprengiefni. Mörg efni sem eru sprengifim eru talin of hættuleg, viðkvæm, eitruð, dýr, óstöðug eða viðkvæm til að henta sem sprengiefni

ADR flokkun á sprengiefni

ADR reglurnar flokka sprengiefni niður eftir ákveðnum reglum útfrá því hversu hættuleg þau eru og af hvaða toga hættan er.

Sprengiefni og sagan

Til eru fjölmörg mismunandi sprengiefni í heiminum sem notuð eru í mismunandi tilgangi. Sum eru notuð í hernaði önnur við mannvirkjagerð og sum eins og til dæmis flugeldar eru til skemmtunar. Flest þessi sprengiefni eru lítið flutt á vegum á Íslandi

Hér á eftir fylgir stutt samantekt á sögu sprengiefna og hvaða sprengiefni er líklegast að „rekast“ á í flutningum hérlendis.

Svartpúður – elsta sprengiefnið. Blanda af saltpétri (kalíumnítrati), brennisteini og kolum. Líklegt er talið er að það eigi uppruna sinn í Kína á 10. Öld. Á 17. öld var svartpúður notað sem sprengiefni í námum í Þýskalandi (1613) og í Ungverjalandi (1627). Notkun þess sem sprengiefni í námavinnslu breiddist hægt út en var þó þekkt víða um aldamótin 1700 Á nítjándu öld tóku önnur betri sprengiefni við af svartpúðinu og í dag er svartpúður aðallega notað sem drifefni í skoteldum/flugeldum og er sem slíkt flutt í miklu magni hérlendis í kringum áramót

Nítróglýserín, var uppgötvað af ítölskum efnafræðingi, Ascanio Sobrero, árið 1846. Fyrst kallað pyroglycerin en varð fljótt þekkt sem nítróglýserín eða sprengingarólía. Nítróglýserín er mjög viðkvæmt sprengiefni og áhættusamt er að framleiða það og sprengja. Það var því lítið notað sem sprengiefni þar til Immanuel Nóbél og sonur hans Alfred fóru að framleiða það og fundu upp sprengihettu sem jók mjög á öryggið við notkun þess.

Dýnamít – Fundið upp af Alfreðs Nóbels árið 1867. Grundvöllur uppfinningarinnar var uppgötvunarinnar var að kísilgúr gleypir í sig mikið magn af nítróglýseríni og til varð blanda sem sem var miklu öruggari og auðveldari í notkun en nítróglýserín eitt og sér. Með því að breyta hlutfalli nítróglýseríns og annarra innihaldsefna bætti Nóbél ekki aðeins skilvirkni dýnamíts heldur gat hann einnig búið það til í mismunandi styrkleika.

Ammoníumnítrat - Næsta mikilvæga skref í þróun á dýnamíti var að skipta hluta nítróglýserínsins út fyrir ammóníumnítrat og úr því varð til öruggari og ódýrarari vara. Ammoníumnítrat er mikið notað í sprengiefni í dag.

ANFO- Árið 1955 fóru menn að nota ammoníumnítrat-eldsneytisólíublöndur (ANFO) sem sprengiefni og er það líklega mest notaða sprengiefni í mannvirkjagerð í dag. Bæði ANFO og vatnsgel má afhenda í lausu með sérstökum flutningabílum og dæla beint í borholur.

Vatnsgel (slurry) (1958) - Upphaflega blöndur af ammóníumnítrati, TNT, vatni og gelatíniserandi efnum. En seinna blandað öðrum efnum. Vatnsgel hafa marga kosti. Meðal þeirra er að þau eru kraftmikil, hafa mikið vatnspól, „sveigjanleika“ sem gerir þeim kleift að fylla borholur, þau eru hagkvæm, það er auðvelt að vinna með þau og þau eru örugg

Hættu og aðskilnaðarflokkar sprengiefna

Flokkun sprengiefna

Sprengiefni falla í hættuflokk 1 (sprengifim efni og hlutir)

Hættuflokkur 1 skiptist niður í sex ólíka undirflokka. Þetta eru undirflokkar 1.1, 1.2, 1.3, 1.4, 1.5 og 1.6

Auk þess eru sprengiefni flokkuð í svokallaða **aðskilnaðarflokka**

Aðskilnaðarflokkar sprengiefna segja til um hvaða efni meg **flytja og geyma saman**.

Aðskilnaðarflokkarnir eru 13 og eru táknaðir með bókstöfum A, B, C, D, E, F, G, H, J, K, L, N og S

Hættuflokkur 1

Samkvæmt grein 2.2.1.1.5 í ADR reglunum eru undirflokkar í hættuflokki eitt skilgreindir á eftirfarandi hátt

Undirflokkur 1.1 Efni og hlutir sem hafa hættu á heildarsundrun (heildarsundrun er sprenging sem hefur áhrif á nánast allt sprengiefnið á nánast sama tíma). *Flest hættulegasta sprengiefnið er í þessum flokki.*

Undirflokkur 1.2 Efni og hlutir þar sem hætta er á að hlutir kastist/varpist frá sprengingunni en það er ekki hætta á heildarsundrun.

Undirflokkur 1.3 Efni og hlutir sem af stafar eldhætta og annað hvort minniháttar sprengihætta eða minniháttar líkur á að hlutir kastist frá sprengingunni eða bæði. Ekki er hætta á heildarsundrun:

- a) bruni í efninu getur valdið verulegum geislahita; eða verið á þann veg að
- b) efni brenna hver á eftir öðrum og við það verða minniháttar sprengingar eða kast brota frá sprengistað eða hvort tveggja.

Undirflokkur 1.4 Efni og hlutir sem aðeins hafa í för með sér litla sprengihættu við kveikju eða gangsetningu meðan á flutningi stendur. Áhrifin eru að mestu leyti bundin við pakkningar og ólíklegt er að stór brot kastist langt frá sprengistað. Ytri eldur má ekki valda sprengingu á næstum öllu innihaldi pakkans.

Undirflokkur 1.5 Mjög ónæm sprengiefni. Springa af miklum krafti (heildarsundrun) en en eru svo ónæm að við eðlilegar flutningsaðstæður eru mjög litlar líkur á sprenging verði, jafnvel þó að eldur komi upp í efninu. Til að efni flokkist í flokk 1.5 er lágmarkskrafa að þau springi ekki þó að keveikt sé í þeim.

Undirflokkur 1.6 Mjög ónæm sprengiefni, ekki er hætta á heildarsundrun. Flokkurinn inniheldur aðallega afar ónæm efni sem hverfandi líkur eru á að springi fyrir slysi.

Aðskilnaðarflokkar sprengiefna

Sprengiefni eru flokkuð í aðskilnaðarflokka en slík flokkun segir til um hvaða efni meg **geyma** eða **flytja saman**. Eftirfarandi aðskilnaðarflokkar eru í notkun samkvæmt skilgreiningu í reglugerð nr. 510/2018:

A. Hreint frumsprengiefni.

B. Hlutur sem inniheldur frumsprengiefni og hefur færri en 2 kveikingarhindranir.

C. Sprengiefni þar sem brunaorkan umbreytist í hreyfíkraft að hluta eða hlutur sem inniheldur slíkt sprengiefni. Dæmi: púður í skotfæri, eldsneyti á eldflaugahreyfla.

- D. Sprengiefni til mannvirkjagerðar (flestar algeng sprengiefni sem seld eru hér á landi). Hlutir sem innihalda slík efni án kveikju eða drifefnis. Hlutir sem innihalda frumsprengiefni og tvær eða fleiri kveikingarhindranir. Dæmi: anólít, dínamít.
- E. Hlutur sem hefur að geyma tregt sprengiefni án kveikju, en með drifefni.
- F. Hlutur sem hefur að geyma tregt sprengiefni með kveikju og með eða án drifefnis.
- G. Eldfim efni (t.a.m. í flugeldum), eldfimir hlutir, sem einnig geta innihaldið sprengiefni.
- H. Hlutur sem inniheldur bæði sprengiefni og hvítan fosfór.
- J. Hlutur sem inniheldur bæði sprengifimt efni og eldfiman vökva eða hlaup.
- K. Hlutur sem inniheldur bæði sprengiefni og eitrefni **yfirleitt bannað að flytja**.
- L. Sprengifimt efni eða hlutur sem inniheldur sprengifimt efni og felur í sér sérstaka hættu sem krefst aðskilnaðar hvors þáttar.
- N. Hlutir sem innihalda sérlega óviðkvæmar hvellhettur.
- S. Efni eða hlutur sem er þannig pakkað og gerð að þau eiga ekki að geta valdið tjóni nema ef þau kynnu að lenda í eldi, sem verður af slysi. Dæmi: kveikjur í flugeldum.

Hættuflokkun sprengiefna

Þegar sprengiefni eru hættuflokkuð þá er ekki eingöngu horft til hættuflokksins heldur er líka miðað við aðskilnaðarflokk efnisins.

Hættuflokkur + Aðskilnaðarflokkur

Dæmi: Hættuflokkur fyrir dýnamít sem er í flokki 1.1 og í aðskilnaðarflokki D væri því skrifaður „dýnamít **1.1 D**“

Aðskilnaðarflokkur og varúðarmerki

Setja á aðskilnaðarflokk efnis inn í varúðarmerkið svo að auðvelt sé að sjá í hvaða aðskilnaðarflokki efnið er og haga flutningum og geymslu eftir þeim reglum sem um það gilda.



Hér má sjá varúðarmerki fyrir efni í hættuflokki 1.4 og í aðskilnaðarflokki S

Dæmi um algenga hættuflokka í flutningi eru:

Sprengiefni fyrir mannvirkjagerð	1.1D
Hvellhettur	1.1B/1.4B
Sprengipræðir (Nonel)	1.1B/1.4B/1.4S
Flugeldar/skoteldar	1.1G/1.2G/1.3G/1.4G/1.4S
Skotfæri/púður	1.1C/1.3C/1.4S
Neyðarblys	1.3G/1.4G

Sprengiefni af gerð A/B/C/D/E

Í ADR reglunum er aldrei talað um ákveðin vöruheiti eins og til dæmis dýnamít eða anfó. Enda hefur “dýnamít” mismunandi heiti eftir framleiðendum og ekki er hægt að telja upp öll þau vöruheiti sem eru í boði því þá væru töflur A og B mun lengri en þær eru í dag.

Þetta er leyst með því að tala um „Sprengiefni af gerð A/B/C/D/E“

Dæmi um þetta er:

Dýnamít er „Sprengiefni af gerð A“

og

Anfó er „Sprengiefni af gerð B“

Samlestun á sprengiefnum og magn á ökutæki

Farið eru betur yfir almennar reglur um samlestun í kafla 10 en hér verður farið yfir þær reglur sem gilda um samlestun á sprengiefnum.

Ein aðal samlestunarreglan er sú að sprengifim efni (hættuflokkur 1) má ekki lesta og/eða flytja með öðrum hættulegum farmi (á þessu eru samt nokkrar undantekningar). En það má heldur ekki lesta öll sprengifim efni saman. Það eru **aðskilnaðarflokkarnir** sem segja okkur hvaða sprengiefni má flytja saman á ökutæki.

Á næstu blaðsíðu er tafla úr reglugerð nr. 1077/2010 sem segir til um það hvaða aðskilnaðarflokka má flytja saman. Flytja má þá aðskilnaðarflokka saman sem eru merktir með X–i þar sem þeir skarast

Tafla sem sýnir hvaða sprengiefni megi geyma eða flytja saman.(V. viðauki)

Aðskilnaðarflokkar	A	B	C	D	E	F	G	H	J	L	N	S
A	X											
B		X		1)								X
C			X	X	X		X				2) 3)	X
D		1)	X	X	X		X				2) 3)	X
E			X	X	X		X				2) 3)	X
F						X						X
G			X	X	X		X					X
H								X				X
J									X			X
L										4)		
N			2) 3)	2) 3)	2) 3)						2)	X
S		X	X	X	X	X	X	X	X		X	X

X: = má lesta og geyma saman:

- 1) Pakka með hlutum úr aðskilnaðarflokki B og efni eða hluti úr aðskilnaðarflokki D má flytja í sama ökutæki ef varningurinn er í aðskildum hölfum eða hlutum ökutækisins og ökutækið hefur verið viðurkennt af lögbærum yfirvöldum eða aðilum sem þau viðurkenna þannig að ekki sé hætt á að sprenging í hlutum í aðskilnaðarflokki B geti flust yfir í efni eða hluti í aðskilnaðarflokki D.
- 2) Efni í flokki 1.6, aðskilnaðarflokki N, má einungis flytja með efnum í sama flokki og aðskilnaðarflokki ef fyrir liggur staðfesting á því að það skapi ekki hættu á sprengingu. Ef ekki skal meðhöndla efnið eins og það væri í flokki 1.1.
- 3) Ef flytja á efni í aðskilnaðarflokki N með efnum í aðskilnaðarflokkum C, D eða E skal meðhöndla það samkvæmt eiginleikum efna í aðskilnaðarflokki D.
- 4) Efni í aðskilnaðarflokki L má eingöngu flytja með efnum í sama aðskilnaðarflokki og af sömu tegund.

Hámarks magn á ökutæki

Til eru tvenns konar ökutæki fyrir sprengifíman farm, **EX II og EX III**.

Það gilda ákveðnar reglur um það hversu mikið má flytja af hverjum hættuflokki á hvorri gerðinni fyrir sig. Samantekt á þessu má sjá í töflunni hér að neðan sem tekin er úr reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi.

Tafla sem sýnir hámarks magn (þyngd í kg) sem flytja má af tilteknu sprengiefni (flokkur 1) miðað við mismunandi flokka ökutækis (vagnlestar).

Öku- tæki	Flokkur	1.1		1.2	1.3	1.4		1.5 og 1.6	Tómar óhreinsaðar umbúðir
	Hættu- flokkun	1.1A	Ekki 1.1A			Ekki 1.4S	1.4S		
EX/II		6,25	1.000	3.000	5.000	15.000	ótakmarkað	5.000	ótakmarkað
EX/III		18,75	16.000	16.000	16.000	16.000	ótakmarkað	16.000	ótakmarkað

Hætturöðun á hættuflokkum

Undirflokkar fyrir hættuflokk 1 teljast misjafnlega hættulegir

Það sem ræður hætturöðun er aðallega það hversu kraftmikið sprengiefnið er

Flokkunin er eftirfarandi:

Hættulegast	Minnst hættulegt
1.1 – 1.5 – 1.2 – 1.3 – 1.6 – 1.4	

Þegar flutt eru saman efni í hættuflokki 1.2 og 1.5 þá eru þau „hækkuð“ upp í hættuflokk 1.1.

Samkvæmt töflunni hér að ofan má t.d. sjá að flytja má 3000 kíló af sprengiefni af gerð 1.2 á EX II bíl en 5000 kíló af efni í flokki 1.3

Reglurnar eru þannig að ef flytja á efni í mörgum hættuflokkum saman **þá flokkast þau öll eftir hættulegasta flokknum**

Dæmi:

- A. Ef flytja á 3000 kg af efni í flokki 1.2 þá er ekki hægt að flytja neitt af efnum í flokki 1.3
- B. Ef flytja á 2000 kg af efni í flokki 1.2 þá er líka hægt að flytja 1000 kíló af efni í flokki 1.3 á sama ökutæki

Þó að ekki megi flytja efni á sama ökutæki mega þau þó vera á sama æki enda bíll og vagn flokkað sem sitt hvort ökutækið. En hámarks magnið sem gefð er upp í töflunni gildir þó fyrir allt ækið

Athugið að efni sem ekki má flytja saman á ökutæki mega ekki vera á sama farmbréfi

Flokkur 2 - Lofttegundir

Í þessum flokki eru ýmiskonar lofttegundir. Lofttegundir geta haft mismunandi hættur í för með sér og hafa því nokkur mismunandi varúðarskilti.

Lofttegundir þurfa að uppfylla nokkur mismunandi skilyrði til að geta flokkast sem lofttegund, t.d. vera í fullkomnu lofttkenndu ástandi við 20°C og eina loftþyngd (101,3 Kpa eða 1.013 bör).

Eftirfarandi viðvörðunarkerki eru notuð fyrir hættuflokk 2 (ekki skiptir máli hvort myndin er teiknuð með hvítum eða svörtum lit), stundum eru sömu varúðarkerki notuð fyrir mismunandi flokka en þá má skoða **tölustaf** neðst á merkinu til að sjá fyrir hvaða flokk merkið gildir:

Eftirfarandi viðvörðunarkerki eru notuð fyrir hættuflokk 2:



Vegna fjölbreytileika lofttegunda er floknum skipt í nokkra undirflokka.

1. Þjappaðar lofttegundir
2. Þéttar lofttegundir
3. Kældar lofttegundir
4. Uppleystar lofttegundir undir þrýstingi
5. Úðabrúsar og einnota hylki
6. Aðrir hlutir sem innihalda lofttegundir undir þrýstingi
7. Lofttegundir/loftsýni - ekki undir þrýstingi -> sérákvæði
8. Efni undir þrýstingi
9. Aðsoguð lofttegund

Flokkur 3 - Eldfimir vökvar

Í þessum flokki eru eldfimir vökvar. Eldfimir vökvar í hættuflokki 3 eru algengasti hættulegi farmurinn sem fluttur er.

Eldfimir vökvar þurfa að uppfylla nokkur skilyrði til að geta flokkast sem eldfimir vökvar, t.d.:

- Vera fljótandi við 20°C og eina loftþyngd
- Hafa blossamark undir 60°C

Eftirfarandi viðvörðunarkerki eru notuð fyrir hættuflokk 3:



Nokkrar undanþágur eru fyrir flokk 3 sem skipta máli í daglegum flutningum. Dæmi um þetta er að:

- Díselolía (UN 1202) er flokkuð í hættuflokk 3 þó að hún uppfylli í raun ekki kröfurnar (blossamark yfir 60°C).
- Mjög eitraðir eldfimir vökvar eru flokkaðir í hættuflokk 6.1 þó að þeir uppfylli einnig skilyrðin til að vera í hættuflokki 3
- Upphituð efni (t.d. fyrir malbikunarvinnu) sem venjulega myndu ekki flokkast í hættuflokk 3 eru flokkuð sem eldfimur vökvi meðan verið er að vinna með/afhenda þau upphituð.

Flokkur 4.1 - Eldfim föst efni

Í þessum flokki eru fjölbreyttur hópur efna sem má skipta í þrennt:

- Eldfim föst efni og hlutir
- Sjálfhvarfandi föst efni eða vökvar
- Sprengifim efni í föstu formi sem gerð hafa verið hlutlaus

Auk þess er efnum í flokknum skipt í fjölmarga undirflokka

Það er ekki algengt að sjá flokk 4.1 í flutningum hérlendis en dæmi um farm í hættuflokknum er t.d.:

- Brennisteinn
- Rauður fosfór
- Eldspýtur

Eftirfarandi viðvörðunarkerki er notað fyrir hættuflokk 4.1:



Flokkur 6.1 - Eiturefni

Í þessum flokki eru eitruð efni. Í hættuflokk 6.1 fara efni þar sem eituráhrif eru þekkt annaðhvort með tilraunum eða vegna sögunnar (óhappa). Í flokki 6.1 eru margir undirflokkar sem segja til um efnafræðilegan eða notkunarlegan (t.d. plágueyðir) bakgrunn efnisins.

Dæmi um eiturefni er t.d.:

- Útrýmingarefni í landbúnaði
- Ýmis efni sem notuð eru í plastframleiðslu (ísósýanöt)

Eftirfarandi viðvörðunarkerki er notað fyrir hættuflokk 6.1



Flokkur 6.2 - Smitefni

Í þessum flokki eru efni sem líkur eru á að innihaldi smitandi örverur (t.d. bakteríur og veirur) sem gætu valdið sjúkdómum í mönnum eða dýrum.

Flokkur 6.2 skiptist niður í 4 undirflokkar eftir því hver er “markhópur” hættunnar

I1 Smitefni hættulegt mönnum

I2 Smitefni hættulegt dýrum

I3 Smitandi úrgangur

I4 Lífsýni (t.d. blóðsýni sem er á leið í greiningu)

Algenustu flutningar á hættuflokki 6.2 er úrgangur frá spítölum

Eftirfarandi viðvörðunarkerki er notað fyrir hættuflokk 6.2:



Flokkur 7 – Geislavirk efni

Í þessum flokki eru geislavirk efni og hlutir. Nánar er farið í reglur um flutning á efnum í flokki 7 í sérstöku námskeiði.

Dæmi um efni þessum flokki eru t.d.:

- Ýmiskonar mæli- og/eða rannsóknarbúnaður sem notaður er á sjúkrahúsum og við t.d. jarðfræði/háhitna rannsóknir

Eftirfarandi viðvörðunarkerki eru notuð fyrir hættuflokk 7:



Flokkur 8 - Ætandi efni

Í þessum flokki eru ætandi efni. Ætandi efni “æta” og því felst hættan í því að efnið getur skemmt húð/slímhúð, fatnað og annan farm/búnað.

Flutningar á efnum í hættuflokki 8 eru algengar, oft í bömbum (IBC). Mikið af sterkum sápum sem notaðar eru í iðnaði fellur t.d. í þennan flokk.

Önnur hættuleg efni í hættuflokki 8 eru t.d.:

- Sýrur af ýmsum gerðum
- Lútar (basar) af ýmsum gerðum (vítissóði fyrir þrif er algengur).
- Klórlausnir fyrir þrif/sótthreinsun

Eftirfarandi viðvörðunarkerki er notað fyrir hættuflokk 8:



Flokkur 9 – Önnur hættuleg efni

Í þessum flokki eru efni og hlutir sem ekki passa vel inn í hina hættuflokkana. Flokkur 9 er því mjög fjölbreyttur þar sem hann er nokkurskonar “safnkista” fyrir ýmiskonar efni og hluti. Í flokki 9 eru margir undirflokkar sem útlista nánar hvaða efni tilheyra hættuflokknum.

Hættuleg efni og hlutir sem flokkast í hættuflokk flokki 9 eru t.d.

- Laust asbest
- Líknarbelgir í bíla
- Efni sem eru hættuleg fyrir vatnalífverur
- Efni sem eru flutt upphituð (t.d. vegna vegavinnu)

Eftirfarandi viðvörðunarkerki er notað fyrir hættuflokk 9:



Varúðarmerki og merking þeirra.

Flokkur 1 Sprengifim efni og hlutir.



Hættuflokkar 1.1, 1.2 og 1.3

Hættufl. 1.4

Hættufl. 1.5

Hættufl. 1.6

Flokkur 2 Lofttegundir



Eldfimar lofttegundir

Eitraðar lofttegundir

Óeldfimar, ekki eitraðar loft.

Flokkur 3 Eldfimir vökvar.



Eldfimir vökvar

Flokkur 4.1 og 4.2 Eldfim föst efni og sjálfhvarfandi efni



Flokkur 4.1 eldfim föst efni

Flokkur 4.2 sjálfhvarfandi efni

Flokkur 4.3 efni sem mynda eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn



Flokkur 4.3

Flokkur 5.1 Eldnærandi efni



Flokkur 6.1
Eitruð efni.



Flokkur 5.2 Lífræn peroxíð



Flokkur 6.2
Smitefni.



Flokkur 7 Geislavirk efni.

Nr. 7A



Flokkur I – HVÍTT

Nr. 7B




Flokkur II - GULUR

Nr. 7C



Flokkur III – GULUR

Nr. 7E



Kjarnakleyf efni

Nr. 7 D



Flokkur 8
Ætandi efni.




Flokkur 9
Önnur hættuleg efni og hlutir.



Önnur algeng (ekki ADR) varúðarmerki

Nokkur önnur varúðarmerki eru mikið notuð í ADR flutningum. Margir kannast við að sjá GHS merkið „*skaðlegt umhverfinu*“ á bílum sem flytja eldsneyti. En skv. ADR er skylda að hafa slíkt merki á tankökutæki ef efni eru umhverfisspillandi.

Einnig er algengt að sjá varúðarmerkið „*upphitað efni*“ á bílum t.d. Ökutækjum sem flytja upphituð tjöruefni fyrir gatnagerð



Þessi hlið upp;
örvarnar vísi upp



Upphitað efni



Skaðlegt umhverfinu

Kafli 6 - UN-númer og þökkunarflokkar

UN – númer, hvað er það?

Sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi lætur öll hættuleg efni eða efnaflokka fá númer sem kallast „UN númer“ sem notað er til að auðkenna viðkomandi efni.

UN númerið er því nokkurs konar kennitala sem hægt er að nota til að fá frekari upplýsingar um efnið. Öll UN númer falla síðan í einhvern af þeim hættuflokkum sem fjallað var um í kaflanum hér að framan.

UN – er skammstöfun fyrir United Nations. UN númer þýðir því “sameinuðu þjóðar númer” UN númer eru alltaf skrifuð þannig að fyrst eru bókstafirnir UN skrifaðir með hástöfum og síðan fylgir fjögurra tölustafa númer. T.d. er UN númer fyrir bensín “**UN 1203**”



Hér má sjá merkingu á kassa fyrir notaðar rafhlöður. UN númerið kemur greinilega fram

Töflur A og B

Í ADR reglunum eru tvær afar umfangsmiklar töflur sem heita **Tafla A** og **Tafla B**. Tafla A er listi yfir öll UN númer og allskonar upplýsingar sem tengjast flutningi á efnunum og eiginleikum þeirra. Tafla B er aftur á móti listi yfir efnin í stafrófsröð. Þar má finna hvaða UN númer hvert efni hefur þannig að hægt sé að finna upplýsingarnar í töflu A. Á þennan hátt er hægt að finna flutningsupplýsingar um efni þó að UN númer þess sé ekki þekkt.

UN-nr.	Nafnlýsing 3.1.2	Flokkur	Flokkunarkóði	Þökkunarflokkur	Nr. Varúðarmerkis	Sérákvæði	Takmarkað og lágmarkað magn		Umbúðarþökkun			UN-tankar og bulkávar		ADR-tankar		Ókutæki fyrir tanka-flutninga	Flutnings-flokkur (Jarðganga-kóði)	Sérákvæði fyrir flutning				Hættunúmer
							Takmarkað magn	Lágmarkað magn	Þökkunarákvæði	Sérákvæði fyrir þökkun	Samþökkunar-ákvæði	Fyrirmæli	Sérákvæði	Tankakóði	Sérákvæði			Stykkjavara	Búlk (óskiljæð efni)	Lestun, losun og meðhöndlun	Frankvæmd flutnings (vöktun)	
(1)	(2)	(3a)	(3b)	(4)	(5)	(6)	(7a)	(7b)	(8)	(9a)	(9b)	(10)	(11)	(12)	(13)	(14)	(15)	(16)	(17)	(18)	(19)	(20)
1105	PENTANOL	3	F1	III	3		5 L	E1	P001 IBC03 LP01 R001		MP19	T2	TP1	LGBF		FL	3 (D/E)	V12			S2	30
1106	AMYLAMIN	3	FC	II	3+8		1 L	E2	P001 IBC02		MP19	T7	TP1	L4BH		FL	2 (D/E)				S2 S20	338

Skjáskot af blaðsíðu í töflu A. Lengst til vinstri er UN númer efnis, svo kemur nafnið, hættuflokkurinn og fleiri upplýsingar koll af kalli.

Nafn/lýsing	3.1.2	UN-nr.
ADIPONITRIL		2205
AKRIDÍN		2713
AKRÓLEIN, GERT STÓÐUGT		1092

Skjaskot af töflu B. Til vinstri má sjá nafn efnisins og til hægri er UN númerið.

Að þekkja töflurnar og kunna að fletta upp í þeim og finna upplýsingar er nauðsynleg forsenda fyrir því geta unnið með ADR reglurnar. Aftast í þessari bók má finna töflur A og B þannig að hægt er að fletta upp á efnunum og sjá upplýsingar um þau.

Einnig er vert að minnast á það að mikið er til af ADR smáforritum (öppum) í snjallsíma, bæði ókeypis og til sölu. Þar sem einfalt og fljótlegt er að nálgast upplýsingar um efnin.

UN númer – Hvernig virkar kerfið

Um 3500 UN-númer eru í notkun í dag og þeim fjölga hægt og bitandi.

Ekki geta þó öll efni og efnablöndur fengið sitt eigið númer þar sem samsetningar möguleikar efna eru óendanlega margir og númerakerfi sem ætlaði að gefa öllum samsetningar möguleikum númer væri allt of langt og óþjálmt.

Það eru því aðeins þekktustu/mest notuðu efnin sem hafa sitt eigið númer.

T.d. Díselolía = UN 1202

Önnur efni sem ekki eru nægilega þekkt eða mikið notuð til að fá sitt eigið númer eru flokkuð í safnflokka. Þessir safnflokkar eru síðan misjafnlega vel skilgreindir.

Dæmi um vel skilgreindan flokk er flokkurinn, lím = UN 1135. Ef flett er upp á UN 1135 í Töflu A, sést að margar línur í töflunni eru tileinkaðar UN 1135. Þetta er vegna þess að límtegundir geta haft eilítið misjafna efnafræðilega eiginleika þó að þau hafi sama UN númerið.

Í mörgum tilfellum er það þó þannig að efni falla í flokka sem eru ekki jafn vel skilgreinanlegir og LÍM. Í slíkum tilfellum er farið eftir sérstökum efnafræðilegum og/eða tæknilegum eiginleikum efnisins. Dæmi um slíkt er „efnið“ Alkóhólssambönd eldfim = UN 1987

Og að lokum

Ef erfitt er að skilgreina efnin út frá efnafræðilegum og tæknilegum eiginleikum fara þau í svo kallaðan almennan flokk fyrir efni sem hafa einn eða fleiri hættulega eiginleika. Dæmi um slíkt er „efnið“ Eldfimir vökvi = UN 1993.

Pökkunarflokkar

Flest hættuleg efni eru líka flokkuð upp í pökkunarflokk. Hugmyndin á bak við pökkunarflokk er sú að efni eru í eðli sínu misjafnlega hættuleg og því hættulegri sem efni eru því betri þurfa umbúðirnar að vera. Pökkunarflokk efnis má sjá í dálki 4 í töflu A.

Pökkunarflokkarnir eru þrír og þeir eru alltaf skrifaðir með rómverskum tölum, þ.e. **I, II og III** í stað 1, 2 og 3.

Pökkunarflokkur I: Mjög hættuleg efni

Pökkunarflokkur II: Hættuleg efni

Pökkunarflokkur III: Lítið (minna) hættuleg efni

Umbúðir sem flokkast sem „pökkunarflokkur I“ eru bestu umbúðirnar enda hugsuð fyrir hættulegustu efnin. Þar sem umbúðir í pökkunarflokk I eru betri en umbúðir í pökkunarflokk II og III þá má setja efni sem á að fara í pökkunarflokk II eða III í umbúðir sem eru fyrir pökkunarflokk I. Það er nefnilega í lagi að setja efni í of góðar umbúðir en það má ekki setja efni í of lélegar umbúðir. Umbúðir í pökkunarflokk I gilda því líka fyrir pökkunarflokk II og III og umbúðir fyrir pökkunarflokk II gilda líka fyrir pökkunarflokk III.

Það eru þó ekki öll efni sem fara í pökkunarflokk. Efni í hættuflokkum 1, 2, 5.2, 6.2 og 7 sem og sjálfhvarfandi efni í flokki 4.1 eru flokkuð eftir öðrum aðferðum.

Kafli 7 - Umbúðir og merkingar umbúða

Umbúðir fyrir ADR varning

Hættulegur varningur sem fellur undir ADR reglurnar á að þakast í viðurkenndar umbúðir sem þola það álag sem eðlilegt má telja að umbúðir verði fyrir við flutning.

Í ADR reglunum má finna þær kröfur sem mismunandi gerðir umbúða þurfa að uppfylla til að falla undir það að vera ADR umbúðir. Á Íslandi er það Vinnueftirlit ríkisins sem sér um að taka út umbúðir sem samþykktar eru héraendis en það snýst að mestu um að samþykkja tanka (sem eru ADR umbúðir).

Eins og áður hefur komið fram eru ströngustu kröfurnar gerðar til umbúða í pökkunarflokki I og minnstar fyrir umbúðir í pökkunarflokki III.

Sumir hættuflokkar hafa ekki pökkunarflokk (t.d. sprengiefni í hættuflokki 1), í slíkum tilfellum er gert ráð fyrir því að umbúðirnar uppfylli að lágmarki þær kröfur sem eru gerðar til pökkunarflokks II. Nema annað sé tekið fram

Merkingar á umbúðum

Meginreglan varðandi merkingar á ADR skyldum varningi sem fluttur er sem stykkjavara eru eftirfarandi þrjú þættir:

1. Á umbúðunum á að vera **viðurkenningarmerking umbúðaframleiðandans**. Merkingin fylgir umbúðunum. Ef merking er ekki til staðar eru umbúðirnar ekki ætlaðar fyrir ADR varning
2. Utan á umbúðunum á að vera **UN númer efnisins** sem er í umbúðunum. UN númerið fylgir ekki með kössunum og það er því á ábyrgð sendanda að merkja með réttu UN númeri.
3. Utan á umbúðunum eiga að vera öll þau **varúðarmerki** sem eiga við viðkomandi UN númer. Þetta fylgir heldur ekki með kössunum og það er því líka á ábyrgð sendanda að merkja með réttu varúðarmerki/merkjum.

Tankar teljast líka vera ADR umbúðir. Farið er yfir merkingar á tönkum í kaflanum um **merkingar ökutækja**.

Sérreglur vegna ADR stykkjavöru flutninga

Ýmsar sérreglur gilda um flutning á stykkjavöru. Nokkur algeng dæmi eru gefin hér á eftir.

Flutningur á úðabrusum:

Þegar fluttir eru úðabrusar á að auki að standa „úðabrusar“ eða „aerosols“ utan á umbúðunum.

Dæmi: UN 1950 úðabrusar

Björgun á efnum vegna gallaðra/skemmdra umbúða:

Ef til dæmis kemur leki á umbúðir á bílstjóri að meta hvort að óhætt sé að reyna að bjarga farminum með því að setja efnið í björgunarumbúðir. Utan á björgunarumbúðirnar á að skrifa orðið björgun ásamt UN númeri efnisins.

Dæmi: UN 1203 Björgun

Áfyllingarmagn

Ákveðnar reglur gilda um það hversu mikið af hættulegum efnum á vökvaformi má setja í umbúðir. Samkvæmt kafla 4.1.1.4 í ADR reglunum er magnið eftirfarandi:

Tafla sem sýnir hámarks magn hættulegra vökva sem setja má í umbúðir.

Suðumark (byrjunarsuðumark) efnis í C°	<60	≥60 <100	≥100 <200	≥200 <300	≥300
Hámarksáfylling umbúða. Hlutfalli (%) af rúmmáli.	90	92	94	96	98

Vökvar þenjast út í hita og markmiðið er að umbúðirnar séu aldrei alveg fullar við 55°C hita. Því hærra sem suðumarkið er því ólíklegra er að farmurinn hitni upp fyrir suðumark og því er meiri fylling leyfð eftir því sem suðumark efna hækkar.

Umbúðagerðir

ADR umbúðir hafa ákveðin kóða sem farið er yfir í kafla 6.1.2 í ADR reglunum. Umbúðakóðinn samanstendur yfirleitt af þremur táknum (en stundum tveimur, þá vantar aftasta stafinn).

1. Tölustaf sem gefur til kynna umbúðgerð, t.d. tunna eða kassi
2. Bókstaf sem gefur til kynna efnisgerð, t.d. gler eða stál
3. Tölustaf sem gefur til kynna undirgerð innan umbúðagerðar, t.d. Tunna með föstu loki eða tunna með lausu loki

Eftirfarandi tölu og bókstafir eru notaðir til að tákna umbúðakóðann:

Umbúðagerð

1. Tunna
2. (frátekið)
3. Brúsi
4. Kassi
5. Poki
6. Samsettar umbúðir
7. (frátekið)
8. Léttar málmumbúðir

Efni í umbúðum

- A. Stál
- B. Ál
- C. Timbur
- D. Krossviður
- E. Spónaviður
- F. Pappír
- G. Textíll
- H. Marglaga pappír
- I. Málmar (aðrir en stál og ál)
- J. Gler, postulín og keramik

Tafla úr ADR reglunum sem sýnir kóða fyrir fyrstu fimm flokka umbúðagerða

Tegund umbúða	Efnisgerð	Flokkur	Kóði	Kafli í ADR
1. Tunnur	A. Stál	Fast lok	1A1	6.1.4.1
		Laust lok	1A2	
	B. Ál	Fast lok	1B1	6.1.4.2
		Laust lok	1B2	
	D. Krossviður		1D	6.1.4.5
	G. Pappi		1G	6.1.4.7
	H. Plast	Fast lok	1H1	6.1.4.8
		Laust lok	1H2	
	N. Málmur annar en stál og ál	Fast lok	1N1	6.1.4.3
		Laust lok	1N2	
2. (Frátekið)				
3. Brúsar	A. Stál	Fast lok	3A1	6.1.4.4
		Laust lok	3A2	
	B. Ál	Fast lok	3B1	6.1.4.4
		Laust lok	3B2	
	H. Plast	Fast lok	3H1	6.1.4.8
		Laust lok	3H2	
4. Kassar	A. Stál		4A	6.1.4.14
	B. Ál		4B	6.1.4.14
	C. Timbur	Venjulegt	4C1	6.1.4.9
		Með lekaheldum veggjum	4C2	
	D. Krossviður		4D	6.1.4.10
	F. Spónarviður		4F	6.1.4.11
	G. Pappi		4G	6.1.4.12
	H. Plast	Frauð	4H1	6.1.4.13
		Hart	4H2	
	N. Málmur, annar en stál og ál		4N	6.1.4.14
5. Pokar	H. Ofið plastefni	Án innri fóðrun og húðunar	5H1	

Lofttegundir og umbúðir

Lofttegundir hafa ekki pökkunarflokk. Þær flokkast í undirflokk og merkjast eftir ákveðnu kerfi. Kerfið er eftirfarandi:

Undirfl.	Hætta	Varúðarmerki	Nr. Varúðarmerkis
A	Kæfandi		2.2
F	Eldfimt		2.1
O	Eldnærandi		2.2 + 5.1
T	Eitrað		2.3
TF	Eitrað, eldfimt		2.3 + 2.1
TC	Eitrað, ætandi		2.3 + 8
TO	Eitrað, eldnærandi		2.3 + 5.1
TFC	Eitr., eldf., ætandi		2.3 + 2.1 + 8
TOC	Eitr., eldn., ætandi		2.3 + 5.1 + 8

Hér má sjá mynd af merkingu á própangaskút (grillgas). Undir krananum er mynd af varúðarmerki 2.1, UN númerið (UN 1965) er gefið upp og neðst á miðanum má sjá hættuflokk 2, undirflokk 2F



Viðurkenningarmerkingar umbúðaframleiðanda

Á öllum umbúðum eiga að vera viðurkenningarmerkingar framleiðanda.

Viðurkenningarmerkingin er runa af bókstöfum og tölum sem gefa upplýsingar um fyrir hvernig efni og hvaða pökkunarflokkar umbúðirnar eru viðurkenndar.

Dæmi um texta sem gæti verið utan á pappa kassa er: **4G / Y15 / S / 19 / S / SP / 135.**

Eftirfarandi er þýðing á viðurkenningarmerkingunni:

- 4** - Þýðir **KASSI**
- G** - Þýðir **PAPPI**
- Y** - Þýðir **PÖKKUNARFLOKKUR II** (utan á umbúðum eru pökkunarflokkar skrifaðir X, Y, Z í stað I, II og III)
- 15** - Þýðir **hámarksþyngd** innihalds má vera **25 kg**
- S** - Þýðir **FAST (Solid) EFNI**
- 19** - Þýðir **FRAMLEIÐSLUÁR (2019)**, þetta skiptir máli fyrir plastumbúðir sem mega ekki vera eldri en 5 ára
- S** - Þýðir að framleiðslan er viðurkennd í **Sviþjóð**
- SP** - Þýðir að sænska stofnunin „Statens Prövningsinstitut“ samþykkti framleiðsluna
- 135** - Þýðir **VIÐURKENNINGARNÚMER** frá Statens prövningsinstitut

Merkingar á kassa

Hér að neðan er mynd af pappakassa sem í er efni í flokki 6.1. Kassinn er merktur með varúðarmerki 6.1 og UN númeri (UN 2811).

Auk þess er á honum viðurkenningarmerking umbúðaframleiðanda

- 4G = pappakassi
- X40 = pökkunarflokkur I og kassinn tekur 40 kg
- S = solid (fast efni)
- 19 = Framleiddur 2019
- SGB = Viðurkennt af Singapore
- DGSI 002 = Viðurkenningaraðili frá Singapore

Önnur mynd af kassa. Takið eftir því að á þessum kassa eru tvær mismunandi viðurkenningarmerkingar eftir því hvort að efnin sem eiga að fara í kassann eru í pökkunarflokki I (X) eða II (Y). Ef þau eru í pökkunarflokki I má setja 18 kg í kassann e 27 kg ef þau eru í pökkunarflokki II.



Fyrir annarskonar umbúðir getur merking einstakra þátta verið önnur.

Tunna gæti verið merkt á eftirfarandi hátt **1A1 / X / 300 / 19 / S / SP / 136**.

- 1** - Þýðir **Tunna**
- A** - Þýðir **Stál**
- 1** - Þýðir fast lok (2 þýðir laust lok)
- X** - Þýðir **PÖKKUNARFLOKKUR I** (utan á umbúðum eru pökkunarflokkar skrifaðir X, Y, Z í stað I, II og III)
- 15** - Þýðir **prófunarþrýstingur** umbúðanna í kílopaskölum (kPa)
- 19** - Þýðir **FRAMLEIÐSLUÁR** (2019), þetta skiptir máli fyrir plastumbúðir sem mega ekki vera eldri en 5 ára
- S** - Þýðir að framleiðslan er viðurkennd í **Svíþjóð**
- SP** - Þýðir að sænska stofnunin „Statens Pröviningsinstitut“ samþykkti framleiðsluna
- 135** - Þýðir **VIÐURKENNINGARNÚMÉR** frá Statens prövningsinstitut

Mynd af tunnu sem viðurkennd er fyrir flutning á hættulegum farmi. Örin bendir á staðsetningu viðurkenningarmerkingar.



Auk þess er á honum viðurkenningarmerking umbúðaframleiðanda. Þessi tunna er fyrir flutning á föstum efnum og því er merkingin frábrugðinn þeirri sem við sáum hér að ofan og í raun svipuð og kassamerkingin

- 1H2 = plasttunna með lausu loki
- X150 = pökkunarflokkur I og hámarksþyngd 149 kg
- S = solid (fast efni)
- 19 = Framleiddur 2019
- Í lokin er svo runa með viðurkenningarlandi og viðurkenningaraðila

Fyrir IBC umbúðir (bambar) er uppsetning viðurkenningarmerkinga eftirfarandi.

IBC tankur gæti verið merktur á eftirfarandi hátt (sjá mynd fyrir

neðan):**31HA1/Y/0212/D/BAM2435-Schutz8/4056/1724**

- 31** - Þýðir **umbúðir fyrir vökva** (11=stíf, 13=sveigjanleg og 21=fyllt með þrýstingi)
- H** - Þýðir **plast (stíft)**
- A1** - Þýðir **stálgrind**
- Y** - Þýðir **PÖKKUNARFLOKKUR II** (utan á umbúðum eru pökkunarflokkar skrifaðir X, Y, Z í stað I, II og III)
- 15** - Þýðir **prófunarþrýstingur** umbúðanna í kílópaskölum (kPa)
- 19** - Þýðir **FRAMLEIÐSLUÁR** (2019), þetta skiptir máli fyrir plastumbúðir sem mega ekki vera eldri en 5 ára
- D** - Þýðir að framleiðslan er viðurkennd í **Þýskalandi**
- BAM..** - Þýðir **framleiðandi og viðurkenninganúmer** framleiðslu
- 4056** - Þýðir hversu miklum þunga má **stafla** ofan á umbúðirnar
- 1724** - Þýðir leyfileg hámarksþyngd



IBC tankur sem inniheldur rúðuvökva

Sérreglur fyrir sprengiefna umbúðir

Sérreglur vegna umbúða fyrir sprengiefni

Umbúðir fyrir ADR varning

Sprengiefni í hættuflokk 1 hafa ekki pökkunarflokk. Í slíkum tilfellum er gert ráð fyrir því að umbúðirnar uppfylli þær kröfur sem eru gerðar til pökkunarflokks II. Nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Að mestu leiti gilda sömu reglur fyrir umbúðir og merkingar umbúða sem ætlaðar eru fyrir sprengiefni og fyrir umbúðir utan um annan hættulegan farm. Þó eru nokkur atriði sem eru frábrugðin. Þessi atriði snúa að mestu leiti að merkingum utan á umbúðunum

Á umbúðir utan um sprengiefni á auk þess að vera ADR heiti efnisins

1. Þetta á að vera á tungumáli framleiðanda (og á ensku, frönsku eða þýsku)
2. Ef um er að ræða sprengiefni af gerð A/B/C/D/E þá á líka að merkja með vöru eða verslunarheiti efnisins
3. Gott er að hafa í huga að í flestum tilfellum er óheimilt að flytja sprengiefni í tönkum þannig að slíkar umbúðir koma ekki til greina



Mynd af Kassa sem inniheldur sprengiefni af gerð E

Kafli 8 Tankar

Mismunandi tankar, búnaður og áfyllingarmagn

Það eru til margar mismunandi gerðir tanka. Tankar eru hannaðir með hliðsjón af þeim hættum sem stafa af efnunum sem flytja á í tanknum og það er því ljóst að sami tankur hentar ekki fyrir flutning á ólíkum efnum. Til að greina á milli mismunandi gerða af tönkum og hvaða efni má flytja í þeim eru tankar með svokallaðan tankakóða



Tankakóðar

Öll efni sem flytja má í tönkum eru líka með tankakóða sem er gefinn í dálki 12 í töflu A sérákvæðin ef einhver eru eru síðan í dálki 13. Þar kemur fram lágmarks tankakóði sem tankur verður að hafa til að mega flytja efnið.

Ekki má flytja öll efni í tönkum. Til dæmis má ekki flytja efni í hættuflokkum 1 og 7 í tönkum. Ef efni hafa ekki tankakóða má ekki flytja þau í tönkum. Tankakóðar segja til um gerð og eiginleika tanksins.

Til eru tvær mismunandi grunngerðir af tönkum með mismunandi tankakóða

1. UN tanka
2. ADR tanka og gámatanka

Í þessari bók er einungis fjallað um ADR tanka

Tanka kóðar fyrir ADR tanka

Tankakóðarnir eru samsettir úr fjórum hlutum sem oftast eru táknaðir með bókstöfum en stundum tölustöfum.

Þessir fjórir hlutir eru

1. Gerð tanks
2. Prófunarþrýstingur
3. Gerð á opi
4. Gerð öryggisloka

Gott er að hafa í huga að mismunandi kóðar fyrir lofttegundir í flokki 2 og hina hættuflokkana

Hlutar tankkóðans samkvæmt töflu 4.3.3.1.1

Hluti 1 Gerð tanks

1. Fyrir lofttegundir í hættuflokki 2 eru notaðir stafirnir C (compressed), P (liquified/dissolved) og R (refrigerated)
2. Fyrir aðra hættuflokka gildir L (liquid/vökvi) og S (solid/fast efni)

Hluti 2 Prófunarþrýstingur

1. ákvæði) eða tölFyrir lofttegundir í hættuflokki 2 er notað, X (lágmarksþrýstingur skv töflu) eða talan 22 (lágmarksþrýstingur í börum)
2. Fyrir aðra hættuflokka gildir bókstafurinn G (lægsti reikniþrýstingur miðað við almenn ustafir sem gefa upp lægsta reikniþrýsting í börum)

Hluti 3 Gerð á opi

1. Fyrir lofttegundir í hættuflokki 2 eru notaðir stafirnir B, C og D
2. Aðrir hættuflokkar A, B, C og D sem tákna mismunandi op.

Hluti 4 Öryggislokar og búnaður

1. Fyrir lofttegundir í hættuflokki 2 eru notaðir stafirnir N eða H
2. Aðrir hættuflokkar V, F, N eða H sem tákna mismunandi öryggisloka og búnað

Stígandi röð í tankkóðum

Samkvæmt ADR reglunum má nota tanka í stígandi röð. Það þýðir að nota má betri tank en þann sem gefinn er upp sem lágmarkskrafa í töflu A. Kerfið er eftirfarandi fyrir aðra flokka en hættuflokk 2:

Hluti 1 S → L (sem þýðir að L er betri en S)

Hluti 2 G → 1,5 → 2,65 → 4 → 10 → 15 → 21

Hluti 3 A → B → C → D

Hluti 4 V → F → N → H

Dæmi um þetta er að efni sem á að flytja í tanki með kóðan L4BN má flytja í tanki með kóðan L10CN og efni sem á að fara í SGAN má fara í L4BN




Dælubúnaður og rennslismælar í og fyrir tankabíla sem flytja eldsneyti

Hámarks áfyllingarmagn

Sömu reglur gilda um hámarksáfyllingu hættulegra efna á tanka og gilda um aðrar ADR umbúðir. Þ.e. það má ekkert frekar fylla tanka 100% en t.d. tunnur.

Einnig gilda aðrar áfyllingarreglur sem eru til komnar vegna akstursöryggis. En þær eru:

- Ef stærð tanka eða hólf á tönkum er stærra en 7500 lítrar og tankurinn er ekki með skvettivörn sem minnkar hreyfingu vökvu í tanknum/hólfunum við akstur. Þá skal tankurinn/hólfið vera annaðhvort fullt, þ.e. yfir 80% fullt eða tómt, þ.e. undir 20% fullt.
- Þetta er gert til að koma í veg fyrir að farmurinn breyti þyngdarpunkti bílsins of mikið í akstri ef hreyfing kemst á hann eins og t.d. í beygjum.
- Ekki þarf að fylgja þessari reglu ef hólfín eru minni en 7500 lítrar eða ef það er skvettivörn í hólfínu.
- Þegar eldfimimum vökvum er dælt á tanka í gegnum botnventil skal takmarka áfyllingarhraða í upphafi og auka hann síðan rólega. Þetta er gert til að minnka líkurnar á að stöðurafmagn myndist við áfyllinguna.



Ef tankur eða hólf á tanki er stærra en 7.500 lítrar og ekki er skvettivörn í tanknum/hólfínu þarf það að vera annaðhvort fullt (yfir 80%) eða tómt (undir 20%).



Margir kannast við að fá reglulega „klapp“ á bakið þegar ekið er með hálffulla tanka

Smíði og kröfur til tanka

Hvaða reglur þarf ökumaður að uppfylla til að fá að flytja hættuleg efni í tönkum

Ökumaður:

1. Til að ökumaður megi flytja ADR farm sem fellur undir ADR reglurnar í tönkum þarf hann að vera með gild ADR tankaflutningsréttindi.
2. Hægt er að fara á ADR tankaflutnings námskeið ef viðkomandi hefur gild ADR grunnréttindi
3. Tankaflutningsréttindin gilda fyrir flutninga á:
4. Tönkum (fastir og lausir) sem eru stærri en 1000 lítrar
5. Gámatönkum sem eru stærri en 3000 lítrar

Ef tankarnir eru minni 1000 lítra og gámatankar minni en 3000 lítrar teljast þeir ekki vera ADR tankar og þá þarf ekki ADR tankaréttindi til að flytja þá heldur nægja ADR grunnréttindi.

Hvenær telst tankur vera ADR tankur

Til eru margskonar tankar í mismunandi stærðum. Til að tankur teljist vera ADR tankur þarf hann að uppfylla ákveðin stærðarmörk.

Fyrir fasta og lausa tanka eru þessi stærðarmörk 1000 lítrar (1m^3). Það þýðir að tankar sem eru 999 lítrar eru ekki ADR tankar.

Fyrir gámatanka eru þessi stærðarmörk 450 lítrar ($0,45\text{m}^3$) þannig að tankur sem er 449 lítrar telst ekki ADR gámatankur. Athugið að það þarf samt ekki ADR tankaflutningsréttindi fyrr en tankurinn er orðinn 3000 lítrar

Hvaða reglur þurfa tankar að uppfylla til vera viðurkenndir fyrir flutning á hættulegum efnum

Margvíslegar kröfur eru gerðar til tanka sem eiga að flytja hættulegan farm og fara þær kröfur eftir eðli og hættulegum eiginleikum þeirra efna sem á að flytja í tanknum.

Þar sem efni geta haft marga og ólíka hættulega eiginleika þá þurfa tankarnir líka að uppfylla margar mismunandi kröfur.

Tankar fá því svokallaðan tankkóða sem segir til um þær kröfur sem tankurinn uppfyllir. Tankkóða efna má sjá í Töflu A dálki 12

Ekki er heimilt að flytja öll efni í tönkum. Sum efni eru talin það hættuleg að ekki er óhætt að flytja þau í tönkum.

1. Ef efni hefur ekki tankakóða (dálkurinn er auður) í dálki 12 í töflu A. Þá má ekki flytja viðkomandi efni í tanki. Þ.e. efni þarf að vera með tankakóða til að það megi flytja það.
2. Dæmi um efni sem ekki má flytja í tönkum eru t.d. flest sprengiefni, þau hafa því engan tankakóða

Viðurkenning á tönkum

Hvort sem tankar eru fluttir til landsins, eða smíðaðir hér (sem er mjög sjaldgæft) þá þarf að viðurkenna þá. Viðurkenning á tanki þýðir að hann uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til hans. Á Íslandi er það Vinnueftirlit ríkisins sem sér um að viðurkenna ADR umbúðir og þar sem tankar teljast vera umbúðir er það Vinnueftirlitið sem viðurkennir tanka

Skoðun á ADR tönkum

Ökutæki fara í skoðun á hverju ári. Fasta tanka á að sjónskoða um leið og ökutæki er skoðað þannig að tanka á að sjónskoða árlega, auk þess sem það á að þrýsti og lekaprófa tanka með reglulegu millibili

Reglan um tíðni skoðana á föstum (og lausum) tönkum er eftirfarandi:

1. Tankurinn er þrýstiprófaður þegar hann er tekinn í notkun
2. Tankurinn er lekaprófaður þremur árum seinna
3. Tankurinn er þrýstiprófaður þremur árum seinna o.s.frv.

Skoðun á gámatönkum.

Fyrir gámatanka eru kröfurnar varðandi þrýstiprófanir aðeins strangari en fyrir föstu (og lausu) tankana

Reglan um tíðni skoðana á gámatönkum er eftirfarandi:

1. Gámatankur er þrýstiprófaður þegar hann er tekinn í notkun
2. Gámatankurinn er lekaprófaður tveimur og hálfu ári síðar
3. Gámatankurinn er þrýstiprófaður tveimur og hálfu ári síðar o.s.frv.

Þrýstiprófanir eiga eins og áður var sagt að fara fram undir eftirliti Vinnueftirlitsins

Hvað er skoðað þegar tankar eru samþykktir

Þegar Vinnueftirlitið samþykkir tanka leggur það höfuðáherslu á að fara yfir þau gögn sem fylgja tanknum. Það kemur reglulega fyrir að fyrirtæki kaupa til landsins notaða tanka sem vantar tilskilin gögn eða þá að fyrirtæki kaupa ameríska tanka í góðri trú, sem ekki eru samþykktir til notkunar í Evrópu. Í slíkum tilfellum getur reynst erfitt að fá tankinn samþykktan til notkunar á Íslandi/Evrópu.

Ef Vinnueftirlitið á að samþykkja teikningar þurfa t.d. eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

- Lögun
- Efnisgerð
- Efnisþykkt
- Þrýstipól

Einnig hvaða UN – númer tankurinn, heiti efna, flokk og pökkunarflokk
í gögnunum sem fylgja tanknum á m.a. eftirfarandi að koma fram:

1. Upplýsingar um byggingarefni tanksins
2. Upplýsingar um þykkt byggingarefnisins
3. Upplýsingar um lögun tanksins
4. Upplýsingar um þrýstipól tanksins
5. Upplýsingar um hvaða (viðurkenndu) lokar eru notaðir
6. Upplýsingar um það fyrir hvaða efni/UN númer/flokk tankurinn er gerður
7. Upplýsingar um það hver smíðaði tankinn og réttindi t.d. suðumanna

Þessar upplýsingar eiga að koma frá framleiðanda tanksins

Jarðtengingar

Það eru ákvæði um það í ADR reglunum að jarðtengja þurfi tanka ef þeim er ætlað að flytja eldfiman vökva. Þetta er gert til að minnka líkurnar á því að það myndist stöðurafragn sem gæti kveikt í eldfimum gufum frá farminum:

1. Þetta ákvæði gildir ef verið er að flytja vökva sem hefur blossamark sem er < 60°C
2. Í slíkum tilfellum er tankurinn jarðtengdur við vagninn
3. Vagninn hefur svo kapal til að hægt sé að jarðtengja hann

Merkingar á tönkum

Tanka á að merkja með skiltum sem gefa upplýsingar um tankinn og skoðunarsögu hans. Skiltin geta verið aðeins mismunandi en á þeim á að m.a. að koma fram:

- Nafn framleiðanda
- Framleiðslunúmer og framleiðsluár
- Viðurkenningarnúmer (frá viðeigandi stjórnvaldi)
- Rúmmál hólfa og prófunarþrýstingur þeirra
- Hæsti leyfilegi vinnuþrýstingur (ef það á við)

Merkingar á tanki/Tankbíl

Mismunandi gerðir ökutækja

Fjallað er um kröfur til ADR viðurkenndra ökutækja í kafla 9 í ADR reglunum. Mikilvægt er að hafa í huga að samkvæmt ADR reglunum eru bæði bílar (sem eru vélknúnir) og eftirvagnar af ýmsum toga sem ekki eru vélknúnir skilgreindir sem ökutæki. Það þýðir að bíll með vagn er tvö ökutæki (þó að bara annað þeirra hafi vél). Ökutækjum fyrir tankaflutninga er svo skipt áfram í tvo flokka. Þessir flokkar heita:

FL og AT

Áður fyrr voru til fleiri flokkar en árið 2017 var þeim fækkað niður í þessa tvo. Í töflu A, dálk 14, má sjá í hvaða kröfur um ökutæki er gerðar fyrir hvert efni

Ökutæki af gerð FL

Ökutæki af gerð FL eru gerð til að flytja hættulegan farm í tönkum. Hinn hættulegi farmur þarf að uppfylli eftirfarandi skilyrði til að krafa sé um FL ökutæki.

1. Það verður að vera leyfilegt að flytja efnið. Þ.e. efnið verður að hafa tankakóða
2. Efnið verður að vera fljótandi efni með blossamark upp á 60°C eða lægra eða eldfim lofttegund
3. Fastir eða lausir tankar fyrir efnin verða að vera 1000 lítrar (1 m³) eða stærri
4. Ef flytja á efnin í gámatanki verður hann að vera 3000 lítrar (3 m³) eða stærri. Ef gámatankurinn er minni en það má flytja hann á venjulegu ökutæki.

Ökutæki af gerð AT

Ökutæki af gerð AT eru gerð til að flytja hættulegan farm í tönkum. Hinn hættulegi farmur þarf að uppfylli eftirfarandi skilyrði til að þurfa AT ökutæki.

1. Það verður að vera leyfilegt að flytja efnið. Þ.e. efnið verður að hafa tankakóða
2. Hinn hættulegi farmur má ekki falla í flokk FL
3. Fastir eða lausir tankar fyrir efnin verða að vera 1000 lítrar (1 m³) eða stærri
4. Ef flytja á efnin í gámatanki verður hann að vera 3000 lítrar (3 m³) eða stærri. Ef gámatankurinn er minni en það má flytja hann á venjulegu ökutæki.

Búnaður ökutækja

Margskonar tæknilegar kröfur eru gerðar til búnaðar sem í ökutækju í flokki FL og AT og eru þær taldar upp í kafla 9.2 í ADR reglunum. Ekki er meiningin að fara ítarlega yfir þær allar, heldur fara lauslega yfir það helsta.

Markmiðið með kröfunum er að auka öryggi ökutækjanna og minnka líkurnar að upp geti komið hættulegar aðstæður.

Helstu kröfurnar snúa því að þáttum sem geta skapað hættu við flutninginn. Þessir þættir eru:

- Rafbúnaður
- Hemlabúnaður
- Brunavarnir
- Hraðatakörkun

Rafbúnaður

Fjallað er um kröfur til rafbúnaðar í kafla 9.2.2 í ADR reglunum

Mikil áhersla er lögð á að ekki geti skapast íkveikjuhætta út frá rafbúnaði í ökutækinu. Heldur ekki þó að ökutækið verði fyrir slysi. Því er/eru:

1. Óheimilt að nota perur með sökkulskrúfgangi
2. Rafmagnskaplar eiga að henta þeim aðstæðum sem eru til staðar og uppfylla viðeigandi ISO staðla
3. Kaplar aftan við öikumannshús og á trailer eiga að hafa aukavörn, t.d. vera fjölkjarna
4. Rafgeymar eiga að vera einangraðir eða með hlíf og loftræstir ef hætta er á gasmyndun

Aðalstraumrofi skal vera:

- Staðsettur þar sem ökumaður nær til hans
- Með hlíf yfir eða þannig útbúinn að ekki sé hægt að virkja hann fyrir slysi
- Þannig útbúinn að hann rjúfi straum innan tíu sekúndna frá því að hann er virkjaður
- Leyfilegt er að vera með annan straumrofa ef hann er vel merktur og ef ekki er hægt að virkja hann fyrir slysi

Hemlabúnaður

ADR ökutæki sem þurfa viðurkenningu frá Samgöngustofu verða að uppfylla sameinuðupjóðar reglugerð nr. 13 sem fjallar um hemlabúnað. Það helsta úr þeirri reglugerð er að ökutækin verða að vera:

- Búin læsingafríum (ABS) hemlabúnaði
- Með hamlarabúnað

Brunavarnir

Brunavarnir ökutækjanna snúast að miklu leiti um það að farmurinnog eldsneytið í ökutækinu geti ekki hitnað þannig að hætta sé á íkveikju.

- Eldsneyti og eldsneytistankar eiga að uppfylla viðeigandi reglur (frá Sameinuðu þjóðunum)
- Ef eldsneyti fer að leka úr tönkum á það að leka á jörðina en ekki á heita hluta ökutækisins
- Pústkerfi skal vera þannig fyrirkomið ekki sé hætta á að það kvikni í eldsneyti eða farmi út frá því. Ef pústkerfi er staðsett undir eldsneytistank skal fjarlægð á milli vera amk 100mm, en einnig má vera hlíf á milli

Hraðatökmörkun

- Ökutæki með hámarkspýngd yfir 3.5 tonnum ber að útbúa með hraðatakmarkara
- Hraðatakmarkarinn skal takmarka hraðann við 90 km/klst

Tafla 9.2.1 í ADR reglunum

Taflan sýnir munin á tæknilegum kröfum sem gerður er á milli FL og AT ökutækja

Sérstakar kröfur gerðar til ökutækja		Ökutæki			
Kafli í ADR		EXII	EXIII	AT	FL
9.2.2	Rafbúnaður				
9.2.2.1	Almennar kröfur	X	X	X	X
9.2.2.2.1	Kaplar	X	X	X	X
9.2.2.2.2	Auka vörn	X	X	X	X
9.2.2.3	Rafgeymar	X	X	X	X
9.2.2.4	Ljósabúnaður	X	X	X	X
9.2.2.6	Rafmagnstengingar milli bíls og vagns	X	X	X	X
9.2.2.7	Spenna	X	X		
9.2.2.8	Höfuðrofi		X		X
9.2.2.9	Rafkerfi utan höfuðrofa		X		X
9.2.3	Hemlabúnaður				
9.2.3.1	Almennar kröfur	X	X	X	X
	Hemlalæsvörn	X	X	X	X
	Hamlari (endurance breaking system)	X	X	X	X
9.2.4	Brunavarnir				
9.2.4.3	Eldsneytisgeymslur	X	X		X
9.2.4.4	Vél	X	X		X
9.2.4.5	Pústkerfi	X	X		X
9.2.4.6	Hamlarakerfi	X	X	X	X
9.2.4.7	Brennsluhitari	X	X	X	X
9.2.5	Hraðatakmarkari	X	X	X	X
9.2.6	Tengibúnaður milli bíls og eftirvagns	X	X	X	X
9.2.7	Fyrirbyggjandi aðgerðir vegna annarra hættu sem stafa af eldsneyti			X	X

Kafli 9 - Flutningsskjöl og fylgibúnaður

Í ADR flutningum eiga að vera til staðar ákveðin (flutnings)skjöl í ökutækinu. Þessi skjöl eiga að sýna fram á lögmæti bílstjóra (og í sumum tilfellum ökutækis), skjölin eiga einnig að sýna hvað verið er að flytja og í þeim eiga að vera upplýsingar um stöðluð viðbrögð við hættum.

Eftirfarandi flutningsskjöl eiga að vera í ökutæki við flutning á hættulegum farmi

1. Farmbréf
2. Flutningsslysablað (skriflegar leiðbeiningar)
3. ADR – skírteini bílstjóra
4. Persónuskilríki með mynd svo hægt sé að sannreyna ADR skírteini
5. Í sumum tilfellum þarf einnig viðurkenningarvottorð ökutækis (ADR - skráningarvottorð)

ADR - Farmbréf

1. Þegar sendandi afhendir flutningsaðila hættulegan farm, ber honum að láta farmbréf með upplýsingum um efnið/efnin fylgja með.
 - Það er því á ábyrgð sendandans að farmbréfið sé til staðar og að upplýsingarnar í því séu réttar
2. Farmbréfið á að setja upp á ákveðin hátt. Til eru fjölmörg forrit sem útbúa farmbréf eftir kúnstarinnar reglum og Vinnueftirlit ríkisins er með farmbréfs eyðublað inni á heimasíðunni sinni sem hægt er að fylla út og prenta.

ADR farmbréf

Bls. 1 af 1



Flutningsskjal númer: 007	Dagsetning lestunar: 2.11.2020	Dagsetning móttöku: 4.11.2020
Sendandi (nafn, heimilisfang, land): ADR skólinn ehf Hvergitúni 7 117 Reykjavík Íslandi	Flutningsaðili (nafn, heimilisfang, land): ADR flutningar Hf	
Móttakandi (nafn, heimilisfang, land): Netökuskólinn Mörkin 6 108 Reykjavík Íslandi	Flutningsaðili 2 (nafn, heimilisfang, land):	
Reikningur númer: 1234567	Skráning ökutækis: -	Skráning tengivagns: -

Með undirskrift sinni staðfestir ökumaður að farið hefur verið eftir ákvæðum ADR reglnanna við lestun og meðhöndlun farmsins og að við flutninginn verður farið eftir viðeigandi ákvæðum ADR reglnanna.

Undirskrift ökumanns

Farmur:	Fjöldi umbúða:	Gerð umbúða:	Magn:
UN 1203 Bensín, 3, II (D/E)	10	Tunnur	1900 lítrar_
	0	-	-
	0	-	-
	0	-	-

Athugasemdir sendanda:

Kvittun móttakanda

Móttakandi fékk það magn sem getið er um hér að ofan, í stykkjavöru/tónkum og í góðu ásigkomulagi, nema annað sé tekið fram í athugasemdum móttakanda.

Athugasemdir móttakanda:

Fyrirtæki:

Nafn og staða móttakanda:

Undirskrift móttakanda

Mynd af farmbréfi fyrir stykkjavöruflutninga

Flestir dálkar í farmbréfinu eins og til dæmis sendandi og móttakandi eru fylltir út með fyrirliggjandi upplýsingum en farmlýsinguna í ADR farmbréfinu á að setja upp á ákveðin hátt:

1. UN-númer efnis
2. Heiti efnis samkvæmt ADR (tafla B)
3. Númer varúðarmerkis (sama varúðarmerki og flokkur).
4. Ef merkja þarf efni með mörgu Ef merkja á efnið með viðbótar varúðarmerki/merkjum) skal númer þess (þeirra) koma í sviga þar á eftir
5. Pökkunarflokkur
6. Jarðgangaflokkur
7. Fjöldi eininga
8. Tegund umbúða (almenn lýsing, t.d. stáltunna eða 210 l stáltunna)
9. Brúttóþyngd, nettóþyngd eða rúmmál

Dæmi: Segjum að þú eigir að flytja 10 stykki af 250 lítra stáltunnum alls 2.200 lítrar. Farmlýsingin fyrir það lítur svona út

UN 1203 Bensín 3, II, (C/D), 10 stykki 250 lítra stáltunnur, 2.200 lítrar

Auk þess á að koma fram á farmbréfinu amk:

1. Nafn og heimilisfang sendanda
2. Nafn og heimilisfang móttakanda
3. Sérstakar upplýsingar eða undanþágur ef við á

Farmbréf eða farmlýsing fyrir tómar umbúðir

Einnig þarf að fylla út farmlýsingu fyrir flutning á tómum umbúðum utan af hættulegum efnum. Sú farmlýsing á ekki að vera jafn ítarleg og farmbréf fyrir fullar umbúðir. Þó er farmbréf fyrir tóma tanka töluvert ítarlegra, sjá kafla um tanka farmbréf. Farmlýsing fyrir tómar umbúðir er byggð upp á eftirfarandi hátt:

1. Fyrst er skrifaður textinn "TÓMAR UMBÚÐIR".
2. Síðan númer varúðarmerkinga sem voru á farminum (aukamerki í sviga fyrir aftan).
3. Fjöldi eininga.
4. Umbúðagerð.


Dæmi: Þú átt að flytja tómu bensíntunnurnar frá því í dæminu áðan tilbaka. Þá lítur farmlýsingin svona út:

Tómar umbúðir, 3 (+6.1), 10 stykki stáltunnur

Farmbréf fyrir tankaflutninga

Í tankaflutningum eiga að vera til staðar öll sömu skjöl og við flutning á hættulegum farmi í stykkjavöru. Flest helst óbreytt en þó verða smá breytingar á texta í farmbréfi það sem breytist er:

- Í farmbréfi eru umbúðir ekki lengur „kassi“ eða „tunna“ heldur verða umbúðirnar „tankur“ eða „gámatankur“
- Orðalag í farmbréfi fyrir tóman tank breytist nokkuð
- Viðurkenningarvottorð fyrir ökutæki þarf að vera til staðar

ADR farmbréf		Bls. 1 af 1	
Flutningsskjal númer:	Dagsetning lestunar:	Dagsetning móttöku:	
49483	29.1.2021	30.1.2021	
Sendandi (nafn, heimilisfang, land):	Flutningsaðili (nafn, heimilisfang, land):		
ADR skólinn Austursandi 243 220 Kópavogi	ADR flutningar ehf		
Móttakandi (nafn, heimilisfang, land):	Flutningsaðili 2 (nafn, heimilisfang, land):		
Netökuskólinn Mörkin 6 108 Reykjavík			
Reikningur númer:	Skráning ökutækis:	Skráning tengivagns:	
976	FL	-	

Með undirskrift sinni staðfestir ökumaður að farið hefur verið eftir ákvæðum ADR reglnanna við lestun og meðhöndlun farmsins og að við flutninginn verður farið eftir viðeigandi ákvæðum ADR reglnanna.

Undirskrift ökumanns

Farmur:	Fjöldi umbúða:	Gerð umbúða:	Magn:
UN 1203 Bensín, 3 II, (D/E)	1	Tankur_	15.000
	0	-	-
	0	-	-
	0	-	-

Athugasemdir sendanda:

Farmbréfi fyrir tank

Farmbréf eða farmlýsing fyrir tóma tanka og gámatanka

Einnig þarf að fylla út farmlýsingu fyrir flutning á tómu umbúðum utan af hættulegum efnunum. Sú farmlýsing á ekki að vera jafn ítarleg og farmbréf fyrir fullar umbúðir, en er töluvert ítarlegri en farmbréf fyrir tómar stykkjavöruumbúðir.

1. Fyrst er skrifað "TÓMUR TANKUR (eða TÓMUR GÁMATANKUR)".
2. Síðan kemur textinn „SEINASTI FARMUR“
3. UN númer efnisins
4. Nafn efnisins
5. Númer varúðarmerkinga (aukamerki í sviga fyrir aftan).

Dæmi:

Tómar tankur, seinasti farmur, UN 1203 Bensín, 3

ADR – Farmbréf fyrir tankaflutninga

Farmlýsingu í ADR farmbréfi á að setja upp á eftirfarandi hátt

1. UN-númer efnis
2. Heiti efnis samkvæmt ADR (tafla B)
3. Númer varúðarmerkis (sama varúðarmerki og flokkur).
4. Ef merkja þarf efni með mörgu Ef merkja á efnið með viðbótar varúðarmerki/merkjum) skal númer þess (þeirra) koma í sviga þar á eftir
5. Pökkunarflokkur
6. Jarðgangaflokkur
7. **Tegund umbúða, sem er “tankur” eða “gámatankur”**
8. Brúttóþyngd, nettóþyngd eða rúmmál

Dæmi:

UN 1203 Bensín 3, II, (C/D), tankur, 10.000 lítrar

ADR – farmbréf fyrir sprengiefnaflutninga

Í sprengiefnaflutningum eiga að vera til staðar öll sömu skjöl og við flutning á hættulegum farmi í stykkjavöru. Flest helst óbreytt en þó verða smá breytingar á texta í fambréfi það sem breytist er:

ADR heiti efnisins. Þegar um er að ræða „sprengiefni af gerð A/B/C/D/E“ þá má einnig merkja með vöruheiti efnisins, t.d. gæti tegund af dýnamíti heitið dynoplex eða dynamax o.s.frv. og þá má láta það heiti fylgja með.

Hættuflokkunina á skrifa með með samsettum hættu og aðskilnaðaflokki t.d. 1.1D eða 1.2B o.s.frv.


Viðurkenningarvottorð fyrir ökutæki (EX II og EX III) þarf að vera til staðar

Heildarþyngd og nettóþyngd sprengifima hlutans þarf að koma fram

Farmlýsingu í ADR farmbréfi fyrir sprengifiman farm á að setja upp á eftirfarandi hátt

1. UN-númer efnis
2. Heiti efnis samkvæmt ADR (tafla B), um er að ræða „sprengiefni af gerð A/B/C/D/E“ þá má einnig merkja með vöruheiti efnisins
3. Númer varúðarmerkis (sama varúðarmerki og flokkur).
4. Ef merkja á efnið með viðbótar varúðarmerki/merkjum) skal númer þess (þeirra) koma í sviga þar á eftir
5. Pökkunarflokkur (ef efni er með pökkunarflokk)
6. Jarðgangaflokkur
7. Tegund umbúða, t.d. pappakassi
8. Brúttóþyngd og nettóþyngd sprengifima hlutans

Dæmi: UN 0081 Sprengiefni gerð A Dynoplex 2000, 1.1D, (B1000C), 10 stykki 25 kg pappakassar, 280 kg brúttó, 250 kíló nettó

ADR farmbréf		Bls. 1 af 1	
Flutningsskjal númer:	Dagsetning lestunar:	Dagsetning móttöku:	
008	1. maí 2019		
Sendandi (nafn, heimilisfang, land):	Flutningsaðili (nafn, heimilisfang, land):		
ADR skólinn Hvergitúni 1 106 Reykjavík	ADR flutningar Hf		
Móttakandi (nafn, heimilisfang, land):	Flutningsaðili 2 (nafn, heimilisfang, land):		
Netökuskólinn Mörkin 6 108 Reykjavík			
Reikningur númer:	Skráning úkutækis:	Skráning tengivagns:	
54321	EX III	-	
<p>Með undirskrift sinni staðfestir ökumaður að farið hefur verið eftir ákvæðum ADR reglnanna við lestun og meðhöndlun farmsins og að við flutninginn verður farið eftir viðeigandi ákvæðum ADR reglnanna.</p> <p style="text-align: right;">_____</p> <p style="text-align: right;">Undirskrift ökumanns</p>			

Farmur:	Fjöldi umbúða:	Gerð umbúða:	Magn:
UN 0081 Sprengiefni gerð E, Dýnómax, 1.1D, (B1000C)	10	Pappakassi	250 kg nettó
	0	-	-
	0	-	-
	0	-	-

Athugasemdir sendanda:

Kvittun móttakanda Móttakandi fékk það magn sem getið er um hér að ofan, í stykkjavöru/tönkum og í góðu ásigkomulagi, nema annað sé tekið fram í athugasemdum móttakanda.

Athugasemdir móttakanda:

Fyrirtæki:

Nafn og staða móttakanda:

Undirskrift móttakanda

Dæmi um farmbréf fyrir sprengifiman varning

Tungumála reglur fyrir farmbréf

Ákveðnar reglur gilda um það á hvaða tungumáli farmbréfið á að vera.

1. Ef verið er að senda vörur innanlands t.d. frá Akureyri til Reykjavíkur þá á farmbréfið að vera á tungumáli sendanda
2. Ef verið er senda vörur á milli landa skal farmbréfið vera ritað á tungumáli sendandans (opinberu tungumáli landsins sem sent er frá)
3. Ef tungumál sendanda er hvorki enska, franska eða þýska hin þrjú opinberu tungumál vrópska efnahagssvæðins þá einnig á einu af þeim tungumálum (þ.e. bæði á tungumáli sendanda og ensku/frönsku/þýsku).

Dæmi: Þú ert að senda ADR farm frá Grikklandi til Rúmeníu. Þá á farmbréfið að vera á Grísku og annaðhvort ensku, þýsku eða frönsku

Viðurkenningarvottorð ökutækja

Sum ökutæki sem flytja ADR skyldan farm þurfa viðurkenningarvottorð sem veitt er af Samgöngustofu. Þessi ökutæki þurfa að uppfylla ákveðnar öryggiskröfur sem eru tilteknaðar í ADR reglum. Eftirfarandi ADR ökutæki þurfa viðurkenningarvottorð:

1. Tankabílar sem flytja hættulegan farm þ.e. **AT** og **FL** bílar
2. Ökutæki sem flytja gámatanka (fargeyma) sem flytja hættulegan farm
3. Ökutæki sem flytja sprengifim efni **EX II** og **EX III** bílar
4. Uppdælubílar sem eiga líka að flytja hættulegan farm

CERTIFICATE OF APPROVAL FOR VEHICLES CARRYING CERTAIN DANGEROUS GOODS			
This certificate testifies that the vehicle specified below fulfils the conditions prescribed by the European Agreement concerning the International Carriage of Dangerous Goods by Road (ADR).			
1. Certificate No.:	2. Vehicle manufacturer:	3. Vehicle Identification No.:	4. Registration number (if any):
5. Name and business address of carrier, operator or owner:			
6. Description of vehicle: ¹			
7. Vehicle designation(s) according to 9.1.1.2 of ADR: ²			
EX/II EX/III FL AT MEMU			
8. Endurance braking system: ³			
<input type="checkbox"/> Not applicable <input type="checkbox"/> The effectiveness according to 9.2.3.1.2 of ADR is sufficient for a total mass of the transport unit of ____ t ⁴			
9. Description of the fixed tank(s)/battery-vehicle (if any):			
9.1 Manufacturer of the tank:			
9.2 Approval number of the tank/battery-vehicle:			
9.3 Tank manufacturer's serial number/Identification of elements of battery-vehicle:			
9.4 Year of manufacture:			
9.5 Tank code according to 4.3.3.1 or 4.3.4.1 of ADR:			
9.6 Special provisions TC and TE according to 6.8.4 of ADR (if applicable): ⁶			
10. Dangerous goods authorised for carriage:			
The vehicle fulfils the conditions required for the carriage of dangerous goods assigned to the vehicle designation(s) in No. 7.			
10.1 In the case of an EX/II <input type="checkbox"/> goods of Class 1 including compatibility group J or EX/III vehicle ³ <input type="checkbox"/> goods of Class 1 excluding compatibility group J			
10.2 In the case of a tank-vehicle/battery-vehicle ³			
<input type="checkbox"/> only the substances permitted under the tank code and any special provisions specified in No. 9 may be carried ⁵ or <input type="checkbox"/> only the following substances (Class, UN number, and if necessary packing group and proper shipping name) may be carried:			
Only substances which are not liable to react dangerously with the materials of the shell, gaskets, equipment and protective linings (if applicable) may be carried.			
11. Remarks:			
12. Valid until:		Stamp of issuing service	
		Place, Date, Signature	

Dæmi um ADR skráningarskírteini úr kafla 9.1.3.5 í ADR reglum

Flutningsslysablað og fylgibúnaður

Flutningsslysablað

Flutningsslysablað (stundum kallað „skriflegar leiðbeiningar“) á alltaf að vera til staðar í ökutæki við flutning á hættulegum farmi. Í flutningsslysablaðinu eru upplýsingar um viðbrögð í neyðartilfellum sem bílstjórinn getur kynnt sér og farið eftir ef aðstæður krefjast.

Eftirfarandi reglur gilda um flutningsslysablað:

1. Flutningsslysablað inniheldur upplýsingar um varúðarráðstafanir og fyrstu viðbrögð við slysi eða óhappi
2. Sá sem flytur hættulegan farm, skal sjá um að ökumaður og eftir atvikum aðstoðarmaður hans fái flutningsslysablað á tungumáli sem þeir skilja
3. Það er á ábyrgð flutningsaðili að sérhver áhafnameðlimur skilji innihald flutningsslysablaðsins og kunni að framfylgja ákvæðum þess.

Uppbygging flutningsslysablaðsins

- Flutningsslysablaðið er fjórar blaðsíður
- Á fyrstu blaðsíðunni er gátlisti þar sem farið er yfir fyrstu viðbrögð við slysi eða óhappi
- Á blaðsíðum 2 og 3 er tafla með viðbótarleiðbeiningum þar sem farið er yfir merkingar hættuflokka, hvaða dæmigerðu hættur fylgja hverjum flokki og viðbrögð við þeim
- Á blaðsíðu 4 er farið yfir öryggisbúnað sem á að vera til staðar í bílnum við ADR flutninga

Hvar getur maður fundið flutningsslysablaðið

- Flutningsslysablaðið má finna í viðauka XVI í reglugerð 1077/2010
- Flutningsslysablað á íslensku má einnig finna á vef Vinnueftirlitsins
- <https://www.vinnueftirlit.is/media/handbaekur/ADR-flutningsslysablad.pdf>
- Flutningsslysablaðið má einnig finna á ýmsum tungumálum á heimasíðu efnahagsnefndar sameinuðu þjóðanna http://www.unece.org/trans/danger/publi/adr/adr_linguistic_e.html
- Flutningsslysablað má finna aftast í þessari bók

Fylgibúnaður í ADR flutningum

Farið er yfir nauðsynlegan fylgibúnað á síðu 4 á flutningsslysablaðinu. Fylgibúnaður er öryggisbúnaður fyrir bílstjórnann og er líka til að koma í veg fyrir umhverfisslys.

Á öftustu síðu flutningsslysablaðsins er eftirfarandi texti:

Öryggisbúnaður í ökutækjum

Eftirfarandi búnaður skal vera í ökutæki sama hvaða varúðarmerki eru á umbúðum:

- A.m.k. einn stoppklossi fyrir hvert ökutæki. Stærð stoppklossa skal miða við þunga ökutækis og stærð (þvermál) hjólbarða.
- Tvö frístandandi viðvörðunarkerki.
- Augnskolvökvi (þarf ekki fyrir varning með varúðarmerki nr. 1, 1.4, 1.5, 1.6, 2.1, 2.2 og 2.3).



Fyrir sérhvern áhafnarmeðlim:

- Heppilegt endurskinsvesti eða endurskinsklæðnaður (t.d. eins og lýst er í staðlinum ÍST EN 471).
- Vasaljós.
- Hlífðarhanskar.
- Augnhlífðarbúnaður

Þar að auki skal vera til staðar eftirfarandi búnaður fyrir vissa hættuflokka:

- Öndunargríma (t.d. öndunargríma með samsettri gas-/ryksíu af gerðinni A1B1E1K1-P1 eða A2B2E2K2-P2, sem eru svipaðar og lýst er í Evrópustaðli EN 141) fyrir ökumann og eftir atvikum aðstoðarmann hans þegar fluttur er varningur með varúðarmerki 2.3 eða 6.1.
- Skófla (aðeins krafist þegar fluttur er varningur með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9).
- Þéttibúnaður fyrir niðurföll (aðeins krafist þegar fluttur er varningur með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9).
- Uppsöfnunarílát úr plasti (aðeins krafist þegar fluttur er varningur með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9).

Reglur um slökkvitæki

Eftirfarandi reglur gilda um slökkvibúnað sem á að vera til staðar í ADR flutningum.

Alltaf skal vera eitt eða fleiri duftslökkvitæki (eða slökkvitæki með sambærilegan slökkvimátt og slökkvieiginleika) sem er hentugt til að slökkva eld í vélarrými eða stýrishúsi ökutækis og er **að lágmarki tvö kg að þyngd.**

Eftirtalinn slökkvibúnaður skal vera í ökutæki til að slökkva eld í efnum í brunaflokki A, B og C:

1. Fyrir ökutæki/vagnlest með leyfða heildarþyngd **yfir 7.500 kg**:
 - eitt eða fleiri að lágmarki tólf kg duftslökkvitæki þar sem a.m.k. eitt þeirra er að lágmarki sex kg dufttæki;
2. Fyrir ökutæki eða vagnlest með leyfða heildarþyngd **yfir 3.500 kg**, að hámarki 7.500 kg:
 - eitt eða fleiri að lágmarki átta kg duftslökkvitæki þar sem a.m.k. eitt þeirra er að lágmarki sex kg dufttæki;
3. Fyrir ökutæki eða vagnlest með leyfða heildarþyngd **3.500 kg og minni**:
 - eitt eða fleiri að lágmarki fjögurra kg duftslökkvitæki.

Kafli 10 - Samlestun

Samlestunar reglur

Reglur um samlestun snúast um það hvaða hættulegi farmur má lestast saman á ökutæki. Samlestunarreglur eiga að koma í veg fyrir að flutt séu saman hættuleg efni sem geta hvarfast við- eða haft áhrif hvort á annað þannig að það myndist hættulegra efni eða hættulegar aðstæður. Dæmi um slíkar aðstæður eða efnahvarf/hvörf væri t.d.:

1. Slys verður og efni blandast saman, við það verður efnahvarf sem veldur mikilli hitaútgæslun eða bruna
2. Slys verður og efni blandast saman, við það verður efnahvarf sem myndar hættulegar lofttegundur (eitradar eða eldfimar)
3. Aðstæður sem auka líkur á öflugri sprengingu (til dæmis flutningur á hvellhettum og sprengiefni á sama ökutæki)

Um samlestun gilda ýmis ákvæði sem oft eru bundin við ákveðin efni eða flokk efna. Þó má segja að um samlestun gildi tvær þumalputtareglur sem auðvelt er að muna og fara eftir.

Þær eru:

1. Sprengifim efni (hættuflokkur 1) má ekki lesta og/eða flytja með öðrum hættulegum farmi (á þessu eru samt nokkrar undantekningar)
2. Ekki má stafla fóðurvöru, matvælum eða neytendavöru nálægt efnum sem eru merkt CV28 (*hættuflokkur 6.1, hættuflokkur 6.2 eða með eftirfarandi UN númerum í hættuflokki 9, UN-númeri 2212, 2315, 2590, 3115, 3152 eða 3245*) í töflu A. Þetta gildir um allar umbúðir, líka tómar notaðar umbúðir. En gildir ekki ef hættulegi varningurinn er pakkaður í ytri umbúðir, t.d. krossviðarkassa.

Hvað má flytja saman stjórnast af varúðarmerkingunum á umbúðum

1. Grunnreglan er sú að flest allan hættulegan farm má flytja saman
2. Annars þarf að fara eftir töflu í viðauka IV í reglugerð nr 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi. Töfluna má sjá hér fyrir neðan
3. Þó að ekki megi flytja efni á sama ökutæki mega þau þó vera á sama æki enda bíll og vagn flokkað sem sitt hvort ökutækið
4. Strangar samlestunarreglur gilda um hvaða sprengiefni má flytja saman. Hér á eftir er tafla sem sýnir hvaða aðskilnaðarflokka má flytja saman

Athugið að efni sem ekki má flytja saman á ökutæki mega ekki vera á sama farmbréfi

Samlestunartafla

Tafla sem sýnir hvað má lesta saman. Flytja má þá flokka sem merktir eru með X-i þar sem þeir skarast.

merkis Nr. varúðar -	1	4	5.1	6.1	2.1, 2.2, 2.3	3	1.4	4.1, 4.2	2.4	3.4	1.5	2.5	5	1.6 1+2	2.6	7A, A.7	8 UB,	9
1	Sjá samlestun efna í hættuflokki 1														b			
1.4	Sjá samlestun efna í hættuflokki 1														a b c			
1.5	Sjá samlestun efna í hættuflokki 1														b			
1.6	Sjá samlestun efna í hættuflokki 1														b			
2.1, 2.2, 2.3	a				X	X	X		X	X	X	X		X	X	X	X	X
3	a				X	X	X		X	X	X	X		X	X	X	X	X
4.1	a				X	X	X		X	X	X	X		X	X	X	X	X
4.1+1								X										
4.2	a				X	X	X		X	X	X	X		X	X	X	X	X
4.3	a				X	X	X		X	X	X	X		X	X	X	X	X
5.1	d	a			X	X	X		X	X	X	X		X	X	X	X	X
5.2		a			X	X	X		X	X	X	X		X	X	X	X	X
5.2+1													X					
6.1		a			X	X	X		X	X	X	X		X	X	X	X	X
6.2		a			X	X	X		X	X	X	X		X	X	X	X	X
7A, B, C		a			X	X	X		X	X	X	X		X	X	X	X	X
8		a			X	X	X		X	X	X	X		X	X	X	X	X
9	b	a b c	b	b	X	X	X		X	X	X	X		X	X	X	X	X

X = samlestun leyfileg:

- samlestun með efnum eða hlutum í hættuflokki 1.4S;
- samlestun með farmi í flokki 1 og björgunarbúnaði í flokki 9 (UN 2990, 3072 og 3268);
- samlestun á gasbúnaði í öryggispúðum og beltistrekkjurum í flokki 1.4, aðskilnaðarflokki G (UN 0503) með öryggispúðum eða beltistrekkjurum í flokki 9 (UN 3268);
- samlestun á sprengiefni (fyrir utan UN 0083, sprengiefni gerð C) með ammóníumnítrati og ólífrænu nítrati í flokki 5.1 (UN 1942 og 2067) er leyfileg að því tilskildu að farmurinn flokkist sem sprengiefni í flokki 1 varðandi merkingar með varúðarmerkjum á ökutæki/gám, aðskilnað, hleðslu og hámarks magn á ökutæki/vagnlest.

Samlestun og varúðarráðstafanir varðandi matvöru, neytendavöru og dýrafóður

Eins og fram hefur komið má ekki lesta eða geyma matvæli, fóðurvöru og neytendavöru nálægt eitruðum og smitandi efnum. Ef nauðsynlegt er að lesta þessi efni saman skal fylgja eftirfarandi:

1. Með aðskilnaði sem er a.m.k. jafnhár og farmurinn með varúðarmerkjum 6.1, 6.2 eða með eftirfarandi UN númerum í hættuflokki 9, UN-númeri 2212, 2315, 2590, 3115, 3152 eða 3245
2. Með farmi sem ekki er með varúðarmerkjum 6.1, 6.2 eða áður nefndum UN númerum í flokki 9
3. Með a.m.k. 0,8 m (breidd á einu bretti) fjarlægð á milli

Samlestun og gámar

Reglur um samlestun ná líka yfir stykkjavöruflutning í gámum. Þó eru reglurnar eilítið frábrugðnar frá stykkjavöruflutningum.


- Heimilt er að lesta flutningseiningar sem ekki má lesta saman ef notast er við aðskilda lokaða gáma
- Þessi regla gildir samt ekki um samlestun á hættulegum farmi í flokki 1 og öðrum hættulegum farmi. Slíkur flutningur á sama ökutæki er einungis heimilaður í örfáum undantekningartilvikum

Kafli 11 Merking ökutækja

Við flutning á hættulegum farmi skal ökutæki merkt með tveimur ferhyrindum appelsínugulum merkjum, búnum endurskini. Merkin skulu vera 400 mm að lengd og 300 mm að hæð með 15 mm breiðri svartri umgerð. Þeim skal komið fyrir þannig að þau sjáist vel að framan og aftan á ökutæki eða eftir atvikum vagnlest. Sé erfitt að koma fyrir merkjum af umræddri gerð vegna stærðar eða lögunar ökutækis, má hafa þau 300 mm að lengd, 120 mm að hæð og umgerð 10 mm breiða. Þegar hættulegur farmur er fluttur ósekkjaður eða í tanki eða gámatanki, skulu merki vera með UN-númeri og viðeigandi hættunúmeri.

Ökutæki skal, þegar flutt eru sprengifim efni, geislavirk efni, ósekkjaður farmur eða farmur í tanki, merkt á báðum hliðum og að aftan með einu eða fleiri varúðarmerkjum sem tilgreind eru í töflu A.

Gámur eða gámatankur sem hættulegur farmur er fluttur í, skal merktur á báðum hliðum, að framan og aftan með einu eða fleiri varúðarmerkjum sem tilgreind eru í töflu A



400x300 mm



300x120 mm



400x300 mm

Mynd Hættuskilti – auð og númeruð

Hættunúmer

Hættunúmer eru notuð í hættuskiltum. Þau eru alltaf efri talan á hættuskiltum (neðri talan eru UN númer efnisins) og segja til um hvaða hættu/hættur stafa af efninu. Eftirfarandi gildir um hættunúmer:

1. Hættunúmerin endurspeglar að miklu leiti hættuflokkana. T.d. þýðir talan 3 - eldhætta og talan 8 að um er að ræða hættu vegna ætandi áhrifa efnisins. Þessvegna er hægt að „lesa“ hættuna úr tölustöfunum ef maður þekkir hættuflokkana

2. Hættunúmer eru alltaf tveir eða þrjú tölustafir og stundum er bókstafurinn X fyrir framan
3. Ef sama talan er endurtekin þýðir það aukna hættu. Annars er tölustafurinn 0 (núll) notaður. T.d. þýðir talan 30 = eldfimur vökvi en talan 33 = mjög eldfimur vökvi
4. Ef bókstafurinn X er fremst í hættunúmerinu þýðir það að ekki má nota vatn við slökkvistarf

Hvað þýða hættunúmerin

0 Án merkingar.

1 Ekki notað.

2 Gas getur myndast vegna þrýstings eða efnahvarfs.

3 Eldfimur vökvi (gufa) eða gas eða vökvi sem hitnar af sjálfu sér.

4 Eldfimt fast efni eða fast efni sem hitnar af sjálfu sér.

5 Eldnærandi áhrif.

6 Hætta á eitrun eða smiti.

7 Hætta á geislavirkni.

8 Hætta á ætingu.

9 Hætta á skyndilegu öflugu efnahvarfi.

Margar mögulegar samsetningar eru á hættunúmerum.

Hér eru nokkrur dæmi:

- 20 Kæfandi lofttegund eða óvirk lofttegund.
- 225 Djúpkæld, eldnærandi lofttegund.
- 26 Eitruð lofttegund.
- 462 Eitrað fast efni sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
- X482 Fast efni sem hvarfast við vatn og myndar ætandi lofttegundir.
- 55 Sterkt eldnærandi efni.
- 568 Eldnærandi efni, eitrað, ætandi.
- 623 Eitraður vökvi sem hvarfast við vatn og myndar eitraðar lofttegundir.

Auk hættuskilta á í sumum tilfellum að merkja ökutæki með **varúðarmerki/merkjum** fyrir þá hættuflokka sem verið er að flytja.



Merking ökutækja -Kassabílar

Þegar hættulegur farmur er fluttur sem stykkjavara í kassabíl er merking ökutækisins mjög einföld

- Einungis á að merkja ökutækið með tómum (ónúmeruðum) gulum kassa að framan og að aftan.
- Ef um er að ræða bíl með vagni er lágmarksmerking að hafa tóman gulan kassa framan á bílnum og aftan á eftirvagninum.
- Athugið að ef um kassabíl er að ræða þarf ekki að merkja bílinn með varúðarmerkjum (viðvörðunartíglum). Einungis tómum gulum kassa fremst og aftast.



Merking ökutækja – gámaflutningar

Þegar hættulegur farmur er fluttur sem stykkjavara í gám verða merkingarreglurnar aðeins flóknari.

- Ökutækið sjálf er merkt með tómum (ónúmeruðum) gulum kassa að framan og að aftan eins og ef um kassabíl væri að ræða
- En gámurinn sjálfur á að merkjast með öllum þeim varúðarmerkjum (viðvörðunartíglum) sem eru á varningnum inni í bílnum.
- Þessar merkingar á að setja á **allar fjórar hliðar** gámsins



Merking ökutækja í tankaflutningum

ADR merkingar á ökutækjum sem flytja tanka/gámatanka eru aðeins flóknari en merkingar á ökutækjum sem flytja hættulegan farm í stykkjavöru.

Helsti munurinn felst í því að nú þarf að:

1. Merkja tanka (ekki bara gáma) með viðeigandi viðvörðunarkerkjum (tíglum)
2. Merkja ökutæki með hættuskiltum sem eru með UN númerum og hættunúmerum

Merking ökutækja sem flytja hættuleg efni í tönkum/gámatönkum

Tvenns konar merkingar eiga að vera á ADR ökutækjum.

Varúðarmerki - tígullaga merki fyrir þá hættuflokka sem verið er að flytja.

Hættuskilti – Kassalaga gult merki. Bæði eru notuð merki sem eru tómt og líka merki sem innihalda upplýsingar um UN númer og hverskonar hættu stafar af varningnum sem verið er að flytja. UN númerið er í neðri dálknum en í þeim efri ef hættunúmerið sem lýsir hættunni.

Merking ökutækja – notkun hættuskilta

Þegar hættulegur farmur er fluttur í tönkum á þar til gerðum ökutækjum gilda eftirfarandi reglur um merkingar ökutækisins, sama hvort það er að flytja tanka eða gámatanka:

Ökutæki er merkt að framan og aftan með tómum (ónúmeruðum) gulum kassa.


Á báðar hliðar ökutækisins er sett hættuskilti með UN númeri efnis/efna sem verið er að flytja og hættunúmeri sem lýsir hættu sem stafar af efninu.

Ef tankurinn skiptist í mörg aðskilin hólf sem innihalda mismunandi efni þarf að merkja hvert hólf.

Í sumum tilfellum eru undanþágur frá þessari uppsetningu en við komum að því síðar.

Grunnmerking ökutækja

Tankur með þremur hólfum.



Tankurinn er merktur með auðum hættuskiltum að framan og aftan og númeruðum hættuskiltum á hvert hólf

Undanþágur frá merkingum


Það eru nokkrar undanþágur/breytingar frá merkingum leyfðar í tankaflutningum.

Markmiðið með þeim er að einfalda merkingar án þess að gefa afslátt á öryggi.

Eftirfarandi undanþágur eru leyfðar:

1. Þegar einungis er verið að flytja eitt hættulegt efni er leyfilegt að sleppa því að vera með númeruð hættuskilti á hliðunum og hafa þess í stað númeruð skilti að framan og aftan. Í slíkum tilfellum er tónum hættuskiltum sleppt. Engin breyting er á staðsetningu eða fjölda varúðarmerkja (tígla).
2. Þegar fluttar eru saman mismunandi gerðir eldsneytis í tanki með mörgum hólfum og/eða á fleiri en einu ökutæki er heimilt að merkja einungis fyrir það efni sem er með lægsta blossamarkið. Þá merkist ökutækið samkvæmt reglunni hér á undan. Þetta gildir fyrir eftirfarandi UN númer, 1202, 1203, 1223, 1268 og 1863.

Dæmi: Verið er að flytja saman bensín og dísel. Bensín er með lægra blossamark og því þarf einungis að merkja fyrir bensíniðlutt



Mynd Undanþágur frá hefðbundum merkingum

Ef einungis er verið að flytja eitt efni má hafa númeruð hættuskilti að framan og aftan og sleppa hættuskiltum á hliðum

Merking tankökutækja – notkun varúðarmerkja

Tanka á alltaf að merkja með öllum þeim varúðarmerkjum sem eiga við um þau efni sem verið er að flytja.

1. Fyrir **tankaflutninga** gildir að merkja á með varúðarmerkjum á sitt hvora hlið gámsins og að aftan. Það eru því að lágmarki **þrjú** varúðarmerki (viðvörðunartíglar) á tanki sem flytur hættulegan farm.

2. Fyrir **gámatanka** gildir að þeir merkjast eins og venjulegir gámar. Gámatankar merkjast þannig að öll viðeigandi varúðarmerki (viðvörðunartíglar) eru settir allar fjórar hliðar gámatanksins. Það eru því að lágmarki **fjögur** varúðarmerki (viðvörðunartíglar) á gámatanki sem flytur hættulegan farm.

Ef tankurinn skiptist í mörg aðskilin hólf sem innihalda mismunandi efni þarf að merkja hvert hólf.

Dæmi um varúðarmerkingar á tönkum:



Mörg hólf. Varúðarmerki fyrir hvert hólf og aftan á tanki



Eitt efni flutt. Varúðarmerki á báðum hliðum og að aftan



Gámatankur með eitt efni. Varúðarmerki á öllum fjórum hliðum



Mynd. Íslenskur tankbíll merktur samkvæmt undanþágu hér að undan

Merkingar ökutækja í sprengiefnaflutningum

Merkingar á ökutækjum sem flytja sprengifiman farm

Ökutæki sem flytja sprengifiman farm á að merkja á eilítið annan hátt en ökutæki sem flytja hefðbundinn hættulegan farm

1. Auð hættuskilti (gulir kassar) eiga að fara framan og aftan á ökutæki (æki)
2. Á kassabílum á að setja öll þau varúðarmerki (tígla) sem eru á varningnum á báðar hliðar bílsins og að aftan. Alls þrjú staðir.
3. Gámar merkjast eins og þegar um venjulega stykkjavöru er að ræða, öll þau varúðarmerki sem eru á varningnum á allar fjórar hliðar gámsins.

Ef sprengifim efni í flokki 1 hafa aðrar hættur, t.d. ef efnin eru eitruð eða ætandi á einnig að merkja fyrir þeim hættum utan á bílinn.

Kassabíla sem flytja sprengiefni á að merkja á eftirfarandi hátt



Ef sprengiefni eru flutt í gámum þá á að merkja gámana eins og þegar annar hættulegur varningur er fluttur í gámum. Þ.e. með öllum þeim varúðarmerkjum sem eru á varningnum inni í bílnum á allar fjórar hliðar gámsins

Sérreglur um varúðarmerki

Eins og fram hefur komið þá á að setja bókstafinn sem táknar aðskilnaðarflokk inn í varúðarmerkin. Það gildir einnig fyrir merkingar utan á bílunum.

Ef flutt eru sprengifim efni í mörgum aðskilnaðarflokkum í sama ökutæki þá á ekki að setja neinn bókstaf inn í varúðarmerkin.



Varúðarmerki utan á bíl sem flytur efni í flokki 1.4S



Varúðarmerki utan á bíl sem flytur efni í flokki 1.4 en í mörgum aðskilnaðarflokkum

Sérreglur um varúðarmerki framhald

Og alveg eins og í reglunum um samlestun þar sem allur farmur flokkast eftir hættulegasta flokknum þá á líka að merkja ökutækin eftir hættulegasta flokknum.

Til upprifjunar er flokkunin eftirfarandi:

Hættulegast

Minnst hættulegt

1.1 – 1.5 – 1.2 – 1.3 – 1.6 – 1.4

Þegar flutt eru saman efni í hættuflokki 1.2 og 1.5 þá eru þau „hækkuð“ upp í hættuflokk 1.1.

- Þetta þýðir að ef efni í flokki 1.3 og 1.5 eru flutt saman á að merkja bílin með merkjum fyrir flokk 1.5 þar sem það eru hættulegra efni

Eftirlit með ADR flutningum

Það er lögreglan sem hefur eftirlit með ADR flutningum og hefur heimild, ef ástæða er til, til að kyrrsetja bíla eða sekta. Sektarfjárhæðir er ákvarðaðar í reglugerð 1240/2019 og er aðeins mismunandi hver ber ábyrgð á brotinu. En það geta verið sendandi, flutningsaðili eða bílstjóri. Sektarliðir í reglugerðinni eru 25 talsins og sektarupphæðirnar eru á bilinu 50 – 150 þúsund fyrir hvern lið. Vegna uppbyggingar sektarákvæðanna er þó líklegt að ef einhverju er ábótavant í flutningnum að hægt sé að sekta fyrir fleiri en einn lið.

Kafli 12 - Akstur gegnum jarðgöng, sérstök flutningsákvæði og vöktunarákvæði

Hættulegur farmur, sem fluttur er um jarðgöng, skal flokkaður í fimm flokka, frá A til E, í samræmi við XV. Viðauka og sbr. 15. dálk í töflu A.

Hættulegan farm er annaðhvort bannað að flytja eða það er leyft að uppfylltum skilyrðum, sbr. töflu A.

Hættulegan farm skal flokka í jarðgangnakóða fyrir afhendingu til flutnings.

ADR og jarðgöng

Samkvæmt ADR reglunum ber að flokka jarðgöng eftir því hvaða hættulega farm má flytja í gegnum þau.

Hættulegur farmur, sem fluttur er um jarðgöng, skal flokkaður í fimm flokka, frá A til E, sbr. dálk númer 15 í töflu A.

Í dálki 15 í töflu A, dálk má sjá í hver jarðgangnakóði viðkomandi UN númers er.

Jarðgangnakóðinn er gefinn upp í sviga t.d. (B) eða (D/E)

Á Íslandi eru jarðgöng með kóðann (B) en sum jarðgöng flokkast í jarðgangnakóða (D) á ákveðnum tímum dagsins þegar mikil umferð er.



Mynd. Skilti við Hvalfjarðargöng

Jarðgangnaflokkar

Jarðgangaflokkur A:

Engar takmarkanir á flutningi hættulegs farms.

Jarðgangaflokkur B:

Takmarkanir á flutningi hættulegs farms sem valdið getur mjög öflugri sprengingu.

Eftirfarandi hættulegur farmur er talinn uppfylla þessi ákvæði:

- Flokkur 1: Aðskilnaðarflokkur A og L.
- Flokkur 3: Flokkunarkóði D (UN 1204, 2059, 3064, 3343, 3357 og 3379).
- Flokkur 4.1: Flokkunarkóði D og DT og sjálfhvarfandi efni af gerð B (UN 3221, 3222, 3231 og 3232).
- Flokkur 5.2: Lífræn peroxíð af gerð B (UN 3101, 3102, 3111 og 3112).

Þegar nettóheildarmagn sprengifims farms á æki er yfir 1.000 kg:

- Flokkur 1: Hættuflokkur 1.1, 1.2 og 1.5 (fyrir utan aðskilnaðarflokka A og L).

Flutningur í tönkum:

- Flokkur 2: Flokkunarkóði F, TF og TFC.
- Flokkur 4.2: Pökkunarflokkur I.
- Flokkur 4.3: Pökkunarflokkur I.
- Flokkur 5.1: Pökkunarflokkur I.

Jarðgangaflokkur C:

Takmarkanir á flutningi hættulegs farms sem valdið getur mjög öflugri sprengingu, öflugri sprengingu eða útstreymi eiturs.

Eftirtalinn hættulegur farmur er talinn uppfylla þessi ákvæði:

- a. hættulegur farmur sem bannað er að flytja í jarðgöngum í flokki B.
- b. eftirtalinn hættulegur farmur:

- Flokkur 1: Hættuflokkur 1.1, 1.2 og 1.5 (nema aðskilnaðarflokkar A og L) og hættuflokkur 1.3 (aðskilnaðarflokkar H og J).
- Flokkur 7: UN 2977 og 2978.

Þegar nettóheildarmagn sprengifims farms á æki er yfir 5.000 kg:

- Flokkur 1: Hættuflokkur 1.3 (aðskilnaðarflokkar C og G).

Flutningur í tönkum:

- Flokkur 2: Flokkunarkóði T, TC, TO og TOC.
- Flokkur 3: Pökkunarflokkur I fyrir flokkunarkóða FC, FT1, FT2 og FTC.
- Flokkur 6.1: Pökkunarflokkur I fyrir flokkunarkóða TF1 og TFC og eitruð við innöndun (UN 3381 og 3390).
- Flokkur 8: Pökkunarflokkur I fyrir flokkunarkóða CT1.

Jarðgangaflokkur D:

Takmarkanir á flutningi hættulegs farms sem valdið getur mjög öflugri sprengingu, öflugri sprengingu eða útstreymi eiturs eða miklum eldsvoða.

Eftirtalinn hættulegur farmur er talinn uppfylla þessi ákvæði:

- a. hættulegur farmur sem bannað er að flytja í jarðgöngum í flokki C og
- b. eftirtalinn hættulegur farmur:
 - Flokkur 1: Hættuflokkur 1.3 (aðskilnaðarflokkur C og G).
 - Flokkur 2: Undirflokkur F, FC, T, TF, TC, TO, TFC og TOC.
 - Flokkur 4.1: Sjálfhvarfandi efni af gerð C, D, E og F og UN 2956, 3241, 3242 og 3251.
 - Flokkur 5.2: Lífræn peroxíð af gerð C, D, E og F.
 - Flokkur 6.1: Pökkunarflokkur I fyrir flokkunarkóða TF1 og TFC og eitruð við innöndun (UN 3381 og 3390).
 - Flokkur 8: Pökkunarflokkur I fyrir flokkunarkóða CT1.
 - Flokkur 9: Flokkunarkóði M9 og M10.

Flutt sem ópakkað efni eða í tönkum:

- Flokkur 3: Pökkunarflokkur I og II og flokkunarkóði F2.
- Flokkur 4.2: Pökkunarflokkur II.
- Flokkur 4.3: Pökkunarflokkur II.
- Flokkur 6.1: Pökkunarflokkur I fyrir flokkunarkóða TF2 og TW1 og pökkunar-flokkur II fyrir flokkunarkóða TF1, TF2, TFC og TW1.
- Flokkur 8: Pökkunarflokkur I fyrir flokkunarkóða CF1, CFT og CW1.
- Flokkur 9: Flokkunarkóði M2 og M3.

Jarðgangaflokkur E:

Takmarkanir á flutningi á öllum hættulegum farmi nema UN 2919, UN 3291, UN 3331, UN 3359 og UN 3373.

Ákvæði um merkingar og takmarkanir á umferð.

Þegar takmarkanir eru á akstri um jarðgöng eða aðrar leiðir eru fyrirskipaðar skal merkja jarðgöngin með aukamerki á eftirfarandi hátt:

ENGIN MERKI	ENGAR TAKMARKANIR
MERKJA Á MEÐ AUKAMERKI MEÐ BÓKSTAFNUM B	GILDIR UM ÖKUTÆKI MEÐ VARNING SEM EKKI ER LEYFÐUR Í JARÐGÖNGUM Í FLOKKI B
MERKJA Á MEÐ AUKAMERKI MEÐ BÓKSTAFNUM C	GILDIR UM ÖKUTÆKI MEÐ VARNING SEM EKKI ER LEYFÐUR Í JARÐGÖNGUM Í FLOKKI C.
MERKJA Á MEÐ AUKAMERKI MEÐ BÓKSTAFNUM D	GILDIR UM ÖKUTÆKI MEÐ VARNING SEM EKKI ER LEYFÐUR Í JARÐGÖNGUM Í FLOKKI D.
MERKJA Á MEÐ AUKAMERKI MEÐ BÓKSTAFNUM E	GILDIR UM ÖKUTÆKI MEÐ VARNING SEM EKKI ER LEYFÐUR Í JARÐGÖNGUM Í FLOKKI E.

Takmarkanir á umferð um jarðgöng skulu ekki gilda þegar hættulegur farmur er fluttur samkvæmt ákvæðum um takmarkað magn, sbr. viðauka II (ákvæði 1.1.3 í ADR-reglum).

Jarðgangakóði fyrir takmarkanir á umferð.

Takmarkanir á flutningi á tilteknum hættulegum farmi í gegnum jarðgöng fara eftir jarðganga-kóðanum fyrir farminn eins og hann kemur fram í dálki 15 í töflu A.

Þegar ökutæki eða vagnlest inniheldur hættulegan farm með mismunandi jarðgangakóða skal sá kóði gilda fyrir allan farminn sem hefur mestar takmarkanir.

Hættulegur farmur, sem fluttur er sem undanþegið magn í samræmi við kafla 1.1.3 í ADR-reglum, fellur ekki undir ákvæði um takmarkanir og skal ekki reiknast með þegar jarðgangakóðinn er ákvarðaður fyrir heildarfarm ökutækis eða vagnlestar.

Takmarkanir á akstri ökutækis eða vagnlestar sem flytur hættulegan farm í gegnum jarðgöng.

Þegar jarðgangakóði hefur verið ákvarðaður fyrir heildarfarm ökutækis eða vagnlestar gilda eftirfarandi takmarkanir á akstri viðkomandi ökutækis eða vagnlestar í gegnum jarðgöng:

Jarðgangakóði fyrir heildarfarminn	Takmarkanir
B	Akstur bannaður í gegnum jarðgöng með kóðann B, C, D og E.
B1000C	Akstur bannaður í gegnum jarðgöng með kóðann B þegar heildarnettóþungi sprengifims farms á ökutæki eða vagnlest er yfir 1.000 kg. Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann C, D og E.
B/D	Akstur bannaður á flutningi í tönkum í gegnum göng með kóðann B og C. Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann D og E.
B/E	Akstur bannaður á flutningi í tönkum í gegnum göng með kóðann B, C og D. Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann E.
C	Akstur bannaður í gegnum jarðgöng með kóðann C, D og E.
C5000D	Akstur bannaður í gegnum jarðgöng með kóðann C þegar heildarnettóþungi sprengifims farms á ökutæki eða vagnlest er yfir 5.000 kg. Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann D og E.
C/D	Akstur bannaður á flutningi í tönkum í gegnum göng með kóðann C. Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann D og E.
C/E	Akstur bannaður á flutningi í tönkum í gegnum göng með kóðann C og D. Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann E.
D	Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann D og E.
D/E	Akstur bannaður á flutningi í tönkum eða á óþökkuðu efni í gegnum göng með kóðann D. Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann E.
E	Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann E.
	Akstur leyfður í gegnum öll göng (varðandi UN 2919 og UN 3331, sjá einnig kafla 8.6.3.1 í ADR-reglum).

Akstur með hættulegan farm bannaður

Sumstaðar er ekki heimilt að keyra með hættulegan farm. Á Íslandi á þetta t.d. við um vatsverndarsvæði. Eftirfarandi skilti merkir að flutningur á hættulegum farmi er bannaður.



Skilti á Þingvöllum sem bannar akstur á hættulegum farmi

Akstur gegnum jarðgöng og sérstök ákvæði.

B1000C Algengur jarðgangnaflokkur fyrir sprengiefni

Mjög algengt er að sprengiefni séu í jarðgangnaflokknum B1000C sem getur verið frekar ruglandi jarðgangnaflokks merking

B1000C þýðir að akstur er **bannaður** í gegnum jarðgöng með kóðann **B** þegar heildarnettóþungi sprengifims farms á ökutæki eða vagnlest er yfir **1.000 kg**. Akstur er líka bannaður í gegnum göng með kóðann C, D og E.

Ítarefni um aðra jarðgangaflokka má finna í kennslubók.

Kafli 13 Almenn flutningsákvæði

Nokkur almenn flutningsákvæði:

- Óheimilt er að flytja farþega með ökutæki, sem flytur hættulegan farm, nema magn hins hættulega farms sé undir undanþágumörkum
- Bannað er að fara inn í lokuð ökutæki sem flytja vökva með blossamark að hámarki 61°C eða eldfim efni eða hluti í flokki 2 með ljósgjafa aðra en lausa ljósgjafa sem halda má á og eru hannaðir þannig að þeir geta ekki kveikt í eldfimum gufum sem geta borist inn í ökutækið.
- Reykingar eru bannaðar í ADR flutningum
- Nota skal handhemil við lagningu ökutækis
- Tilkynna skal lögreglu um það er hættulegur farmur skapar hættu fyrir aðra og ekki hefur tekist að koma í veg fyrir hættuna.
- Ef nuðsynlegt skal ökumaður grípa til ráðstafana sem eru tilgreindar á flutningsslysablaði

Ekki lesta/afferma við ófullnægjandi aðstæður

Ekki skal lesta eða afferma ökutæki ef...

- að við skoðun kemur í ljós að flutningsskjöl eru ekki í lagi
- að við sjónskoðun kemur í ljós að ökutæki er ekki í lagi eða að ökumaður fylgi ekki gildandi reglum
- að ofangreind skoðun leiðir í ljós vankanta sem geta haft áhrif á öryggi

Vöktun (S - ákvæði)

Ákveðnar reglur gilda um vöktun á hættulegum farmi þegar bílstjóri þarf að bregða sér frá. Vöktunarákvæðið er oft kallað S-ákvæði og gildir um flutning á efnum og hlutum sem eru merkt með gildunum S14 – S24 í dálki 19 í töflu A. S-ákvæðin má sjá aftast í þessum kafla.

Það hvort að vakta þarf efnin fer eftir magni þeirra. Hægt er að sjá magnið í viðkomandi S-ákvæði. T.d. leyfir S17 => 1000 kg en S18 => 2000 kg

Ekki þarf alltaf að vakta bílinn. T.d. ekki ef honum er lagt í vörugeymslu eða á verksmiðjulóð þar sem fyllsta öryggis er gætt. Ef slíkt er ekki í boði þá skal fara eftir eftirfarandi frá A-C, þar sem A er fyrsti kostur og svo koll af kolli.

1. Vaktað stæði þar sem vaktmaður þekkir til farmsins og getur náð í ökumanninn
2. Stæði þar sem ekki er hættu á að ökutækið skaðist af öðrum ökutækjum
3. Heppilegt opið svæði þar sem umferð er lítil og almenningur á ekki erindi um.

Vöktun á sprengiefnum farmi

Nánast öll sprengiefni eru merkt með S-ákvæðinu S1 eins og sjá má í dálki 19 í töflu A. Sem lesa má á næstu síðu.

Sérákvæði fyrir flutning á hættulegum farmi, vöktun o.fl. (sbr. 19. dálk í töflu A).

Viðbótarákvæði varðandi vissa flokka eða efni.

Auk ákvæða um fylgibúnað, ADR-réttindi ökumanna, námskeið til að öðlast ADR-réttindi o.fl., sem fjallað er um í 24., 25. og 26. gr. reglugerðar þessarar, gilda eftirfarandi ákvæði (sérkvæði) um flutning á efnum eða hlutum þegar vísað er til þeirra í 19. dálki í töflu A. Stangist ákvæðin í kafla 8.1–8.4 í ADR-reglum á við þessi ákvæði hafa þessi ákvæði forgang.

S1 Viðbótarákvæði varðandi flutning á sprengifimum efnum eða hlutum (flokkur 1):

1. Sérstök ADR-réttindi:

- a. Kröfur um sérstök ADR-réttindi (grein 8.2.1 í ADR-reglum) gilda um ökumann sem flytur efni eða hluti í flokki 1.
- b. Ökumaður, sem flytur efni eða hluti í flokki 1, skal sitja sérstakt námskeið þar sem farið er a.m.k í þá efnisþætti sem taldir eru upp í VII. viðauka.
- c. Ef ökumaður, sem samkvæmt öðrum reglum, settum af aðildarlandi að ADR-samningnum, hefur fengið samsvarandi fræðslu og fjallað er um undir lið b má fella niður kröfu um þátttöku í sérstöku námskeiði að hluta til eða öllu leyti.

2. Fylgdarmaður á vegum stjórnvalda.

Lögbær yfirvöld í landi, sem er aðili að ADR-samningnum, geta, ef reglur í viðkomandi landi krefjast þess, gert kröfur um að fylgdarmaður á vegum stjórnvalda fylgi flutningnum á kostnað flutningsaðilans.

3. Bann við opnum eldi eða loga.

Bannað er að nota opinn eld eða loga í nálægð við ökutæki sem flytur efni og hluti í flokki 1. Sama á við um lestun og losun á efnum og hlutum í flokki 1.

4. Staðir fyrir lestun og losun.

- a. Lestun eða losun á efnum og hlutum í flokki 1 á almennu svæði í þéttbýli er bönnuð nema með leyfi lögreglustjóra.
- b. Lestun eða losun á efnum og hlutum í flokki 1 á almennu svæði utan þéttbýlis, ef lögregluyfirvöld hafa ekki fengið tilkynningu um það fyrir fram, er bönnuð nema nauðsyn krefji af öryggisástæðum.
- c. Ef af einhverjum ástæðum er nauðsynlegt að meðhöndla varninginn á almennu svæði skal halda efnum og hlutum aðskildum í samræmi við varúðarmerkin.
- d. Ef ökutæki, sem flytja efni og hluti í flokki 1, þurfa nauðsynlega að nema staðar vegna lestunar eða losunar á almennu svæði, skal fjarlægð á milli ökutækja vera a.m.k. 50 m.

5. Akstur í lest.

- a. Þegar ökutæki, sem flytja efni eða hluti í flokki 1, aka í lest skal fjarlægðin milli ökutækja (ækja) vera a.m.k. 50 m.
- b. Lögregluyfirvöld geta gert kröfu um uppröðun ökutækja þegar ekið er í lest.

c. Vöktun ökutækja

Ákvæði um vöktun (kafla 8.4 í ADR-reglum) gilda aðeins um flutning á efnum og hlutum í flokki 1 þegar nettóþungi sprengifima efnisins fer yfir 50 kg á ökutæki. Auk þess skulu þessi efni og hlutir ávallt vera undir eftirliti til að hindra skemmdarverk og til að láta megi ökumann og lögregluyfirvöld vita ef brotthvarf verður á þeim eða við bruna.

Þessi ákvæði eiga ekki við um tómar óhreinsaðar umbúðir.

S2 Viðbótar kröfur við flutning á eldfimum vökvum og lofttegundum.

1. **Lausir ljósgjafar sem halda má á.**

Bannað er að fara inn í lokuð ökutæki sem flytja vökva með blossamark að hámarki 61°C eða eldfim efni eða hluti í flokki 2 með ljósgjafa aðra en lausa ljósgjafa sem halda má á og eru hannaðir þannig að þeir geta ekki kveikt í eldfimum gufum sem geta borist inn í ökutækið.

2. **Notkun á brennsluhitara við lestun og losun.**

Notkun á hitara í FL-ökutæki (sjá handbók um tankaflutninga og/eða kafla 9 í ADR-reglum) er bönnuð við lestun og losun og á lestunarstöðum.

3. **Aðgerðir gegn stöðurafmagni.**

Á FL-ökutæki (sjá kafla 9 í ADR-reglum) skal séð fyrir góðri jarðtengingu frá grind ökutækis (í jörð) áður en tankar eru fylltir eða tæmdir. Auk þess skal takmarka áfyllingarhraðann.

S3 Sérákvæði við flutning á smitefnum.

Fyrir æki með efni í flokki 6.2 er ekki gerð krafa um að fara skuli eftir ákvæðum í 8.1.4.1b í ADR -reglum um viðbótarstökkvitæki eða ákvæði 8.3.4 í ADR-reglum um ljósgjafa sem hægt er að halda á.

S4 Sérákvæði við flutning þar sem hafa þarf eftirlit með hitastigi.

Sjá kafla 8.5 í ADR-reglum.

S5 Sérákvæði varðandi flutning á geislavirkum efnum í flokki 7 sem undanþegar farmeiningar (UN 2908, 2909, 2910 og 2911).

Ekki þarf að uppfylla ákvæðið um flutningslysakort (ákvæði 8.1.2.1b í ADR-reglum), ákvæðin um ADR-réttindi (ákvæði 8.2.1 í ADR-reglum) og ákvæði 8.3.4 í ADR-reglum um ljósgjafa sem hægt er að halda á.

S6 Sérákvæði um flutning á geislavirkum farmi í flokki 7 fyrir utan undanþegar farmeiningar.

Ekki þarf að uppfylla ákvæðin sem banna farþega þegar fluttar eru farmeiningar eða gámar með merkingunni I-HVÍTUR.

Ekki þarf að uppfylla ákvæði 8.3.4 í ADR -reglum um ljósgjafa sem hægt er að halda á ef ekki er um viðbótarhættu að ræða við farminn.

Önnur viðbótarákvæði eða sérákvæði.

S7 Við flutning á lofttegundum eða hlutum merktum með bókstöfunum T, TO, TF, TC, TFC og TOC skal sérhver maður í áhöfn bílsins hafa aðgang að öndunargrímu þannig að allir geti forðað sér við óhapp (t.d. með samsettri gas/ryksíu A1B1E1K1P1 eða A2B2E2K2P2 í sam-ræmi við EN 141).

- S8** Ef æki er lestað með meira en 2.000 kg af þessum efnum má stöðvun vegna þjónustu við ökutæki ekki eiga sér stað, ef hægt er að komast hjá því, nálægt íbúðarbyggð eða stöðum sem almenningur á erindi á. Lengri stöðvun nálægt slíkum svæðum er einungis heimil með leyfi viðkomandi lögregluvalda.
- S9** Við flutning á þessum efnum má stöðvun vegna þjónustu við ökutæki ekki eiga sér stað, ef hægt er að komast hjá því, nálægt íbúðarbyggð eða stöðum sem almenningur á erindi á. Lengri stöðvun nálægt slíkum svæðum er einungis heimil með leyfi viðkomandi lögreglu-yfirvalda.
- S10** Við lagningu ökutækis á tímabilinu apríl til og með október skulu farmeiningar varðar á fullnægjandi hátt gegn áhrifum sólarljóss, t.d. með skermun sem er staðsett a.m.k. 20 sm fyrir ofan farminn, ef þess er krafist í því landi sem ökutækið er stadd.
- S11** 1. Uppfylla skal almennu ákvæðin um ADR-réttindi (ákvæði 8.2.1 í ADR-reglum).
 2. Ökumaður skal sitja sérnámskeið um flutning á geislavirkum farmi þar sem fjallað er a.m.k um eftirfarandi atriði:
 a. sérstakar hættur vegna jónandi geislunar,
 b. sérstakar kröfur um þökkun, meðhöndlun, samlestun og frágang (í farmrými) á geislavirkum farmi,
 c. sérstakar ráðstafanir sem grípa skal til við óhapp með geislavirkan farm.
 3. Ef ökumaður, sem samkvæmt öðrum reglum, settum af aðildarlandi að ADR-samningnum, hefur fengið samsvarandi fræðslu og fjallað er um undir lið 2 má fella niður kröfu um þátttöku á sérstöku námskeiði að hluta til eða öllu leyti.
- S12** Ef fjöldi farmeininga með geislavikum efnum fer ekki yfir 10 stk. og samanlagður flutnings-stuðull þeirra fer ekki yfir 3 þarf ekki að fara eftir sérákvæðum S11, þ.e. hafa ADR-réttindi til flutnings á geislavirkum farmi. Ökumaður skal í slíkum tilvikum fá kennslu og þjálfun með hliðsjón af verksviði hans þannig að hann geri sér grein fyrir áhættu vegna geislunar við flutning á geislavirkum efnum. Slíka kennslu og þjálfun skal staðfesta með vottorði frá atvinnu-rekandanum.
- S13** Ef ekki er hægt að afhenda sendinguna skal koma henni á öruggan stað og tilkynna Geisla-vörnum ríkisins um það eins fljótt og unnt er og afla upplýsinga hjá þeim um frekari ráðstafanir.
- S14** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis í öllum tilvikum.
- S15** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis í öllum tilvikum. Ekki er gerð krafa um vöktun ef farmrýmið er læst og farmeiningarnar eru varðar á annan hátt gegn því að óviðkomandi losi þær.
- S16** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna fer yfir 500 kg.
 Enn fremur skal ökutæki, sem flytur yfir 500 kg af þessum efnum, alltaf vaktað til að koma megri í veg fyrir skemmdarverk og til að hægt sé að láta ökumann og lögregluvalda vita ef efni tapast eða við bruna.
- S17** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna á ökutæki fer yfir 1.000 kg.
- S18** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna á ökutæki fer yfir 2.000 kg.

- S19** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafla 8.4 í ADR-reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna á ökutæki fer yfir 5.000 kg.
- S20** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafla 8.4 í ADR-reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna á ökutæki fer yfir 10.000 kg sem stykkjavara eða 3.000 l í tanki.
- S21** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafla 8.4 í ADR -reglum) ökutækis á öllum farmi óháð magni. Auk þess skal slíkur farmur ávallt vera undir gæslu til að hindra skemmdarverk svo láta megi ökumann og lögreglu yfirvöld vita ef brotthvarf verður á þeim eða við bruna. Ekki þarf að uppfylla ákvæðin um vöktun í eftirfarandi tilvikum:
- ef farmrýmið er læst eða farmeiningarnar eru varðar á annan hátt gegn því að óviðkomandi losi þær
 - ef geislavirknin fer ekki yfir 5 µSv/klst. neins staðar á úthlið ökutækisins.
- S22** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafla 8.4 í ADR- reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna á ökutæki fer yfir 5.000 kg sem stykkjavara eða 3.000 l í tanki.
- S23** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafla 8.4 í ADR- reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna á ökutæki fer yfir 3.000 kg sem stykkjavara eða 3.000 l í tanki.
- S24** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafla 8.4 í ADR-reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna á ökutæki fer yfir 100 kg.

Sérákvæði vegna flutninga á sprengifimum farmi

Eins og fram kemur í ákvæði S1 hér að ofan þá geta lögbær yfirvöld í landi, sem er aðili að ADR-samningnum, gert kröfur um að fylgdarmaður á vegum stjórnvalda fylgi flutningnum á kostnað flutningsaðilans. Þessar kröfur geta verið mismunandi milli lögregluembættanna.

Aðrar reglur um flutning á sprengifimum farmi

ADR reglurnar eru ekki einu reglurnar sem fjalla um flutning á sprengiefnum. Hér á Íslandi er í gildi *reglugerð nr 510/2018 um sprengiefni og forefni til sprengiefnagerðar*, sú reglugerð er líka með nokkur ákvæði um sprengiefnaflutninga. Af þeim skipta eftirfarandi tvær greinar mestu máli.

22. gr. *Flutningsleyfi, takmarkanir o.fl.*

Óheimilt er að flytja milli staða innanlands meira en 50 kg sprengiefnis með sama ökutæki nema til komi **leyfi lögreglustjóra á áfangastað**. Þegar um er að ræða flutning á landi skal lögreglustjóri tilkynna um flutninginn og hafa samráð við lögreglustjóra þeirra umdæma sem ingurinn fer um, varðandi kröfur eða fyrirmæli sem flutningsaðila eru settar, sbr. 24. gr. Skal slíks getið í leyfisbréfi.

Heimilt er að flytja með ökutæki allt að 50 kg af sprengiefni með Sameinuðu þjóða númer 0081, 0082, 0084, 0241, 0331, 0332 og 0482, samkvæmt flokkun Sameinuðu þjóðanna, án þess að uppfylla öll skilyrði reglugerðar um flutning á hættulegum farmi. Við slíkan flutning skal fylgja farmbréf, vottorð sendanda og a. m. k. eitt 2 kg slökkvitæki. Umbúðir skulu vera viðurkenndar og merktar og fara skal eftir samlestunarákvæðum í viðauka V.

Innan athafnasvæðis þar sem önnur umferð fer ekki fram er heimilt að flytja samtímis í ökutæki milli sprengiefnageymslu og sprengistaðar 500 kg af sprengiefni með efnisnúmer 4 og allt að 1000 hvellhettur með efnisnúmer 1. Sprengiefni og hvellhettum skal haldið

aðskildu með öryggiskistu eða lokuðu rými þannig að tryggt sé að fjarlægðin á milli þeirra verði aldrei minni en 1 m.

Óheimilt er að flytja sprengiefni með hópbifreiðum og öðrum samgöngutækjum sem samtímis eru notuð til fólksflutninga á landi.

24. gr. Flutningsleiðir.

Til að draga úr hættu á óhöppum við flutning sprengiefnis geta lögreglustjórar gefið fyrirmæli um flutningsleiðir, flutningstíma, hámarksmagn sprengiefnis, lögreglufylgd og önnur þau atriði sem þeir telja nauðsynleg til að tryggja nægjanlegt öryggi við flutninginn. Sá sem annast flutning sprengiefnis skal gera lögreglustjóra viðvart með hæfilegum fyrirvara ef fyrirhugað er að flytja óvenjumikið magn sprengiefnis eða sprengiefni sem sjaldan er flutt með ökutækjum og sérstök hætta fylgir.

Kafli 14 - Undanþágur í ADR

Undanþágur frá ADR

Flutningur utan gildissviðs reglugerðar 1077/2010

Í ADR reglugerðinni er fjallað um hvaða flutningar það eru sem **ekki** falla undir ADR reglurnar. Reglugerðin gildir ekki um flutning á hættulegum farmi:

1. sem eingöngu fer fram innan afmarkaðs svæðis (lokað athafnasvæði)
2. til eigin nota eða fyrir tórstunda- eða íþróttaiðkun
3. á vél eða búnaði sem í eru hættuleg efni eða hlutir, þ.e. í vélinni, búnaðinum eða nauðsynlegum fylgihlutum
4. til nota við eigin atvinnurekstur þar sem flutningurinn er ekki aðalstarfsemi viðkomandi, t.d. flutningur til eða frá byggingarsvæði
5. sem fram fer á vegum viðurkenndrar björgunarstofnunar eða við flutning ökutækis sem skemmst hefur í slysi og í er hættulegur farmur
6. þegar um er að ræða neyðarflutning og í húfi er að bjarga mannlífi eða vernda umhverfið

Á undanþágulistanum er líka mikið um sprengiefni t.d. er það þannig samkvæmt reglum um undanþegið magn að það má flytja allt að 50 kíló af eftirtöldum sprengiefnum án þess að vera með ADR réttindi eða að merkja bílinn og vera með allan fylgibúnað.

Þessi UN númer eru:

UN 0081, UN 0082, Un 0084, UN 0241, UN 0331 og 0482

Tafla sem sýnir hámarks magn hættulegs farms, stykkjavöru, sem flytja má á ökutæki (vagnlest) án þess að uppfyllt séu öll skilyrði reglugerðarinnar, sbr. undanþáguákvæði 11. gr.

Flutningsflokkur	Efni eða hlutir Pökkunarflokkur eða flokkunarkóði/undirflokkur eða UN-númer	Hámarks magn á flutnings- einingu
0	Flokkur 1: 1.1A, 1.1L, 1.2 L, 1.3 L, 1.4L og UN 0190 Flokkur 3: UN 3343 Flokkur 4.2: Efni í pökkunarflokki I Flokkur 4.3: UN 1183, 1242, 1295, 1340, 1390, 1403, 1928, 2813, 2965, 2968, 2988, 3129, 3130, 3131, 3134, 3148 og 3207 Flokkur 6.1: UN 1051, 1613, 1614 og 3294 Flokkur 6.2: UN 2814 og 2900 (hættuflokkur 3 og 424) Flokkur 7: UN 2912-2919, 2977, 2978 og 3321-3333 Flokkur 9: UN 2315, 3151 og 3152 ásamt útbúnaði sem inniheldur slík efni eða blöndur ásamt tónum óhreinsuðum umbúðum sem hafa innihaldið efni í þessum flutningsflokki	0
1	Efni og hlutir í pökkunarflokki I sem ekki eru í flutningsflokki 0 ásamt efnunum í eftirfarandi flokkum: Flokkur 1: 1.1B-1.1J ^{a)} , 1.2B-1.2J, 1.3C, 1.3G, 1.3H, 1.3J og 1.5D ^{a)} Flokkur 2: undirflokkur T, TC ^{a)} , TO, TF, TOC og TFC Flokkur 4.1: UN 3121-3224 og 3231-3240 Flokkur 5.2: UN 3101-3104 og 3111-3120	20
2	Efni og hlutir í pökkunarflokki II sem ekki eru í flutningsflokki 0, 1 eða 4 ásamt efnunum í eftirfarandi flokkum: Flokkur 1: 1.4B-1.4G og 1.6N Flokkur 2: undirflokkur F Flokkur 4.1: UN 3225-3230 Flokkur 5.2: UN 3105-3110 Flokkur 6.1: efni og hlutir í pökkunarflokki III Flokkur 6.2: UN 2814 og 2900 (hættuflokkur 2) Flokkur 9: UN 3245	333
3	Efni og hlutir í pökkunarflokki III sem ekki eru í flutningsflokki 0, 2 eða 4 ásamt efnunum í eftirfarandi flokkum: Flokkur 2: undirflokkar A og O Flokkur 8: UN 2794, 2795, 2800 og 3028 Flokkur 9: UN 2990 og 3072	1000
4	Flokkur 1: 1.4S Flokkur 4.1: UN 1331, 1345, 1944, 1945, 2254 og 2623 Flokkur 4.2: UN 1361 og 1362 í pökkunarflokki II Flokkur 7: UN 2908-2911 Flokkur 9: UN 3268 ásamt tónum óhreinsuðum umbúðum sem hafa innihaldið hættuleg efni önnur en þau í flutningsflokki 0.	ótakmarkað

- a) fyrir UN 0081, 0082, 0084, 0241, 0331, 0482, 1005 og 1017 er hámarks magn á ökutæki eða vagnlest 50 kg.

Skýringar.

- A. Hámarks magn á ökutæki eða vagnlest merkir:
- fyrir hluti: brúttóþyngd í kg (fyrir hluti í flokki 1: nettóþyngd í kg af sprengifimu efni);
 - fyrir föst efni, lofttegundir í vökvaformi, þéttar eða kældar, og lofttegundir uppleystar undir þrýstingi: nettóþungi í kg;
 - fyrir vökva og þjappaðar lofttegundir undir þrýstingi: rúmmál efnisins í lítrum.

- B. Ef flutt eru saman eftirtalin efni og hlutir í mismunandi flutningsflokkum í sama ökutæki eða vagnlest má útkoman í eftirfarandi tilvikum ekki fara yfir 1000:
1. af magni efna og hluta í flutningsflokki 1 margfölduðu með tölunni 50;
 2. að viðbættu magni efna sem tilgreind eru með UN-númeri í athugasemd 1 við töfluna margfölduðu með 20;
 3. að viðbættu magni efna í flutningsflokki 2 margfölduðu með tölunni 3; að viðbættu magni efna og hluta í flutningsflokki 3.

Gott er að hafa í huga að

1. Í dálki **15** í töflu A má sjá í hvaða flutningsflokki efni eru
2. Flutningsflokkur efnanna er til vinstri í töflunni. Hægra megin í töflunni má síðan sjá hversu mikið magn má flytja af efnum í viðkomandi flutningsflokk.
3. Dæmi: Bensín hefur UN númerið 1203. Þegar því er flett upp í töflu A kemur í ljós að bensín er í flutningsflokki 2 og þegar tafla í viðauka II er skoðuð sést að flytja má 333 lítra af bensíni án þess að vera með ADR réttindi.

Afhverju lærum við um undanþágur?

Mörgum finnst undarlegt að vera að læra um undanþágur frá ADR. Þar sem þeir eru með ADR réttindi og finnst þeim ekki þurfa á undanþágunum að halda. En undanþágurnar einfalda margt. Til dæmis eru minni kröfur eru gerðar til fylgibúnaðar, merkinga á ökutæki og flutningsskjala þegar flutt er samkvæmt undanþágu

Undanþáguflutningur á efnum í mismunandi flutningsflokkum

Ef flytja á fleiri en eitt efni á undanþágu og efnin eru í mismunandi flutningsflokkum flækjast málin. Þá þarf að reikna út hættustig farmsins og ef hættustigin eru fleiri en 1000 er farmurinn ekki undanþegin ADR reglunum.

Hættustig eru reiknuð með því að margfalda þyngd (lítra fyrir vökva) efnis með:
Flutningsflokkur 1 X 50 (margfaldað með 20 fyrir efni sem eru í sviga í neðanmálgrein)
Flutningsflokkur 2 X 3

Flutningsflokkur 3 X 1

Hættustigin eru síðan lögð saman og ef útkoman er hærri en 1000 er flutningur óleyfilegur á undanþágu.

Undanþáguflutningur á efnum í mismunandi flutningsflokkum

Dæmi

Flytja þarf:

200 lítra af bensíni UN 1203 í flutningsflokki 2 og

300 lítra af díselolíu UN 1202 í flutningsflokki 3

Hvað er þessi flutningur mörg hættustig?

200 lítrar af bensíni * 3 = 600 hættustig

300 lítrar af díselolíu * 1 = 300 hættustig

Samtals gerir þetta 600 hættustig + 300 hættustig = **900 hættustig** 900 hættustig er minna en 1000 hættustig þannig að það má flytja þetta saman

Kafli 15 Uppdælutankar og flutningur á upphituðum efnum:

Uppdælutankar

Uppdælutankar eru rammgerðir tankar sem oft eru notaðir til að dæla upp mengandi efnum, t.d. olíuafgöngum úr skipum. Slíkur afgangur er yfirleitt með það hátt blossamark að hann telst ekki eldfimur heldur flokkast hann sem umhverfisspillandi og fer því í hættuflokk 9 og merkist sem slíkur.

Athugið að venjulegir tankar/ falla ekki undir það að vera uppdælutankar þar sem þeir uppfylla engan vegin þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Kröfur til uppdælutanka

Eins og áður hefur komið fram þurfa uppdælutankar að vera mjög sterkbyggðir til að þola þann undirþrýsting sem myndast við sögið.

Þeir eiga að vera hannaðir þannig að þeir þoli að minnsta kosti 1,3 sinnum þann þrýsting sem myndast við áfyllingu/tæmingu. Samt aldrei minna en fjögurra bara þrýsting. Auk þess eiga þeir að þola að lágmarki eitt bar í undirþrýsting.

Efni í flokki 3, 4.1, 5.1, 6.1, 6.2, 8 og 9 með tankakóða má flytja í uppdælutönkum



Tankar sem flytja upphituð efni

Tankar sem flytja upphituð efni eru aðallega notaðir í vegagerð þegar verið er að leggja malbik eða klæðningar. Í slíkum verkefnum eru þeir notaðir til að flytja hitað bik (stungubik/jarðbik) og hitað þunnbik (sem oft er kölluð tjara).

Hættan er mismunandi eftir því hvaða efni er verið að flytja upphitað:

1. Ef flytja á stungubik þá liggur hættan aðallega í því að efnið er mjög heitt og því stafar af því brunahætta sem þýðir að það flokkast í hættuflokk 9.

2. Þegar tjara er flutt upphituð þá breytist þessi flokkun því að við upphitun breytast eiginleikar tjörunnar og hún „fær“ eiginleika eldfimra vökva í flokki 3 og flokkast því sem slík.

Bik – jarðbik/stungubik

Óblandað/lítið blandað bik er oftast kallað jarðbik eða stungubik. Stungubik hefur mjög hátt blossamark sem liggur oft á milli 230 – 260°C og þó að það sé oft flutt við hátt hitastig 130 – 160°C þá er blossamarkið samt langt frá flutningshitastiginu. Þetta þýðir að stungubik uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til vökva í flokki 3 og því flokkast stungubik í hættuflokk 9.

Tanka sem flytja stungubik á því að merkja með:

- Varúðarmerki nr 9
- Hættunúmer 99 (sem þýðir ýmis hættuleg efni upphituð)
- UN númer 3257 (vökvi hækkað hitastig)

Bik – þunnbik/tjara

Þunnbik er jarðbik/stungubik sem búið er að þynna með white spirit og hefur verið nokkuð notað í klæðningar. Magn White spirit í blöndunni er yfirleitt milli 8 og 11%. Við að white spiritiinu er blandað saman við bikið breytast eiginleikar efnisins og blossamarkið á blöndunni lækkar mjög mikið og er oft í kringum 40 – 60°C, sem þýðir að blossamerkið er komið vel niður fyrir flutningshitann. Því flokkast þunnbik í hættuflokk 3.

Upphitað þunnbik/tjara fær því:

- Hættuflokk 3
- Hættunúmer 30 eða 33 eftir samsetningu (eldfimur eða mjög eldfimur vökvi)
- UN númer 1999

Athugið að þunnbik ertalið mengandi og því er það lítið notað lengur á Íslandi

Bik- fleiri gerðir










Fleiri blöndur af biki eru til. Til dæmis þjálbik og bikþeytur. Hvernig þessar blöndur flokkast innan ADR fer eftir samsetningu þeirra en óhætt er að álykta að í flestum tilfellum ættu þær að fara í hættuflokk 9 og merkjast eins og stungubik.









ADR-FLUTNINGSSLYSABLAÐ

Viðbrögð við óhappi, slysi eða neyðartilviki



Ef óhapp eða slys verður við flutning á hættulegum farmi eða í neyðartilviki, skal áhöfn ökutækis grípa til eftirfarandi ráðstafana ef þær eiga við og hægt er að framkvæma þær á öruggan hátt:

- **Setja handhemil á, stöðva vélina, rjúfa straum frá rafgeymi með hjálp höfuðrofa ef hann er til staðar.**
- **Forðast íkveikjuvalda, alls ekki reykja, kveikja ekki á rafsígarettum eða álíka búnaði, kveikja yfirleitt ekki á rafbúnaði.**
- **Hafa samband við neyðarþjónustu, sími 112, veita eins miklar upplýsingar og kostur er um óhappið eða slysið og efnin sem hlut eiga að máli.**
- **Klæðast endurskinsvestinu og setja upp viðvörunarskilti (-ljós/-búnað) þar sem við á.**
- **Hafa flutningsskjölin tiltæk fyrir björgunaraðila.**
- **Ganga ekki á eða snerta efni sem farið hafa niður og forðast innöndun á úða, reyk, ryki og gufu með því að halda sig til hlés frá menguninni.**
- **Nota slökkvibúnaðinn, ef þörf krefur og ef það er án áhættu, til að slökkva lítinn eld eða byrjunareld í dekkjum, hemlum eða vélarhluta;**
- **Áhafnameðlimir skulu ekki reyna að slökkva eld í farmi.**
- **Nota fylgibúnað, ef þörf krefur og ef það er án áhættu, til að koma í veg fyrir leka út í læki, ár og vötn eða niðurföll og til að safna upp efnunum sem farið hafa til spillis.**
- **Yfirgefa óhappa- slysa eða neyðarstaðinn, ráðleggja öðrum að gera slíkt hið sama og fara eftir ráðleggingum björgunaraðila.**
- **Fjarlægja allan klæðnað og hlífðarbúnað, sem hefur óhreinkast af efnunum, og losa sig við hann eða koma honum fyrir á öruggan hátt.**

Viðbótarleiðbeiningar til áhafnar ökutækis um sérkenni áhættu hins hættulega farms eftir áhættuflokkum og um viðbrögð við ráðandi aðstæðum.		
Varúðarmerki	Hættur	Viðbrögð
(1)	(2)	(3)
Sprengifim efni og hlutir  1 1.5 1.6	Geta haft margs konar eiginleika og verkun eins og heildarsprengingu, hættu á að brot kastist út frá slysstað, mikla eld-/hitageislun, skært ljós, mikinn hávaða eða reyk. Viðkvæm fyrir höggum og/eda þrýstingi.	Farið í skjól fjarri gluggum.
Sprengifim efni og hlutir  1.4	Væg hætta á sprengingu og eldi.	Farið í skjól.
Eldfimar lofttegundir  2.1	Eldhætta. Sprengihætta. Getur verið undir þrýstingi. Hætta á köfnun. Getur valdið bruna- og/eda kalsárum. Innihald getur sprungið við upphitun.	Farið í skjól. Forðist lægra staðsett rými eða svæði.
Oeldfimar, ekki eittraðar lofttegundir  2.2	Hætta á köfnun. Getur verið undir þrýstingi. Getur valdið kalsárum. Innihald getur sprungið við upphitun.	Farið í skjól, Forðist lægra staðsett rými eða svæði.
Eittraðar lofttegundir  2.3	Hætta á eitrun. Getur verið undir þrýstingi. Getur valdið bruna- og/eda kalsárum. Innihald getur sprungið við upphitun.	Notið neyðaröndunargrímu. Farið í skjól. Forðist lægra staðsett rými eða svæði.
Eldfimir vökvar  3	Eldhætta. Sprengihætta. Innihald getur sprungið við upphitun.	Farið í skjól. Forðist lægra staðsett rými eða svæði.
Eldfim föst efni, sjálfhvarfandi efni og sprengifim efni sem gerð hafa verið hlutlaus  4.1	Eldhætta. Eldfim eða brennanleg efni sem kviknað getur í vegna hita, neista eða elds. Geta innihaldið sjálfhvarfandi efni sem eru líkleg til að sundrast með mikilli hitamyndun ef þau verða fyrir hita, snertingu við önnur efni (eins og sýrur, þungmálmasambönd eða amín), núningi eða höggi. Þetta getur leitt til myndunar hættulegra og eldfimra lofttegunda og gufu eða til sjálfteyndrunar. Ílát geta sprungið við upphitun. Hætta á að sprengifim efni sem gerð hafa verið hlutlaus springi hafi hlutleysis efnið horfið.	
Sjálfteyndrandi efni  4.2	Hætta á eldi vegna sjálfteyndrunar ef umbúðir eru skemmdar eða efni hafa farið til spillis. Getur hvarfast kröftuglega við vatn.	
Efni sem mynda eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn  4.3	Eld- og sprengihætta við snertingu við vatn.	Haldið efnunum, sem farið hafa til spillis, þurrum með yfirbreiðslu.

Viðbótarleiðbeiningar til áhafnar ökutækis um sérkenni áhættu hins hættulega farms eftir áhættuflokkum og um viðbrögð við ráðandi aðstæðum.		
Varúðarmerki	Hættur	Viðbrögð
(1)	(2)	(3)
Eldnærandi efni (Oxandi efni)  5.1	Hætta á kröftugu efnahvarfi, tendrun og sprengingu við snertingu við brennanleg eða eldfim efni.	Forðist fblöndun við eldfim eða brennanleg efni (t.d. sag).
Lífræn peroxíð  5.2	Hætta á sundrun með mikilli hitamyndun, ef efnin ná að hitna, við snertingu við önnur efni (eins og sýrur, þungmálmsambönd eða amín), núning eða högg. Þetta getur leitt til myndunar hættulegra og eldfimra lofttegunda og gufu eða sjálfrendrun.	Forðist fblöndun við eldfim eða brennanleg efni (t.d. sag).
Eitruð efni  6.1	Hætta á eitrun við innöndun, húðsnertingu eða neyslu. Hættulegt fyrir vatnasvæði og ef efni berst í niðurföll.	Notið neyðaröndunargrímu.
Smítefni  6.2	Smithætta. Getur valdið alvarlegum sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum. Hættulegt fyrir vatnasvæði og ef efni berst í niðurföll	
Geislavirk efni  7A 7B 7C 7D	Hætta við inntöku, innöndunar og vegna ytri geislunar.	Takmarkið viðveruðmann í geislun.
Kjarnakleyf efni  7E	Hætta á kjarnorkukeðjuhvarfi	
Ætandi efni  8	Hætta á ætisárum. Gætu hvarfast kröftuglega við efni með eins varúðarmerki, við vatn og önnur efni. Efni sem farið hafa til spillis geta gefið frá sér ætandi gufu. Hættulegt fyrir vatnasvæði og ef efni berst í niðurföll.	
Önnur hættuleg efni og hlutir  9	Hætta á brunasárum. Eldhætta. Sprengihætta. Hættulegt fyrir vatnasvæði og ef efni berst í niðurföll.	

- Ath. Fyrir varning með margskonar áhættu og fyrir farm með varning með mismunandi áhættu skal skoða alla áhættuþætti.
Ath. Leiðbeiningarnar um viðbrögð hér að ofan má nota til að endurspegla flokka hins hættulega farms sem flytja á og flutningsaðferðina.

Viðbótarleiðbeiningar til áhafnar ökutækis um sérkenni áhættu hins hættulega farms eftir áhættuflokkum og um viðbrögð við ráðandi aðstæðum.		
Varúðarmerki	Hættur	Viðbrögð
(1)	(2)	(3)
 Hættulegt umhverfinu	Hættulegt fyrir vatnasvæði og ef efni berst í niðurföll.	
 Upphitað efni	Hætta á brunasárum	Forðist snertingu við heita hluta flutningsbúnaðar og efni sem farið hefur til spillis.

Búnaður sem vera á til staðar í ökutækjum til varnar einstaklingum og almennt til varnar við almennar aðgerðir og vegna neyðarviðbragða.

Eftirfarandi búnaður skal vera í ökutæki, sama hvaða varúðarmerki eru á umbúðum:

1. A.m.k. einn stoppklossi fyrir hvert ökutæki. Stærð stoppklossa skal miða við þunga ökutækis og stærð (þvermál) hjólbarða.
2. Tvö frístandandi viðvörðunarskilti (-ljós/-búnaður).
3. Augnskolvökvi (þarf ekki fyrir varning með varúðarmerki nr. 1, 1.4, 1.5, 1.6, 2.1, 2.2 og 2.3).

Fyrir sérhvern áhafnameðlim:

1. Heppilegt endurskinsvesti.
2. Vasaljós/Rafhlöðu ljósfæri.
3. Hlífðarhanskar.
4. Augnhlífðarbúnaður (t.d. öryggisgleraugu).

Þar að auki skal vera til staðar eftirfarandi búnaður fyrir vissa hættuflokka:

- 1) Neyðaröndunargríma fyrir ökumann og eftir atvikum aðstoðarmann hans þegar fluttur er varningur með varúðarmerki 2.3 eða 6.1.
- 2) Skófla (aðeins krafist fyrir efni í föstu formi og vökva með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9).
- 3) Þéttibúnaður fyrir niðurföll (aðeins krafist fyrir efni í föstu formi og vökva með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9).
- 4) Uppsöfnunarílát (aðeins krafist fyrir efni í föstu formi og vökva með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9).

Viðauki 2. Hættumerki og áletrun þeirra.

Eftirfarandi gildir fyrir tölustafi í hættumerki:

- 0 Án merkingar.
- 1 Ekki notað.
- 2 Gas getur myndast vegna þrýstings eða efnahvarfs.
- 3 Eldfimur vökvi (gufa) eða gas eða vökvi sem hitnar af sjálfu sér.
- 4 Eldfimt fast efni eða fast efni sem hitnar af sjálfu sér.
- 5 Eldnærandi áhrif.
- 6 Hætta á eitrun eða smiti.
- 7 Hætta á geislavirkni.
- 8 Hætta á ætingu.
- 9 Hætta á skyndilegu öflugu efnahvarfi.

Ef sami tölustafur er tvítekinn merkir það aukna hættu, t.d. merkir 30 eldfimur vökvi (t.d. díselolía) en 33 merkir mjög eldfimur vökvi (t.d. bensín). Ef bókstafurinn X er fyrir framan tölurnar merkir það að ekki má nota vatn við slökkvistarf.

Eftirfarandi samsetningar hættunúmera eru notaðar:

- *) merkir að aðeins má nota vatn með samþykki viðkomandi yfirvalda.
Varðandi merkingar við flutning einstakra efna, sjá 20. dálk í töflu A.
- 20 Kæfandi lofttegund eða óvirk lofttegund.
 - 22 Djúpkæld lofttegund, kæfandi.
 - 223 Djúpkæld, eldfim lofttegund.
 - 225 Djúpkæld, eldnærandi lofttegund.
 - 23 Eldfim lofttegund.
 - 239 Eldfim lofttegund, hætta á sjálfvöktu kröftugu efnahvarfi.
 - 25 Eldnærandi lofttegund.
 - 26 Eitruð lofttegund.
 - 263 Eitruð, eldfim lofttegund.
 - 265 Eitruð lofttegund, eldnærandi.
 - 268 Eitruð, ætandi lofttegund.
 - 30 Eldfimur vökvi (blossamark 23°C til og með 61°C) eða eldfimur vökvi eða bráðið fast efni með blossamark yfir 61°C, upphitað í eða yfir blossamark eða vökvi sem hitnað getur af sjálfu sér.
 - 323 Eldfimur vökvi sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
 - X323 Eldfimur vökvi sem hvarfast kröftuglega við vatn og myndar eldfimar lofttegundir *).
 - 33 Mjög eldfimur vökvi (blossamark undir 23°C).
 - 333 Vökvi sem kviknað getur í af sjálfu sér.
 - X333 Vökvi sem kviknað getur í af sjálfu sér og sem hvarfast kröftuglega við vatn *).
 - 336 Mjög eldfimur, eitraður vökvi.
 - 338 Mjög eldfimur, ætandi vökvi.
 - X338 Mjög eldfimur, ætandi vökvi sem hvarfast kröftuglega við vatn *).
 - 339 Mjög eldfimur vökvi, hætta á sjálfvöktu kröftugu efnahvarfi.
 - 36 Eldfimur vökvi (blossamark 23°C til og með 61°C) eða vökvi sem hitnað getur af sjálfu sér, eitraður.
 - 362 Eldfimur, eitraður vökvi sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
 - X362 Eldfimur, eitraður vökvi sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir *).
 - 368 Eldfimur vökvi, eitraður, ætandi
 - 38 Eldfimur vökvi (blossamark 23°C til og með 61°C), ætandi.
 - 382 Eldfimur, ætandi vökvi sem hvarfast kröftuglega við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
 - X382 Eldfimur, ætandi vökvi sem hvarfast kröftuglega við vatn og myndar eldfimar lofttegundir*).
 - 39 Eldfimur vökvi, hætta á sjálfvöktu og kröftugu efnahvarf
 - 40 Eldfimt fast efni eða fast efni sem hvarfast getur eða hitnað af sjálfu sér.
 - 423 Fast efni sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
 - X423 Fast eldfimt efni, hvarfast kröftuglega við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.

- 43 Sjálfhendrandi fast efni.
44 Bráðið, eldfimt fast efni, upphitað.
446 Bráðið, eldfimt fast efni, eitrað, upphitað.
46 Eldfimt fast efni eða fast efni sem hitnar af sjálfu sér, eitrað.
462 Eitrað fast efni sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
X462 Fast efni sem hvarfast við vatn og myndar eitraðar lofttegundir.
48 Eldfimt fast efni eða fast efni sem hitnar af sjálfu sér, ætandi.
482 Ætandi fast efni sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
X482 Fast efni sem hvarfast við vatn og myndar ætandi lofttegundir.
50 Eldnærandi efni.
539 Eldfim lífræn peroxíð.
55 Sterkt eldnærandi efni.
556 Sterkt eldnærandi efni, eitrað.
558 Sterkt eldnærandi efni, ætandi.
559 Sterkt eldnærandi efni, hætta á sjálfvöktu, kröftugu efnahvarfi.
56 Eldnærandi efni, eitrað.
568 Eldnærandi efni, eitrað, ætandi.
58 Eldnærandi efni, ætandi.
59 Eldnærandi efni, hætta á sjálfvöktu, kröftugu efnahvarfi.
60 Eitrað eða lítið eitrað efni.
606 Smitefni.
623 Eitraður vökvi sem hvarfast við vatn og myndar eitraðar lofttegundir.
63 Eitrað efni, eldfimt (blossamark 23°C til og með 61°C).
638 Eitrað efni, eldfimt (blossamark 23°C til og með 61°C), ætandi.
639 Eitrað efni, eldfimt (blossamark hámark 61°C), hætta á sjálfvöktu, kröftugu efnahvarfi.
64 Eitrað fast efni, eldfimt eða sem getur hitnað af sjálfu sér.
642 Eitrað fast efni sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
65 Eitrað, eldnærandi efni.
66 Mjög eitrað efni.
663 Mjög eitrað efni, eldfimt (blossamark hámark 61°C).
664 Mjög eitrað fast efni, eldfimt eða getur hitnað af sjálfu sér.
665 Mjög eitrað, eldnærandi efni.
668 Mjög eitrað efni, ætandi.
669 Mjög eitrað efni, hætta á sjálfvöktu, kröftugu efnahvarfi.
68 Eitrað efni, ætandi.
69 Eitrað eða lítið eitrað efni, hætta á sjálfvöktu, kröftugu efnahvarfi.
70 Geislavirkt efni.
78 Geislavirkt efni, ætandi.
80 Ætandi eða veikt ætandi efni.
X80 Ætandi eða veikt ætandi efni sem hvarfast kröftuglega við vatn *).
823 Ætandi vökvi sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
83 Ætandi eða veikt ætandi efni, eldfimt (blossamark 23°C til og með 61°C).
X83 Ætandi eða veikt ætandi efni, eldfimt (blossamark 23°C til og með 61°C) sem hvarfast kröftuglega við vatn *).
839 Ætandi eða veikt ætandi efni, eldfimt (blossamark 23°C til og með 61°C), hætta á sjálfvöktu, kröftugu efnahvarfi *).
X839 Ætandi eða veikt ætandi, eldfimt efni (blossamark 23°C til og með 61°C), hætta á sjálfvöktu kröftugu efnahvarfi og hvarfast kröftuglega við vatn.
84 Ætandi fast efni, eldfimt eða getur hitnað af sjálfu sér.
842 Ætandi fast efni sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
85 Ætandi eða veikt ætandi efni, eldnærandi.
856 Ætandi eða veikt ætandi efni, eldnærandi og eitrað.
86 Ætandi eða veikt ætandi efni, eitrað.
88 Mjög ætandi efni.
X88 Mjög ætandi efni sem hvarfast kröftuglega við vatn *).
883 Mjög ætandi efni, eldfimt (blossamark 23°C til og með 61°C).

- 884 Mjög ætandi fast efni, eldfimt eða sem getur hitnað af sjálfu sér.
- 885 Mjög ætandi efni, eldnærandi.
- 886 Mjög ætandi efni, eitrað.
- X886 Mjög ætandi efni, eitrað, hvarfast kröftuglega við vatn *).
- 89 Ætandi eða veikt ætandi efni, hætta á sjálfvöktu, öflugu efnahvarfi.
- 90 Hættulegt efni gagnvart ytra umhverfi, ýmis hættuleg efni.
- 99 Ýmis hættuleg efni, upphituð.

Viðauki 3

Sérákvæði fyrir tiltekinn hættulegan farm (efni/hlutur) sbr. 6. dalk í töflu).

Í 6. dálki töflu A eru tölustafir sem vísa til skýringa varðandi hættulegan farm (tiltekin efni eða hluti) sem sérákvæði gilda um.

Tölu- Skýring: **liðir**

- 16 Sýni af nýjum eða þekktum sprengifimum efnum eða hlutum má flytja að fengnu leyfi og samkvæmt fyrirmælum lögbærra yfirvalda vegna prófana, flokkunar, rannsókna og þróunar, gæðaeftirlits eða sem almenna verslunarvöru. Sprengifim sýni, sem ekki eru vætt eða gerð hlutlaus, skal takmarka að magni til við 10 kg í litlum pakkningum sem skilgreind skulu af yfirvöldum. Sprengifim sýni, sem eru vætt eða hafa verið gerð hlutlaus, skulu takmörkuð að magni til við 25 kg.
- 23 Þetta efni er aðeins eldfimt við sérstaklega eldfimar aðstæður í lokuðu rými.
- 32 Þetta efni á öðru formi fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 37 Þetta efni fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna ef það er yfirborðsmeðhöndlað.
- 38 Þetta efni fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna ef það inniheldur að hámarki 0,1% kalsíumkarbíð.
- 39 Þetta efni fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna ef það inniheldur minna en 30% eða yfir 90% af kísil.
- 43 Ef þessi efni eru afhent til flutnings sem pláguedyðir skulu þau flutt undir viðkomandi heiti fyrir útrýmingarefni og í samræmi við ákvæði um útrýmingarefni (2.2.61.1.10 – 2.2.61.1.11.2).
- 45 Antimonsúlfíð og oxíð með arsenikinnihald að hámarki 0,5% af heildarþunganum falla ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 47 Járn (III) sýaníð (ferricyanide) og járn (IV) sýaníð (ferrocyanide) falla ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 48 Innihaldi þetta efni meira en 20% blásýru (sýanvetnissýru) er ekki leyfilegt að flytja efnið.
- 59 Þessi efni falla ekki undir ákvæði ADR-reglna ef þau innihalda minna en 50% magnesíum.
- 60 Ekki er leyfilegt að flytja efnið ef styrkur þess er meiri en 72%.
- 61 Tækniheitið, sem er til viðbótar við flutningsheitið, skal vera það sama og notað er í ISO (sjá ISO 1750:1981 „Pesticides and other agrochemicals – common names“ í viðkomandi útgáfu) eða annað heiti sem notað er í WHO „Recommended Classification of Pesticides by Hazard and Guidelines to Classification“ eða heiti á virka efninu.
- 62 Þetta efni fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna ef það inniheldur minna en 4% natríumhýdroxíð (vítisóða).
- 65 Vetrísperoxíð, sem inniheldur minna en 8% að styrkleika, fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 103 Ammóníumnítrat og blöndur af ólífrænu nítríti með ammóníumsalti er ekki leyfilegt að flytja.
- 105 Nítrósellulósa, sem samsvarar lýsingunni á UN 2556 eða 2557, má setja í flokk 4.1.
- 107 Sendingin fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna ef sendandi ábyrgist að hún hafi ekki neina sjálfhitnandi eiginleika.
- 113 Flutningur á efnafræðilega óstöðugum blöndum er ekki leyfilegur.
- 119 Kælíbúnaður eru vélar og annar búnaður sem er sérstaklega hannaður til að halda matvælum eða öðrum varningi við lágt hitastig í innra rými. Kælíbúnaður fellur ekki undir

- ákvæði ADR-reglna ef hann inniheldur minna en 12 kg af gasi í flokki 2, undirflokki A eða O, eða minna en 12 lítra af ammóníaklausn (UN 2672).
- 122 Viðbótarhættur, þ.m.t. eftirlits- og neyðarhitastig ef það á við, ásamt UN-númeri (hópheiti) fyrir öll lífræn peroxíð sem í dag eru flokkuð, eru gefnar upp í kafla 2.2.52.4 í ADR-reglum.
- 127 Annað óvirkt efni eða aðra óvirka blöndu má nota að því tilskildu að þau hafi sömu eiginleika til að gera efnin óvirk.
- 131 Efnið, sem gert er óvirkt, verður að vera minna viðkvæmt en þurrt PETN.
- 135 Natríumdihýdratsalt af díklórísósýanúrsýru fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 138 p-Brómbensýlsýaníð fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 141 Efni, sem fengið hafa nauðsynlega hitameðferð svo að þau valdi ekki neinni hættu við flutninginn, falla ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 142 Sojabauunamjöl, sem hefur verið útdregið með leysiefni og inniheldur að hámarki 1,5% olíu og 11% raka og í raun ekkert eldfimt leysiefni, fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 144 Vatnslausn með að hámarki 24% (rúmmáls) alkóhól fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 145 Alkóhóldrykkir í pökkunarflokki III falla ekki undir ákvæði ADR-reglna ef þeir eru fluttir í ílátum sem eru að hámarki 250 lítrar að rúmmáli.
- 146 Alkóhóldrykkir í pökkunarflokki II falla ekki undir ákvæði ADR-reglna ef þeir eru fluttir í ílátum sem eru að hámarki 5 lítrar að rúmmáli.
- 152 Flokkunin á þessu efni fer eftir kornastærðinni og umbúðunum; mörk byggð á tilraunum hafa ekki enn verið sett. Flokkunina skal gera í samræmi við ákvæðin í kafla 2.2.1 í ADR-reglum.
- 153 Þetta heiti skal aðeins nota ef hægt er að sýna fram á með prófun að efnin séu hvorki brennanleg við snertingu við vatn eða hafa tilhneigingu til sjálfstendrunar og að gasið, sem myndast, sé ekki eldfimt.
- 162 Blöndur með blossamark að hámarki 61°C skulu hafa varúðarmerki nr. 3.
- 163 Efni, sem er gefið upp með nafni í töflu A, má ekki flytja undir þessu heiti. Efni, sem flutt er undir þessu heiti, má innihalda að hámarki 20% nítrósellulósa, að því tilskildu að nítrósellulósinn innihaldi að hámarki 12,6% köfnunarefni (í þurrefni).
- 168 Asbest, sem er bundið í náttúrulegt eða tilbúið bindiefni (eins og sement, plast, malbik, viðarkvoðu) þannig að það getur ekki gefið frá sér skaðlegt magn af asbestþráðum við flutninginn, fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna. Tilbúnaðarvörur, sem innihalda asbest og uppfylla ekki þessi skilyrði, falla ekki undir ákvæði ADR-reglna ef þau eru pökkuð þannig að við flutninginn geti þær ekki gefið frá sér skaðlegt magn af asbestþráðum sem hægt er að anda að sér.
- 169 Talsýruanhýdríð í föstu formi og tetrahýdrótalsýruanhýdríð með að hámarki 0,05% maleinsýruanhýdríð falla ekki undir ákvæði ADR-reglna. Talsýruanhýdríð með að hámarki 0,05% maleinsýruanhýdríð, sem afhent er til flutnings eða er flutt á bráðnuðu formi upphitað yfir blossamark þess, skal fá UN 3256.
- 172 Fyrir farmeiningar, sem innihalda geislavirk efni með viðbótaráhættu, gildir:
- Farmeiningin skal bera varúðarmerki sem svarar til viðbótarhættunni. Samsvarandi stórt varúðarmerki skal staðsetja á ökutækið eða gáminn í samræmi við ákvæði um merkingar.
 - Efnin skal flokka í pökkunarflokk I, II eða III í hverju tilviki eftir flokkunarforsendunum fyrir viðkomandi viðbótarhættu. Lýsingin í kafla 5.4.1.2.5.1 (e) í ADR-reglum skal innihalda lýsingu á annars stigs áhættunni (t.d. „Annars stigs áhætta: 3.6.1“ og nafnið á þeim hluta sem að stærstum hluta skapar þessa annars stigs áhættu og þegar það á við pökkunarflokkinn).
- 177 Baríumsúlfat fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 178 Þetta heiti má einungis nota með leyfi viðkomandi yfirvalda í upprunalandinu og aðeins þegar ekki er um annað heppilegra heiti að ræða í töflu A.

- 181 Farmeiningar með þessu efni skulu auk þess bera varúðarmerki nr. 1 ef viðkomandi yfirvöld í upprunalandinu hafa ekki viðurkennt að þess sé ekki þörf fyrir viðkomandi pökkunar aðferð þar sem prófunarniðurstöður sýna að efnið hafi ekki sprengieiginleika í slíkum umbúðum.
- 182 Í hópnum jarðmálmar eru frumefnin litíum, natríum, kalíum, rúbídíum og sesíum.
- 183 Í þessum hópi eru frumefnin magnesíum, kalsíum, strontíum og baríum.
- 186 Við ákvörðun á ammóníumnítrítinnihaldi skal reikna allar nítratjónir, sem finnast sem jafngildismagn ammóníumjóna í blöndunni, sem ammóníumnítrat.
- 188 Litíumrafhlöður og rafgeymar, sem afhent eru til flutnings, falla ekki undir önnur ákvæði ADR-reglna ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- rafhlaða með litíummálmi eða litíummálmblöndu, sem inniheldur að hámarki 1 g litíum, og rafhlaða með litíumjónir sem inniheldur að hámarki 1,5 g jafngildismagn af litíum,
 - rafgeymir með litíummálmi eða litíummálmblöndu, sem inniheldur að hámarki 2 g litíum, og rafgeymir með litíumjónir sem inniheldur samanlagt að hámarki 8 g jafngildismagn af litíum,
 - sérhver rafhlaða eða rafgeymir af þeirri gerð sem vottað er að uppfylli allar prófunarkröfur í prófunarhandbókinni, hluta III, kafla 38.3,
 - rafhlöðurnar og rafgeymarnir skulu vera aðskilin, svo að komið sé í veg fyrir skammhlaup, og skulu pökkuð í tryggar umbúðir svo fremi að þær séu ekki innbyggðar í einhvern útbúnað,
 - sérhver pakkning, sem inniheldur meira en 24 litíumrafhlöður eða 12 litíumrafgeyma, skal, ef rafhlöðurnar eða rafgeymarnir eru ekki innbyggðar í einhvern útbúnað, uppfylla auk þessa eftirfarandi ákvæði:
 - Sérhver pakkning skal útbúin merkingu sem sýnir að hún innihaldi litíumrafhlöðu og að grípa verði til sérstakra ráðstafana við skemmdir á pakkningunni.
 - Með sérhverri sendingu skal fylgja skjal með upplýsingum um að pakkningarnar innihaldi litíumrafgeyma og að grípa verði til sérstakra ráðstafana við skemmdir á pakkningunni.
 - Sérhver pakkning skal þola fallpróf úr 1,2 m hæð án þess að innihaldið af rafhlöðum eða rafgeymum skaðist, án tilfærslu á innihaldinu sem leiði til snertingar milli rafgeyma (eða rafhlaðna) og án þess að innihaldið losni úr umbúðunum.
 - Brúttóþunginn má ekki fara yfir 30 kg að því tilskildu að pakkningarnar innihaldi ekki litíumrafgeyma sem eru pakkaðir með einhverjum útbúnaði.
- Í ákvæðunum hér að ofan og í ADR-reglum í heild er með „litíummagni“ átt við þungann á litíum í anóðunni í rafhlöðu með litíummálmi eða litíummálmblöndu fyrir utan rafhlöður með litíumjónum þar sem jafngildismagn litíums er gefið upp sem 0,3 sinnum markaflið í ampertímum.
- 190 Úðabrúsar skulu vera með vörn gegn tæmingu í ógáti. Úðabrúsi að rúmmáli að hámarki 50 ml, sem inniheldur einungis efni sem ekki er eitrad, fellur ekki undir ákvæðin í ADR-reglum.
- 198 Nítrósellulósalausnir með að hámarki 20% nítrósellulósa má flytja sem málningu eða prentlit (sjá UN 1210, 1263 og 3066).
- 199 Blýsambönd, sem eru blönduð í hlutfallinu 1:1.000 með 0,07 M saltsýru og hrært í lausninni í 1 klst. við hitastigið 23°C +/-2°C og sýna leysanleika að hámarki 5%, teljast torleyst, sjá ISO 3711:1990, „Blýkrómat litarefni og blýkrómat – mólýbdatlitarefni – skilgreiningar og aðferðir við prófun.“
- 203 Þetta heiti má ekki nota um UN 2315 fjölhringlaga bifényla (PCB).
- 204 Hlutir, sem innihalda reykmyndandi ætandi efni í samræmi við forsendur fyrir flokk 8, skulu vera merktir með varúðarmerki nr. 8.
- 205 Þessi grein á ekki við um UN 3155 pentaklórfenól.

- 207 Fjölliðumottur og mótunarblöndur geta verið úr pólýstýren, pólý(metýlmetakrílati) eða öðru fjölliðuefni.
- 208 Ef kalsíumnítratsáburður er aðallega gerður af söltunum kalsíumnítrati og ammóníumnítrati og ammóníumnítratið er minna en 10% og vatnsinnihaldið að minnsta kosti 12%, kristalbundið, þá fellur hann ekki undir ADR-reglur.
- 210 Eiturefni úr plöntum, dýrum og örverum, sem innihalda smitandi efni, og smitefni, sem innihalda eiturefni, skulu falla í flokk 6.2.
- 215 Þessi grein á aðeins við um tæknilega hreint efni eða blöndur afleiddar af því sem hafa SADT hærra en 75°C og falla þar af leiðandi ekki undir blöndur sem eru sjálfhvarfandi efni (fyrir sjálfhvarfandi efni, sjá kafla 2.2.41.4).
- 216 Fast efni, sem fellur ekki undir ADR-reglur, blandað við eldfima vökva má flytja samkvæmt þessari grein án þess að vísa til flokkunarforsendna fyrir flokk 4.1 að því gefnu að engin bleyta sé sjáanleg þegar efninu er lestað eða pakkað og ökutæki eða gámur sé lokaður. Þéttir pakkar, sem innihalda minna en 10 ml af eldfimum vökva sem er ísogaður í fast efni í pökkunarflokkum II og III, falla ekki undir ADR-reglur að því gefnu að ekki sé neitt á vökvaformi í pakkanum.
- 217 Fast efni, sem fellur ekki undir ADR-reglur, blandað við eittraða vökva, má flytja samkvæmt þessari grein án þess að vísa til flokkunarforsendna fyrir flokk 6.1 að því gefnu að engin bleyta sé sjáanleg þegar efninu er lestað eða pakkað og ökutæki eða gámur sé lokaður. Þessa grein á ekki að nota fyrir föst efni sem innihalda vökva í pökkunarflokkum I.
- 218 Fast efni, sem fellur ekki undir ADR-reglur, blandað við tærandi vökva, má flytja samkvæmt þessari grein án þess að vísa til flokkunarforsendna fyrir flokk 8 að því gefnu að engin bleyta sé sjáanleg þegar efninu er lestað eða pakkað og ökutæki eða gámur sé lokaður.
- 219 Erfðabreyttar smitandi örverur skulu fluttar sem UN 2814 eða 2900.
- 220 Strax á eftir flutningsnafninu skal tæknihætti eldfima vökvans í blöndunni koma í sviga.
- 221 Efni, sem falla undir þessa grein, skulu ekki tilheyra pökkunarflokkum I.
- 224 Efnið skal vera í fljótandi formi þegar það er flutt nema hægt sé að sýna fram á með tilraun að viðkvæmni efnisins á frosnu formi sé ekki meiri en í vökvaformi. Það skal ekki vera á frosnu formi ef hitastigið fer yfir -15°C .
- 225 Slökkvitæki, sem falla undir þessa grein, gætu innihaldið sprengiskothylki (skothylki í flokkum 1.4C eða 1.4S) án þess að breyta flokkuninni; þau eru áfram í flokkum 2, undirflokkum A eða O, samkvæmt kafla 2.2.2.1.3, að því gefnu að heildarmagn sundrandi sprengiefnis (drifefnis) fari ekki yfir 3,2 g á hvert slökkvitæki.
- 226 Efnablöndur, sem innihalda a.m.k. 30% af órokgjörnu, óeldfimu hindrunarefni, falla ekki undir ADR-reglur.
- 227 Nítratbundið þvagefni má ekki fara yfir 75% af massa efnablöndu þar sem vatn og ólífræn og óvirk efni eru notuð til að hindra að kvikni í blöndunni. Ekki má vera hægt að kveikja í blöndunni samkvæmt prófi í *Manual of Tests and Criteria*, I. hluta, 1. flokkum, a lið.
- 228 Blöndur, sem uppfylla ekki forsendur fyrir eldfimar lofttegundir (sjá kafla 2.2.2.1.5), skulu fluttar sem UN 3163.
- 230 Þessi grein fjallar um hlöð (sellur) og rafhlöður sem innihalda allar gerðir af litúum, þar á meðal litúmfjölliður og jónaða litúumhlöð og rafhlöður. Litúumhlöð og rafhlöður má flytja samkvæmt þessari grein ef þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:
- Hvert hlað eða rafhlaða uppfyllir kröfur hvers prófs í *Manual of Tests and Criteria*, III. hluta, undirkafla 38.3.
 - Hvert hlað eða rafhlaða inniheldur loftunaröryggisloka eða er hönnuð til að hindra öflugna sundrunu við venjulegar flutningsaðstæður.
 - Hvert hlað eða rafhlaða er búin fullnægjandi útbúnaði til að hindra utanaðkomandi skammhlaup.
 - Hver rafhlaða, sem inniheldur hlöð eða röð hliðtengdra hlaða, er útbúin fullnægjandi útbúnaði til að hindra skammhlaup í straumrás (t.d. díóður, öryggi o.s.frv.).

- 235 Þessi grein á við hluti sem innihalda sprengifim efni í flokki 1 og geta líka innihaldið hættulega hluti sem tilheyra öðrum flokkum. Þessir hlutir eru notaðir sem gashylki í líknarbelgi í bílum eða sætisbeltisstrekkjara.
- 236 Pólýesterkvoða er samsett úr tveimur hlutum, grunnefni (flokkur 3, pökkunarflokkur II eða III) og hvata (lífrænt peroxíð). Lífræna peroxíðið skal vera af gerð D, E eða F og ekki þarfnast hitastjórnunar. Pökkunarflokkur skal vera II eða III samkvæmt kröfum til flokks 3 samkvæmt kröfum grunnefnisins. Magnmörkin, sem vísað er til í dálki 7 í töflu A, eiga við grunnefnið.
- 237 Himnusúrnar, þar á meðal pappírsskiljur, húðunar eða stuðningsefni o.s.frv., sem eru til staðar í farminum, skulu ekki vera líklegar til að útbreiða sprengingu eins og prófað er samkvæmt einu af þeim prófum sem lýst er í *Manual of Tests and Criteria*, I. hluta, 1. flokki, a lið.
- Að auki getur lögmætt yfirvald ákveðið, á grundvelli niðurstöðu prófana á brennsluhraða, samþykkt með hliðsjón af staðalprófi í *Manual of Tests and Criteria*, III. hluta, undirkafla 33.2.1 að nítrósellulósahimnusúr í því formi, sem á að flytja þær á, séu ekki hlutir sem falla undir eldfim föst efni í flokki 4.1.238.
- Rafhlöður geta talist ekki spillandi að því gefnu að þær geti staðist titrings- og þrýstingsmunarpróf, sem er sagt frá hér fyrir neðan, án þess að nokkur rafhlöðuvökvi leki úr þeim.
- Titringspróf: Rafhlaðan er fest kirfilega á pall á titrara og einföld jöfn sveifla sem hefur sveiflulengd 0,8 mm (1,6 mm hámarks lengd í heildina) er sett á. Tíðninni er breitt um 1 Hz/mín. milli 10 Hz og 55 Hz markanna. Farið er yfir allt tíðnisviðið og til baka á 95 ± 5 mínútum í hverri stöðu (titringsstefnu) rafhlöðunnar. Rafhlaðan er prófuð í öllum sams konar lóðréttum stöðum (ef fram fara próf á áfylliopi og loftun, ef slíkt er til staðar, þá í öfugri stellingu) í jafnlangan tíma.
- Þrýstingsmunarpróf: Eftir titringsprófið er rafhlaðan geymd í sex tíma við $24^{\circ}\text{C} \pm 4^{\circ}\text{C}$ undir mismunarþrýstingi a.m.k 88 kPa. Rafhlaðan er prófuð í þremur sams konar lóðréttum stöðum (ef fram fer próf á áfylliopi og loftun, ef það er til staðar, þá í öfugri stellingu) í að minnsta kosti í sex klukkutíma. Lekapéttar rafhlöður falla ekki undir ADR-reglur ef raflausnin flæðir ekki frá rafhlöðunni um sprungur eða rifur við 55°C hita og enginn vökvi getur flætt ef þær eru pakkaðar til flutnings, skautin eru vernduð fyrir skammhlaupi.
- 239 Rafhlöður eða hlöð eiga ekki að innihalda önnur hættuleg efni en natríum, brennistein og/eða fjölsúlfið. Rafhlöður eða hlöð eiga ekki að fara til flutnings við slíkt hitastig að natríum sé til staðar á fljótandi formi í rafhlöðunni eða hlaðinu nema að samþykkt sé og undir eftirliti lögmæts yfirvalds í upprunalandinu. Ef upprunaland er ekki aðili að ADR-samningnum skal ástand rafhlöðunnar eða hlaðsins viðurkennt af lögmætu yfirvaldi fyrsta lands sem er aðili að ADR-samningnum sem komið er til.
- Hlöð eiga að vera úr loftþéttum málmhylkjum sem loka algerlega hættulegu efnin af og eru þannig útbúin og lokuð til að koma í veg fyrir að hættuleg efni losni í flutningi við venjulegar aðstæður.
- Rafhlöður skulu samansettar úr hlöðum sem eru örugg að innan og algerlega lokuð af málmhylkjum, þannig útbúnum og lokuðum til að koma í veg fyrir að hættuleg efni losni í flutningi við venjulegar aðstæður.
- 241 Brennisteinn fellur ekki undir ADR-reglur þegar hann hefur verið mótaður í ákveðið form (pillur, kornaður, töflur eða flögur).
- 244 Undir þessa grein falla t.d. álúrgangur, álsvarf, notuð skaut, notaðar málmfóðringar og álsaltgjall.
- 247 Ef flytja þarf alkóhóldrykki, sem innihalda meira en 24% alkóhól en ekki meira en 70% af rúmmáli, vegna þess að það er hluti af framleiðsluferlinu, þá má flytja þá í viðartunnum sem eru allt að 500 lítrum að rúmmáli. Þetta er frávik frá kröfum í kafla 6.1 en þau lúta eftirfarandi skilyrðum:

- a. Tunnurnar skulu athugaðar og þéttar fyrir áfyllingu.
- b. Nægilegt rými (ekki minna en 3%) skal vera til staðar fyrir þenslu á vökva.
- c. Tunnurnar skulu fluttar með sponsið upp.
- d. Tunnurnar skulu fluttar í gámum sem uppfylla kröfur CSC. Hver tunna á að vera tryggilega fest í sérútbúnum stokkum og kílud á viðeigandi hátt til að hindra að hún færast úr stað á meðan á flutningi stendur.
- 249 Ferróseríum, sem er varið gegn tæringu, með lágmarksjárninnihald 10% fellur ekki undir ADR-reglur.
- 250 Þessa grein skal eingöngu nota vegna efnasýna sem tekin eru til greiningar í sambandi við framkvæmd sáttmálans um bann við þróun, framleiðslu, geymslu og notkun efnavopna og eyðingu þeirra. Flutningur efna samkvæmt þessari grein skal vera í samræmi við vinnulag og öryggisáðferðir sem skilgreind eru af samtökunum um bann við efnavopnum. Efnasýnið má aðeins flytja að fengnu leyfi lögbodins yfirvalds eða formanns samtaka um bann við efnavopnum og sýna fram á að sýnið uppfylli eftirfarandi skilyrði:
- a. Það skal vera pakkað samkvæmt pökkunarleiðbeiningum 623 í tæknilegum leiðbeiningum ICAO (sjá S38 í viðaukum).
- b. Meðan á flutningi stendur á afrit af leyfi fyrir flutningi, þar sem koma fram magn-takmarkanir og pökkunarákvaði, að vera viðheft flutningsskjali.
- 251 Orðin *efnasett* eða *skyndihjálparset* eiga að vísa í box, kassa o.s.frv. sem inniheldur lítið magn af mismunandi hættulegum varningi sem er notaður til lækninga, greiningar eða prófunar. Slík sett mega ekki innihalda hættuleg efni sem fengið hafa kóðann LQ0 í dálki 7 í töflu A. Efni eiga ekki að hvarfast hættulega (sjá hættulegt efnahvarf í kafla 1.2.1). Heildarmagn hættulegs varnings í hverju setti á ekki að fara yfir 1 l eða 1 kg. Pökkunarflokkur settsins sem heildar á að vera strangasti pökkunarflokkur miðað við einstakt efni í settinu. Sett, sem eru um borð í farartækjum sem skyndihjálparbúnaður eða til rekstrarnota, falla ekki undir ADR-reglur. Efnasett og skyndihjálparsett sem innihalda hættulegan varning í innri umbúðum, sem fara ekki yfir magntakmörk sem sett eru um einstök efni eins og skilgreint er í dálki (7) í töflu A í samræmi við LQ-kóða sem skilgreindur er í kafla 3.4.6, má flytja í samræmi við kafla 3.4.
- 252 Að því gefnu að ammóníumnítrat verði í lausn við allar aðstæður í flutningi þá falla vatnslausnir ammóníumnítrats með minna en 0,2% brennanlegt efni, þegar styrkurinn fer ekki yfir 80%, ekki undir ADR-reglur.
- 266 Þegar þetta efni inniheldur minna alkóhól, vatn eða efni til að hlutleysa (gera óvirk) en tilgreint er á ekki að flytja það án sérstaks leyfis lögmætra yfirvalda (sjá kafla 2.2.1.1).
- 267 Allt sprengiefni af gerð C, sem inniheldur klóröt, á að vera aðskilið frá sprengifimum efnum sem innihalda ammóníumnítrat eða önnur ammóníumsölt.
- 270 Vatnslausnir af ólífrænu nítrati, sem tilheyra flokki 5.1, teljast ekki uppfylla kröfur til flokks 5.1 ef styrkur efna í lausninni fer ekki yfir 80% af metnunarmörkum við lægsta hugsanlega hitastig við flutning.
- 271 Hægt er að nota laktósa, glúkósa eða svipuð efni til að hlutleysa að því gefnu að efnið innihaldi minnst 90% hlutleysiefni af þunga. Lögmætt yfirvald getur kveðið á um, á grundvelli niðurstaðna úr prófaröð 6c í *Manual of Tests and Criteria* I. hluta, kafla 16 á að minnsta kosti 3 pakkningum tilbúnum til flutnings, að þessar blöndur tilheyri flokki 4.1. Blöndur með a.m.k. 98% hemjandi efni af vigt falla ekki undir ADR-reglur. Pakkningar, sem innihalda blöndur með minnst 90% þungahemjandi efni af þunga, þarf ekki að merkja með varúðarmerki 6.1.
- 272 Þetta efni skal ekki flutt undir flokki 4.1 nema með sérstöku leyfi lögmætra yfirvalda (sjá UN 0143).
- 273 Maneb og maneb-blöndur, sem eru gerðar stöðugar móti sjálfshitun, þurfa ekki að falla í flokk 4.2 svo framarlega sem hægt er að skjalfesta að ekki kvikni í rúmmáli upp á 1 m³ og að hitinn í miðri prufu fari ekki yfir 200°C þegar blöndunni er haldið við lágmarkshitastig 75°C ± 2°C í 24 klukkustundir.

- 274 Ákvæðin í 3.1.2.8 gilda.
- 278 Þessi efni má einungis flokka og flytja með leyfi lögboðins yfirvalds og á grundvelli niðurstaðna úr prófaröð í flokki 2 og flokki 6c í *Manual of Tests and Criteria*, I. hluta, á pakkningum sem eru tilbúnar til flutnings (sjá kafla 2.2.1.1). Lögboðið yfirvald skal ákveða pökkunarflokkinn á grundvelli viðmiðunar í kafla 2.2.3 og pakkningu sem er notuð í sambandi við prófaröð 6 I.
- 279 Þessu efni er vísað í þennan flokk og þennan pökkunarflokk á grundvelli reynslunnar frekar en á grundvelli strangrar túlkunar á flokkunarviðmiðum í ADR-reglunum.
- 280 Þessari ákvörðun er beitt á hluti sem eru notaðir í ökutækjum til að blása upp líknarbelgi, loftpúða eða beltisstrekkjara ef þeir innihalda hættuleg efni í flokki 1 eða hættuleg efni í öðrum flokkum og ef þeir eru fluttir sem aukahlutir og þessir hlutir hafa verið prófaðir samkvæmt prófaröð 6c í *Manual of Tests and Criteria*, I. hluta, án þess að hluturinn hafi sprungið eða þrýstikúturinn hafi eyðilagst og engin hætta er á hitamyndun sem gæti hindrað slökkvistörf eða önnur björgunarstörf í umhverfinu.
- 282 Lausnir með blossomark að hámarki 60°C skulu þar að auki útbúnar með varúðarmerki 3.
- 283 Hlutir, sem innihalda lofttegundir og eru notaðir sem demparar, þar með talið orkugleypnihlutir eða þrýstiloftsþjaddir, falla ekki undir ADR-reglur að því gefnu að:
- Að hver hlutur sé í mesta lagi 1,6 lítrar að rúmmáli og hleðsluþrýstingur sé í mesta lagi 280 bör þannig að margfeldið milli rúmmáls (lítrar) og þrýstings (bör) fari ekki yfir 80 (t.d. 0,5 lítra rúmmál og 160 bara hleðsluþrýstingur, 1 lítra rúmmál og 80 bara hleðsluþrýstingur, 0,28 lítra rúmmál og 280 bara hleðsluþrýstingur).
 - Að hver hlutur hafi minni sprengiþrýsting á 4 sinnum hleðsluþrýstinginn við 20°C fyrir vörur með rúmmál upp að 0,5 lítrum og 5 sinnum hleðsluþrýstinginn fyrir vörur með rúmmál meira en 0,5 lítra.
 - Að hver hlutur sé framleiddur úr efni sem ekki sundrast við brot.
 - Að hver hlutur sé framleiddur eftir gæðakerfi sem er samþykkt af lögmætum yfirvöldum.
 - Að hönnunin hafi gengist undir brunapróf og þar komi fram skjalfest að þrýstingur í hlutum minnki vegna bræðivars eða annars þrýstingsminnkunarbúnaðar þannig að hluturinn geti ekki sundrast eða skotist út.
- Sjá einnig kafla 1.1.3.2d um útbúnað fyrir ökutæki.**
- 284 Efnafræðilegt súrefnisframleiðslutæki, sem inniheldur oxandi efni, skal uppfylla eftirfarandi kröfur:
- Framleiðslutækið má, að því tilskildu að það hafi útbúnað sem losar sprengifim efni, aðeins flytja undir þessu ákvæði ef það fellur ekki í flokk 1 samkvæmt athugasemd undir kafla 2.2.1.1.1b.
 - Framleiðslutækið, án umbúða, á að þola fallpróf allt að 1,8 m á harðan, láréttan flöt sem fjaðrar ekki, og í þeirri stöðu sem líkindi á tjóni eru mest, án þess að innihaldið sleppi út og án þess að framleiðsla fari í gang.
 - Þegar framleiðslutækið er búið stjórnunarúnaði skal það hafa minnst tvö virk öryggi til að koma í veg fyrir ótímabæra gangsetningu.
- 286 Síur með himnum úr nítrósellulósa, sem falla undir þessa grein, falla ekki undir ADR-reglur ef hver sía er undir 0,5 g og þær eru inni í hlut eða í innsigliðum pakka.
- 288 Þessi efni má eingöngu flokka og flytja með leyfi lögboðinna yfirvalda á grunni niðurstaðna úr prófaröð 2 og 6c í *Manual of Tests and Criteria*, I. hluta, á pakkningu sem er tilbúin til flutnings (sjá kafla 2.2.1.1).
- 289 Líknarbelgir og beltisstrekkjarar sem tilheyra ökutækjum eða tilbúnum bílhlutum, eins og t.d. stýri, hurðum og sætum, falla ekki undir ADR-reglur.
- 290 Þetta efni skal flokkast eftir helstu undirhættu svo fremi sem það uppfylli skilgreiningarnar og kröfurnar sem gerðar eru til annarra flokka eins og skilgreint er í hluta 2 í ADR-reglum. Efnið skal gefið upp með opinberu flutningsnafni og því UN-númeri sem telst til aðalflokks, að viðbættu nafni í samræmi við dálk 2 í töflu A. Efnið skal flutt í samræmi við

- þau ákvæði sem gilda fyrir þetta númer. Að öðru leyti gilda ákvæðin í 2.2.7.9.1 að undanskildu 5.2.1.7.2 og 5.4.2.5.1a.
- 291 Eldfimar lofttegundir í vökvaformi skal geyma innan hluta kælivelarinnar. Þessir hlutar skulu vera hannaðir og prófaðir þannig að þeir þoli að minnsta kosti 3 sinnum vinnuþrýsting kælivelarinnar. Kælivelarnar skulu hannaðar og framleiddar með tilliti til að þær innihaldi fljótandi gas og þannig að við venjulegar flutningsaðstæður sé ekki hætta á að þeir hlutar, sem eru undir þrýstingi, bresti eða að sprungur myndist. Kælivelar og kælivelahlutar, sem innihalda minna en 12 kg af lofttegundum, falla ekki undir ADR-reglur.
- 292 Samkvæmt þessari grein má aðeins flytja blöndur með í mesta lagi 23,5% súrefni. Fyrir blöndur með styrk undir þessum mörkum er ekki krafist varúðarmerkis 5.1.
- 293 Um eldspýtur gilda eftirfarandi skilgreiningar:
- Stormeldspýtur eru eldspýtur með haus sem inniheldur núningsviðkvæmt tendrunarefni og brennslutæknilegt efni sem brennur með litlum sem engum loga en með miklum varma.
 - Öryggiseldspýtur eru eldspýtur sem eru tengdar eða eru hluti af hefti, litlu bréfi eða öskju og er eingöngu hægt að kveikja á þeim með núningi á þar til gerðan flöt.
 - Strokeldspýtur eru eldspýtur sem hægt er að kveikja á með því að strjúka þeim við hvaða flöt sem er (strike anywhere).
 - Vaxeldspýtur eru eldspýtur sem hægt er að kveikja á bæði með núningi á þar til gerðan flöt eða hvaða flöt sem er.
- 295 Ekki er nauðsynlegt að merkja hverja rafhlöðu og útbúa með varúðarmerki svo framarlega sem brettið er útbúið með viðkomandi merkingu.
- 296 Þessi grein fjallar um björgunarbúnað, eins og björgunarfleka, björgunarvesti og sjálfuppblásnar brautir. UN 2990 nær yfir sjálfuppblásinn útbúnað og UN 3072 nær yfir björgunarbúnað sem er ekki sjálfuppblásinn. Björgunarbúnaður getur innihaldið:
- Merkihluti (flokkur 1) sem getur innihaldið reyk eða ljósgefandi efni sem eru í pakkningum sem koma í veg fyrir ótímabæra tendrun.
 - Ef um er að ræða 2990 getur þetta náð yfir skotpatrónur í undirflokki 1.4, aðskilnaðarflokki S, fyrir sjálfuppblásinn útbúnað að því gefnu að magn sprengifimra efna fari ekki yfir 3,2 g.
 - Samanþjappaðar gasblöndur sem tilheyra flokki 2, A eða O í samræmi við 2.2.2.1.3.
 - Rafgeymar (flokkur 8) og litfúmraflöður (flokkur 9).
 - Skyndihjálparbúnaður eða viðgerðarbúnaður með litlu magni af hættulegum varningi (t.d. efni sem tilheyra flokki 3, 4.1, 5.2, 8 eða 9).
 - Strokeldspýtur sem eru tendranlegar við að strjúka þeim við hvaða flöt sem er (strike anywhere).
- 298 Lausnir með blossamark að hámarki 60°C skal þar að auki merkja með varúðarmerki nr. 3.
- 300 Hleðsla á fiskimjöli eða fiskúrgangi er ekki leyfð ef hitastigið á hleðslutímanum fer yfir 35°C eða er 5°C fyrir ofan umhverfishitastigið, eftir því hvort hitastigið er hærra.
- 302 Með orðinu einingu er hér átt við ökutæki, gáma eða tank.

Ákvæði í kafla 5.2 eiga aðeins við ökutæki, gáma og tanka sóttþreinsaða með gasi.

- 303 Flokkunin á þessum flátum (UN 2037) á að vera byggð á gasi sem þau innihalda og vera í samræmi við ákvæði 2.2.2.
- 304 Þurraflöður, sem innihalda raflausn sem ekki rennur út úr rafhlöðunni ef hylkið rifnar, falla ekki undir ADR-reglur svo framarlega sem rafhlaðan er forsvaranlega pökkuð og varin fyrir skammhlaupi. Dæmi um slíkar rafhlöður eru alkalímangan, zinkkolefnis, nikkelmálmhýdríð og nikkeldadmíumraflöður.
- 305 Þessi efni falla ekki undir ADR-reglur ef þau koma fyrir í minna magni en 50 mg/kg.
- 306 Þetta ákvæði má eingöngu nota í sambandi við efni sem sýna ekki sprengifima eiginleika miðað við flokk 1 þegar þau eru prófuð samkvæmt prófaröð 1 og 2 í flokki 1 (í *Manual of Tests and Criteria*, I. hluta).

- 307 Undir þessa grein falla einsleitir blöndur þar sem ammóníumnítrat er aðalefnið í eftirfarandi samsetningum:
- Að minnsta kosti 90% ammóníumnítrat með í mesta lagi 0,2% brennanlegu efni, þar á meðal lífrænum efnum reiknuðum sem kolefni, jafnvel með ólífrænum íblöndunar-efnum sem eru ónæg fyrir ammóníumnítrati, eða
 - minna en 90% en þó meira en 70% ammóníumnítrat með öðrum ólífrænum efnum, eða meira en 80% en þó minna en 90% ammóníumnítrat blandað með kalkkarbónati og/eða dólómítí og mest 0,4% brennanlegu efni, þar á meðal lífrænum efnum, reiknuðum sem kolefni, eða
 - ammóníumnítratáburður af nítrógenerð sem inniheldur blöndu af ammóníumnítrati og ammóníumsúlfati með meira en 45% en minna en 70% ammóníumnítrat og mest 0,4% brennanleg efni, þar á meðal lífræn efni reiknað sem kolefni, þannig að summan af prósentinnihaldi af ammóníumnítrati og ammóníumsúlfati fari yfir 70%.
- 309 Undir þessa grein falla þeytur, gruggaðar lausnir og gel sem eru viðkvæm og eru aðallega samsett af blöndu af ammóníumnítrati og eldsneytisgrunni sem ætluð er til framleiðslu á sprengiefni af gerðinni E, þó aðeins með frekari úrvinnslu fyrir notkun. Blandan hefur venjulega eftirfarandi samsetningu, 60-85% ammóníumnítrat, 5-30% vatn, 2-8% eldsneyti, 0,5-4% þykkingarefni, 0-10% uppleysanlegt eldhemjandi efni og snefilefni. Önnur ólífræn nítratsölt geta komið í staðinn fyrir ammóníumnítratið.
- Þessi efni skulu standast prófaröð nr. 8 í *Manual of Tests and Criteria*, I. hluta, kafla 18.
- 310 Kröfurnar til prófana í undirkafla 38.3 í *Manual of Tests and Criteria* eru ekki notaðar á framleiðsluráðir sem eru samsettar af í mesta lagi 100 litíumhlöðum og rafhlöðum eða frumframleiðslu af litíumhlöðum og rafhlöðum sem verið er að flytja á prófunarstað, svo framarlega sem:
- hlöðin og rafhlöðurnar séu flutt í ytri umbúðum sem eru samsettar af tromlu úr málm, plasti eða krossviði eða kassa úr málm, plasti eða tré, sem uppfyllir skilyrðin fyrir pökkunarflokk I, og
 - hvert hlað og hver rafhlaða sé pökkuð sérstaklega í innri umbúðir sem settar eru í ytri umbúðir sem eru umluktar efni sem er höggþétt og hvorki brennanlegt né leiðandi.
- 311 Efni má ekki flytja samkvæmt þessari grein nema það sé viðurkennt af lögmætum yfirvöldum á grunni niðurstaðna úr viðeigandi prófum í samræmi við I. hluta í *Manual of Tests and Criteria*. Umbúðirnar skulu tryggja að prósentuhlutinn af leysiefninu muni aldrei, meðan á flutningi stendur, fara undir prósentuhlutann sem skráður er í leyfi hins lögmæta yfirvalds.
- 312 (Ónotað).
- 313 Efni og blöndur, sem uppfylla kröfurnar fyrir flokk 8, skulu hafa varúðarmerki nr. 8 (sjá 5.2.2.2.2).
- 314 a. Þessi efni hafa tilhneigingu til hitamyndandi niðurbrots við hækkanði hitastig. Niðurbrotið getur hafist vegna hita eða óhreininda (t.d. málmduft (járn, mangan, kóbolt, magnesíum) og afleidd sambönd).
Á meðan á flutningi stendur skal skýla þessum efnum fyrir sólskini og öllum varma-gjöfum og næg loftræsting skal vera um efnin.
- 315 Þessa grein má ekki nota fyrir efni sem tilheyra flokki 6.1 ef þau uppfylla kröfurnar um eitrunaráhrif við innöndun fyrir pökkunarflokk I sem er lýst í 2.2.61.1.8.
- 316 Þessi grein nær eingöngu yfir kalkhýpóklórít, þurrt eða hýdrerað, við flutning í ómuldu töfluformi.
- 317 „Undanþegið sundrandi“ á aðeins við um pakkningar sem uppfylla ákvæði 6.4.11.2.
- 318 ADR-heiti í farmbréfi skal hafa til viðbótar tæknilegt heiti (sjá 3.1.2.8). Þegar smitandi efni, sem flytja skal, eru óþekkt en eiga að uppfylla kröfurnar sem heyra undir A og UN 2814 eða UN 2900 skal textinn „talið smitandi efni sem tilheyrir undirflokki A“ sjást í sviga eftir opinberu heiti á farmbréfi.
- 319 Þessi grein nær yfir efni frá mönnum eða dýrum, þar á meðal en samt ekki eingöngu úrgangsefni, vessa, blóð og efni þess, vefi og vefjavökva ásamt líkamshlutum sem fluttir

- eru til notkunar í rannsóknum, greiningu, athugun, meðhöndlun sjúkdóma eða forvörnum. Efni, sem eru sett í merktar pakkningar í samræmi við pökkunarfyrirmæli P650, falla ekki undir önnur ákvæði ADR-reglna.
- 321 Þessi geymslukerfi skal alltaf meðhöndla eins og þau innihaldi vetni.
- 322-499 (Ónotað).
- 500 Nítróglyserín, UN 3064, lausn í alkóhóli með meira en 1% en mest 5% nítróglyserín, pakkað í samræmi við pökkunarfyrirmæli P300 í 4.1.4.1, er efni í flokki 3.
- 501 Naftalín, í bráðnuðu formi, sjá UN 2304.
- 502 UN 2006, plast, gert úr nítrósellulósa, sjálfhitandi, N.O.S. og UN 2002 sellulóíðúrgangur eru efni í flokki 4.2.
- 503 Fosfór, hvítur eða gulur, í bráðnuðu formi, sjá UN 2447.
- 504 UN 1847, kalíumsúlfíð, hýdrerað með minnst 30% kristalvatni, UN 1849 natríumsúlfíð, hýdrerað með minnst 30% kristalvatni, og UN 2949 natríumvetnissúlfíð, hýdrerað með minnst 25% kristalvatni, eru efni í flokki 8.
- 505 UN 2004 magnesíumdíamíð er efni í flokki 4.2.
- 506 Jarðalkalímálmur og jarðalkalímálmblöndur í brennanlegu formi eru efni í flokki 4.2. UN 1869 magnesíum eða UN 1869 magnesíummálmblöndur með meira en 50% magnesíum sem pillur, spænir eða bönd eru efni í flokki 4.1.
- 507 UN 3048 álfosfíðplágueyðir með íbættu efni/efnum til að seinka myndun á eitruðu, eldfimu gasi eru efni í flokki 6.1.
- 508 UN 1871 titanhýdríð og UN 1437 sirkoníumhýdríð eru efni í flokki 4.1. UN 2870 álbórhýdríð er efni í flokki 4.2.
- 509 UN 1908 klóríðlausn er efni í flokki 8.
- 510 UN 1755 krómsýrulausn er efni í flokki 8.
- 511 UN 1625 kvikasílfur(II)níturat, UN 1627 kvikasílfur(I)níturat og UN 2727 þallíumníturat eru efni í flokki 6.1. Þóríumníturat, fast, úranýlnítrathexahýdratlausn og úranýlníturat, fast, eru í flokki 7.
- 512 UN 1730 antímonpentaklóríð, fljótandi, UN 1731 antímonpentaklóríðlausn, UN 1732 antímonpentaflúoríð og UN 1733 antímonklóríð eru efni í flokki 8.
- 513 UN 0224 baríumasíð, þurrt eða vætt með vatni með minna en 50% af þunga, er efni í flokki 1. UN 1571 baríumasíð vætt með vatni með meira en 50% af þunga, er efni í flokki 4.1. UN 1854 baríummálmblöndur, sjálfhendrandi, eru efni í flokki 4.2. UN 1445 baríumklórat, fast, UN 1446 baríumníturat, UN 1447 baríumperklórat, fast, UN 1448 baríumpermanganat, UN 1449 baríumperoxíð, UN 2719 baríumbrómat, UN 2741 baríumhýpóklórít með meira en 22% virkan klór, UN 3405 baríumklóratlausn og UN 3406 baríumperklóratlausn eru efni í flokki 5.1. UN 1565 baríumsýaníð og UN 1884 baríumoxíð eru efni í flokki 6.1.
- 514 UN 2464 beryllíumníturat er efni í flokki 5.1.
- 515 UN 1581 blanda af klórpikríní og metýlbrómíði og UN 1582 blanda af klórpikríní og metýlklóríði eru efni í flokki 2.
- 516 UN 1912 blanda af metýlklóríði og díklórmetani er efni í flokki 2.
- 517 UN 1690 natríumflúoríð, fast, UN 1812 kalíumflúoríð, fast, UN 2505 ammóníumflúoríð, UN 2674 natríumflúorsílikat, UN 2856 flúorsíliköt, N.O.S. UN 3415 natríumflúorlausn og UN 3422 kalíumflúorlausn eru efni í flokki 6.1.
- 518 UN 1463 krómtríoxíð, vatnsfrítt (krómsýr), (í föstu formi) er efni í flokki 5.1.
- 519 UN 1048 vetnisbrómíð, vatnsfrítt, er efni í flokki 2.
- 520 UN 1050 vetnisklóríð, vatnsfrítt, er efni í flokki 2.
- 521 Klóríð og hýpóklóríð í föstu formi eru efni í flokki 5.1.
- 522 UN 1873 perklórsýra, vatnslausn með meira af hreinni sýru en 50% af þunga en þó ekki yfir 72%, er efni í flokki 5.1. Ekki er leyfilegt að flytja perklórsýru, með meira af hreinni sýru en 72% af þunga eða blöndur af perklórsýru með öðrum vökvum en vatni.

- 523 UN 1382 kalíumsúlfíð, vatnsfrítt, og UN 1385 natríumsúlfíð, vatnsfrítt, ásamt hýdrötum af þessum efnum með minna en 30% kristalvatni ásamt UN 2318 natríumvetnissúlfíði með minna en 25% kristalvatni eru efni í flokki 4.2.
- 524 UN 2858 fullunnin sirkóníumframleiðsluvara, að minnsta kosti 18 µm að þykkt, er efni í flokki 4.1.
- 525 Lausnir frá ólífrænum sýaníðum, sem innihalda samtals meira en 30% sýaníðjónir, skulu fara í pökkunarflokk I; lausnir, sem innihalda samtals meira en 3% en ekki meira en 30% sýaníðjónir, skulu fara í pökkunarflokk II; lausnir, sem innihalda meira en 0,3% en ekki meira en 3% sýaníðjónir, skulu fara í pökkunarflokk III.
- 526 UN 2000 sellulóíð er efni í flokki 4.1.
- 527 Málmlífræn sambönd og lausnir þeirra, sem ekki eru sjálfkrafa eldfim en við snertingu við vatn gefa frá sér eldfimt gas, tilheyra flokki 4.3.
- 528 UN 1353 trefjar og ofin efni, meðhöndluð með veikt nítreruðum sellulósa, ekki sjálfupphitandi, eru hlutir í flokki 4.1.
- 529 UN 0135 kvikasilfurfúlmínat, vætt með að minnsta kosti 20% af þunga með vatni eða blöndu af alkóhóli og vatni, er efni sem tilheyrir flokki 1. Kvikasilfurs(I)klóríð (calomel) er efni sem tilheyrir flokki 9, UN 3077.
- 530 UN 3293 hydrazín, vatnslausn með mest 37% hýdrazín af þunga, er efni í flokki 6.1.
- 531 Blöndur með blossamark undir 23°C og sem innihalda meira en 55% nítrósellulósa með hvaða innihaldi af köfnunarefni sem er eða innihalda mest 55% nítrósellulósa með köfnunarefnisinnihald meira en 12,6% (þurrvig) eru efni í flokki 1 (sjá UN 0340 eða 0342) eða flokki 4.1.
- 532 UN 2672 ammóníaklausn með minnst 10% og mest 35% ammóníak er efni í flokki 8.
- 533 UN 1198 eldfim formalínlausn er efni í flokki 3. Óeldfimar formalínlausnir með minna en 25% formaldehýð falla ekki undir ADR-reglurnar.
- 534 Þótt bensín geti við ákveðnar veðurfarsaðstæður haft meira en 110 kPa (1,10 bara) gufuþrýsting en ekki hærrí en 150 kPa (1,50 bara) við 50°C skal bensín samt sem áður flokkast með efnum sem við 50°C hafa gufuþrýsting að hámarki 110 kPa (1,10 bör).
- 535 UN 1469 blýníttrat, UN 1470 blýperklórat, fast, og UN 3408 blýperklóratlausn eru efni í flokki 5.1.
- 536 Naftalín, fast, sjá UN 1350.
- 537 UN 2869 títantríklóríð, blandað, ekki eldnærandi, er efni í flokki 8.
- 538 Brennisteinn (í föstu formi), sjá UN 1350.
- 539 Lausnir af ísósýanötum með blossamark við 23°C eða hærra eru efni í flokki 6.1.
- 540 UN 1326 hafniumduft, vætt, UN 1352 titanduft, vætt, og UN 1358 sirkóníumduft, vætt með 25% vatni hið minnsta, eru efni í flokki 4.1.
- 541 Blöndur af nítrósellulósa, þar sem innihald af vatni, alkóhóli eða mýkingarefnum er lægra en uppgefin mörk, eru efni sem tilheyra flokki 1.
- 542 Talkúm með tremólít og/eða aktínólít fellur undir þessa grein.
- 543 UN 1065 ammóníak, vatnsfrítt, UN 3318 ammóníaklausn í vatni með meira en 50% ammóníak og UN 2073 ammóníaklausn í vatni með meira en 35% en mest 50% ammóníak eru efni í flokki 2. Ammóníaklausnir með í mesta lagi 10% ammóníak falla ekki undir ADR-reglur.
- 544 UN 1032 dímetýlamín, vatnsfrítt, UN 1036 etýlamín, UN 1061 metýlamín, vatnsfrítt, og UN 1083 trímetylamín, vatnsfrítt, eru efni í flokki 2.
- 545 UN 0401 dípíkrilsúlfíð, vætt með minna en 10% af þunga með vatni, er efni í flokki 1.
- 546 UN 2009 sirkóníum, þurrt, tilbúnað plötur, strimlar eða upprúllaður þráður, þynnri en 18 µm, er efni í flokki 2. Sirkóníum, þurrt, upprúllaður þráður, tilbúnað plötur eða strimlar að minnsta kosti 254 µm að þykkt fellur ekki undir ADR-reglur.
- 547 UN 2210 maneb eða UN 2210 maneb-blöndur í sjálfhitandi formi eru efni í flokki 4.2.
- 548 Klórsílon, sem mynda eldfimt gas þegar þau komast í snertingu við vatn, eru efni í flokki 4.3.

- 549 Klórsíln með blossamark undir 23°C, sem ekki mynda eldfimt gas þegar þau komast í snertingu við vatn, eru efni í flokki 3. Klórsíln með blossamark yfir 23°C, sem mynda ekki eldfimt gas þegar þau komast í snertingu við vatn, eru efni í flokki 8.
- 550 UN 1333 seríum í plötum, börrum eða stöngum er efni í flokki 4.1.
- 551 Lausnir af þessum ísósýanötum með blossamark undir 23°C eru efni í flokki 3.
- 552 Málmar og málmblöndur í duftformi eða á öðru eldfimu formi, sem er sjálfhendrandi, eru efni í flokki 4.2. Málmar og málmblöndur í duftformi eða í öðru eldfimu formi, sem mynda eldfimt gas við snertingu við vatn, eru efni í flokki 4.3.
- 553 Þessi blanda af vetnisperoxíði og perediksýru skal við prófun á rannsóknarstofu (sjá *Manual of Tests and Criteria*, II. hluta, kafla 20) hvorki springa í loftfirrtu ástandi né fuðra upp, og skal við upphitun í lokuðu rými ekki sýna á nokkurn hátt að blandan hvarfist eða hafi sprengivirkni. Þessi blanda skal vera varmafræðilega stöðug (sjálfhraðandi sundrunarhiti 60°C eða meira fyrir 50 kg pakkningu) og skal innihalda vökva sem blandast við perediksýru sem gerir blönduna minna viðkvæma. Efni, sem ekki uppfylla þessar kröfur, falla undir flokk 5.2 (sjá *Manual of Tests and Criteria*, II. hluta, kafla 20.4.3g).
- 554 Málmhýdríð, sem mynda eldfimt gas þegar þau komast í snertingu við vatn, eru efni í flokki 4.3. UN 2870 álborhýdríð og UN 2870 álborhýdríð í búnað eru í flokki 4.2.
- 555 Óeitrað ryk og duft frá málmum, í ósjálfhendrandi formi sem þó myndar eldfimt gas þegar það kemst í snertingu við vatn, eru efni í flokki 4.3.
- 556 Málmfræn sambönd og lausnir þeirra, sem eru sjálfhendrandi, eru efni í flokki 4.2. Eldfimar lausnir með málmfrænum samböndum í þeim styrkleika, að í snertingu við vatn mynda þau hvorki eldfimt gas í hættulegu magni né eru sjálfhendrandi, eru efni í flokki 3.
- 557 Málmryk og duft í brennanlegu ástandi eru efni í flokki 4.2.
- 558 Málmar og málmblöndur, sem eru eldsmatur, eru efni í flokki 4.2. Málmar og málmblöndur, sem ekki mynda eldfimt gas þegar þau komast í snertingu við vatn og eru ekki eldsmatur eða sjálfhitandi en sem auðvelt er að brenna, eru efni í flokki 4.1.
- 559 Ekki er leyfilegt að flytja blöndur sem samanstanda af hýpóklórít og ammóníumsöltum. UN 1791 hýpóklórítlausn er efni í flokki 8.
- 560 UN 3257 upphitað fljótandi efni N.O.S. (þar með talinn bráðinn málmur og bráðið salt) við hitastig 100°C eða meira og við hitastig, sem er lægra en blossamark þess þegar um er að ræða efni sem hefur blossamark, fellur í flokk 9.
- 561 Klórformíöt, sem aðallega hafa ætandi eiginleika, eru efni í flokki 8.
- 562 Sjálfhendrandi málmfræn sambönd eru efni í flokki 4.2. Málmfræn sambönd, sem mynda eldfimt gas þegar þau komast í snertingu við vatn, eru efni í flokki 4.3.
- 563 UN 1905 selensýra er efni í flokki 8.
- 564 UN 2443 vanadíumoxýtríklóríð, UN 2444 vanadíumtetraklóríð og UN 2475 vanadíum-tríklóríð eru efni í flokki 8.
- 565 Undir þessa grein fellur óskilgreindur úrgangur sem kemur frá lækni- eða dýralækni-fræðilegri meðhöndlun á fólki eða dýrum eða frá líffræðirannsóknum og líkindin fyrir að hann innihaldi efni sem tilheyrir flokki 6.2 eru lítil. Sótthreinsaður klínískur úrgangur eða úrgangur ættaður úr líffræðirannsóknum, sem hefur áður innihaldið smitandi efni, fellur ekki undir ákvæðin fyrir flokk 6.2.
- 566 UN 2030 hýdrasín, vatnslausn með meira en 37% hýdrasín af þunga, er efni í flokki 8.
